

16

Eistlendingar
í veitingarekstri á Þórshöfn

22

Mörg afburðalömb á landsvísu

24

Dreymir stundum
sápur á nóttunni

Bændablaðið

20. tölublað 2014 ● Fimmtudagur 23. október ● Blað nr. 429 ● 20. árg. ● Upplag 63.000



Birkir Arnar Tómasson, bóndi á Móeiðarhvoli í Rangárvallasýslu, segir ákvörðunarfærni ríkja í afstöðu til þess hvort leyfa skuli ræktun á nýju mjólkurkúakyni á Íslandi. Á innfelldu myndinni má sjá hvar fjósið er að rísa neðan við eldri gripahúsin á bænum. Myndir / HKr.

Ábúendur á Móeiðarhvoli tvöfalda fjósrýmið með nýbyggingu að hollenskri fyrirmynd:

Gert klárt fyrir stórgerðara kúakyn ef leyfi verður veitt

Birkir Arnar Tómasson og Bóel Anna Þórisdóttir, bændur á Móeiðarhvoli í Rangárvallasýslu, eru að byggja nýtt 130 kúa fjós við bæinn. Það er um 1.500 fermetrar að grunnfleti og mun tvöfalda húsakostinn fyrir nautgripi á bænum.

Nýja fjósið er allt steinsteypt og hannað að hollenskri fyrirmynd. Birkir segir að það verði vissulega eitthvað dýrara en stálgrindarhús, en á móti komi lengri endingartími. Fjósið sé líka rúmgott og með fleiri fermetra á hverja kú en hefðbundið er í íslenskum fjósum. Það geti því hentað vel fyrir stórgerðara kúakyn en það íslenska. Segir hann að fleiri bændur hafi farið svipaðar leiðir í nýbyggingum á síðustu árum.

Ákvarðanafærni hjá ráðamönnum varðandi nýjan kúastofn

Mest hefur verið í umræðunni að fá erfðafærni úr norskum kúm til að kynbæta þann íslenska eða rækta upp nýjan stofn. Birkir segist ekki vita nákvæmlega hvers vegna menn séu endilega að tala um norskur kýr í þessu sambandi fremur en kýr af öðrum stofnum. Sennilega

séu það þó heilbrigðisástæður sem ráði þar för. Hann telur þó verst að í allri þeirri umræðu ríki mikil ákvörðunarfærni og greinilegt að í kerfinu þori menn ekki að taka afstöðu og segja af eða á.

Segir íslenskar kýr ekki þola svona mikla framleiðslu

„Íslenska kýrin er góð út af fyrir sig, en hún þolir ekki svona miklar kröfur um afurðir eins og gerðar eru til hennar. Þess vegna hefði ég viljað bæta hana, en fyrst vil ég að menn þori að taka ákvörðun um að leyfa slíkt eða ekki. Ef menn segja hreint út að þetta verði ekki leyft, þá vinnum við auðvitað út frá því, en þá verða menn líka að sætta sig við að mjólkinn verði dýrari en annars væri mögulegt.“

Heilsufarsafföll íslenska stofnsins fátæknilega mikil

„Gripirnir sem menn eru að hugsa um að fá eru stærri og heilsuþróaðari. Því segi ég að ef þetta eru kýr með spenana á réttum stað, þótt þeir séu kannski eilítið stærri en íslensku kýrnar og þótt þær mjólki það sama

og íslensku kýrnar, þá yrðum við samt í góðum málum með að skipta út stofninum. Ástæðan er sú að heilsufarsafföllin af okkar kúastofni eru hreint fátæknileg. Heilsufarið er afskaplega lélegt og kálfadauði ótrúlega mikill ásamt jógurbólgu og öðru. Að fá íslenskar kýr til að halda eða mjólka aðeins meira en meðaltalið er ekkert grín. Menn geta auðvitað sagt að ég sé búskassi og kunni þetta ekki, en ég veit að þetta er víðar svona hjá mönnum sem þekktir eru fyrir að kunna vel til verka í kúabúskap.“

Byrjar með tvo mjaltapjóna

Birkir segir að til að byrja með verði hann með tvo mjaltapjóna í fjósinu, en þeir eiga hvor um sig að geta annað 60 til 70 kúm þegar best lætur. Undir fjósinu öllu er haughús og mun það líka nýttast gamla fjósinu á bænum. Hann segist ekki hafa farið út í að vera með söfnunartanka fyrir utan húsið eins og þekkist víða erlendis. Þar eru slíkir tankar einmitt töluvert notaðir til söfnunar á metangasi sem síðan er nýtt til orkuframleiðslu. Hann segir ástæðuna fyrst og fremst vera hagkvæmnissjónarmið.

Það hafi þurft að grafa niður á fast fyrir fjósinu á Móeiðarhvoli. Því hafi verið skynsamlegast að nýta grunninn fyrir haughús í stað þess að fylla hann upp með mól. Þá segist Birkir hafa kynnt sér hvernig þróunin sé í slíkum byggingum úti í Evrópu. Þar séu menn einmitt mikið að hverfa aftur til þess að vera með haughús undir gripahúsunum, en beita nýrri tækni þannig að hvorki sé hætt á gas- eða lyktaruppstreymi og eru gúmmilokur sem hindra það. Þeirri tækni verður þó ekki beitt til að byrja með í nýja fjósinu á Móeiðarhvoli, þótt vel megi koma henni fyrir síðar meir.

Hyggst hefja mjaltir í nýja húsinu fyrir áramót

– Hvenær verður nýja fjósið svo tilbúið?

„Það stóð nú til að byrja að mjólka í fjósinu fyrir áramót. Það má þó ganga ansi vel svo af því geti orðið. Framkvæmdir gengu mjög vel í sumar, en svo gekk ekkert í september út af veðri. Það var t.d. ekki hægt að hreyfa byggingakrana hér í langan tíma,“ sagði Birkir.

/HKr.

Landsmót í uppnámi

Samkvæmt heimildum Bændablaðsins er engin lausn í sjónmáli varðandi fyrirkomulag og staðarval á næsta Landsmóti hestamanna.

Það hefur verið frekar regla en undantekning að deilur hafi spunnist í kjölfar staðarvals Landsmóts sem haldið er annað hvert ár. Það breyttist ekkert á stormasömu landsþingi Landssambands hestamanna (LH) sem haldið var á Selfossi um liðna helgi. Í kjölfar heittrar umræðu um mál er tengjast Landsmóti og staðarvali þeirra, sagði Haraldur Þórarinnsson, formaður Landssambands hestamanna, af sér og gerði stjórn félagsins slíkt hið sama. Fráfarandi stjórnarmenn hafa þó tekið að sér að starfa sem starfsstjórn fram til 8. nóvember næstkomandi þegar landsþingi verður fram haldið. Lýst hefur verið eftir framboðum til nýrrar stjórnar LH sem kosin verður á framhaldsþinginu.

– Sjá frekari umfjöllun og viðtal við fráfarandi formann LH á bls. 4

MS kærir til áfrýjunarnefndar samkeppnismála

Í yfirlýsingu frá Mjólkursamsölu kemur fram að MS hafi kært til áfrýjunarnefndar samkeppnismála niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins þess eðlis að fyrirtækið hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína.

MS krefst þess að niðurstaða Samkeppniseftirlitsins og sekt upp á 370 milljónir króna verði felld niður og grundvallar kröfu sína á því að niðurstaða eftirlitsins byggist á nýrri og fordæmalausri túlkun á búvörulögum. Auk þess telur MS að stórfelldir annmarkar séu á málsmeðferð sem áttu að verða til niðurfellingar málsins.

Einar Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölu, segir í viðtali við Bændablaðið að hann telji úrskurð Samkeppniseftirlitsins byggja á grundvallarmisskilningi á eðli viðskiptanna sem áttu sér stað og sé að leggja að jöfnu ólík viðskipti. „Annars vegar skilmálalausa sölu á mjólk til þeirra sem hafa frjálsar hendur við vinnslu hennar og miðlun á mjólk innan framleiðslusamstarfs MS og Kaupfélags Skagfirðinga og við byggjum okkar vörn á stórum hluta á því.“ Hann segir einnig að hugmyndin að baki því að veita MS undanþágu frá samkeppnislögum byggji á því að ábatinn af rekstrinum, með aðhaldi frá verðlagsnefnd búvara, skili sér til bænda og neytenda. Fjallað er um málefni MS á blaðsíðum 26 til 29. /VH

Fréttir

Íslendingar 328.170

Í lok 3. ársfjórðungs 2014 bjuggu 164.710 karlar og 163.460 konur eða samtals 328.170 manns á Íslandi samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Hafði landsmönnum fjölgað um 1.130 á ársfjórðungnum. Erlendir ríkisborgarar voru 23.840 og á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 210.660 manns.

Á 3. ársfjórðungi 2014 fæddust 1.200 börn, en 510 einstaklingar létust. Á sama tíma fluttust 420 einstaklingar til landsins umfram brottflutta. Brottfluttir einstaklingar með íslenskt ríkisfang voru 440 umfram aðflutta, en aðfluttir erlendir ríkisborgarar voru 860 fleiri en þeir sem fluttust frá landinu. Fleiri karlar en konur fluttust frá landinu.



Vilja ljósleiðara í Ásahrepp

Hreppsnefnd Ásahrepps vill skoða möguleikann á lagningu ljósleiðara í hreppinn. Á fundi hreppsnefndar fyrir skömmu greindi Ingólfur Bruun frá því að lagning ljósleiðara í Mýrdal hefði gengið vel, en væri ekki að fullu lokið.

Hann mælti með að hreppsnefnd Ásahrepps myndi hitta forsvarsmenn verkefnisins í Mýrdal og kynna sér það. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hver hönnunarkostnaður yrði fyrir ljósleiðaravæðingu Ásahrepps.

Ingólfur mælti með að fyrirtækin Heflun ehf. og Leiðarinn ehf. yrðu fengin til að vinna verkið og að notaðir verði tengiskápar í stað tengibrunna. Hann lagði einnig til að sveitarfélagið eða dótturfyrirtæki þess verði eigandi allra lagna og að samið verði við fjarskiptafyrirtæki um rekstur kerfisins.

Hreppsnefnd Ásahrepps leggur áherslu á að vandað verði til undirbúnings fyrir ljósleiðaralögn í hreppinn og að verðkönnun verði gerð á sem flestum verkþáttum og efni til verksins. Oddvita var falið að skipuleggja heimsókn til fyrirtækisins Líf í Mýrdal til að kynna sér viðhorf verkkaupa í Mýrdal. /VH

Rafrænir reikningar frá BÍ vegna Fjarvis

Bændasamtök Íslands hafa nýlega sent út rafræna reikninga fyrir árgjöldum af FJARVIS. IS, skýrsluhaldsforritinu í sauðfjárrækt.

Aðgangur að FJARVIS.IS veitir jafnframt aðgang að nýja sauðfjárræktarforritinu, LAMB, en sömu aðgangsorð gilda. Sami háttur var hafður á við útsendingu á árgjöldum fyrir JÖRÐ, skýrsluhaldsforritið í jarðrækt, og HUPPU, skýrsluhaldsforritið í nautgriparækt, þegar reikningar voru sendir út fyrir árgjöldum fyrr á árinu.

Rafrænir reikningar birtast sem krafa í heimabanka og reikningurinn undir „Rafræn skjöl“. Þeir sem vilja áfram fá senda reikninga í pósti er bent á að hafa samband við skrifstofu Bændasamtakanna hið fyrsta. Hægt er að hafa samband á skrifstofutíma símileiðis í síma 563-0300, en einnig er unnt að senda tölvupóst á jl@bondi.is með öllum nauðsynlegum upplýsingum.

Landssamband kúabænda hefur áhuga á að kaupa Nautastöð Bændasamtaka Íslands:

Eðlilegt að búgreininin beri ábyrgð á ræktunarstarfinu

Viðræður standa yfir milli Landssambands kúabænda og Bændasamtaka Íslands um að LK kaupi Nautastöð BÍ að Hesti í Borgarfirði. Ekki er enn ljóst hvort af kaupunum verði en það skýrist fljótlega.

Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, segir að viðræður um kaup LK á Nautastöð Bændasamtaka Íslands standi yfir en endanleg ákvörðun um kaupin hafi ekki enn verið tekin. „Frumkvæði að viðræðunum er komið frá okkur og Bændasamtökin hafa líka sýnt málinu áhuga. LK vill að búgreininin taki stöðina yfir og beri þannig sjálf ábyrgð á ræktunarstarfinu. Þannig er það hjá öðrum búgreinum og okkur finnst það sama eigi að gilda um nautgriparæktina.“

Ákvörðunar að vænta fljótlega

Að sögn Baldurs skýrist fljótlega hvort af kaupunum verður en stjórn BÍ mun væntanlega taka málið fyrir fljótlega og taka ákvörðun um



Sæðisnaut á Nautastöðinni að Hesti í Borgarfirði.

áframhaldið. Baldur segir að meðal annars sé ekki búið að semja um endanlegt verð enn.

20 til 30 naut til sæðistöku

Nautastöð Bændasamtaka Íslands

er á Hesti í Borgarfirði. Á hverju ári eru keyptir um 70 smákálfar að Nautastöð BÍ að Hesti og úr hverjum árgangi koma 22 til 30 naut til sæðistöku, önnur eru felld vegna þess að þau þroskast ekki, stökkva ekki eða mæður þeirra falla

Bændur á Móeiðarhvoli hyggjast hætta kornrækt að mestu:

Álft og gæs étur um þriðjung uppskerunnar

– Getum ekki barist endalaust við þetta og borgað að auki eldið á þessum fuglum, segir ábúandi

Birkir Arnar Tómasson, bóndi á Móeiðarhvoli, segir að af því sem hann hafi náð í hús hafi fengist 5,3 tonn af þurrum höfnum á hektara sem þyki gott. Hefur Birkir haft samvinnu við félaga sinn, Massimo Luppi, sem er af ítölskum uppruna, um akuryrkjuna, en hann er mikill áhugamaður um kornrækt og hefur leigt þarna akurlendi til ræktunar.

„Hafrarnir voru af ökrum þar sem engin afföll urðu. Byggði er hins vegar allt meira og minna brotið niður og þar hefur álft og gæs eyðilaggt mikið. Það eru t.d. um 15 hektarar sem við reynum ekki einu sinni að fara með vélarnar á.“

Tjónið nemur milljónum króna

Birkir segir að þar sem svo langt sé komið fram á haust hafi fuglinn lagst enn meira á akrana en ella.

„Hér í kringum mig hleypur tjónið á nokkrum milljónum króna aðallega af völdum álfta. Það er auðveldara að reka gæsina á brott. Hún er mun styggari og ef maður nær að reka hana á brott að morgni, þá lætur hún ekki sjá sig allan daginn.

Öðru máli gegnir um álftina. Hún hræðist manninn ekki og er kominn aftur í akurinn nokkrum mínútum eftir að hún hefur verið rekin á brott. Þá hefur afkoman hjá álftinni verið mjög góð í sumar og maður sér álftina hvergi með færri unga en fimm. Allt þarf þetta að éta og eiga þeir örfáu aðilar sem eru að burðast við kornrækt í landinu að halda uppi þessum stofni? Ég ætla ekki að taka þátt í því lengur og við félagi minn sem er í samvinnu við mig munum ekki sá í meira en við getum algjörlega varið fyrir fugli. Það verður til þess að ég verð að kaupa miklu meira af innfluttu fóðri þó ég hefði þurft að auka kornræktina um leið og ég fjölga



Frjósemin í álftastofninum á Íslandi hefur verið sérlega mikil á undanfórnum árum. Hér er álftapar með sex unga á Tjörn í Borgarfirði í sumar. Birkir bóndi á Móeiðarhvoli segir færast álftir sem hann hafi séð í sumar hafa verið með færri en fimm unga, sem þurfi mikið fóður í uppvextinum.

Myndir / HKr.



Sprettan á kornökrunum á Móeiðarhvoli var góð í sumar en óveður ásamt ágangi gæsa og álfta hafa þó eyðilaggt drjúgan hluta uppskerunnar í haust.

nautgripunum.“

Þriðjungur kornsins fer í að ala álft og gæs

„Nú er þetta stórtjón og mikið meira en í fyrra af völdum fugla. Þá náðum við meiru af korninu í hús áður en fuglinn kom. Sennilega var það

vegna þess að varpið hófst þá mun seinna vegna vorkulda og fuglinn kom því líka seinna niður í byggð með ungvíðið. Í sumar verpti fuglinn fyrr vegna meiri hita og kom því fyrr í akrana. Svo var september erfiður vegna veðurs þannig að við réðum ekki neitt við þetta.

Nú er svo komið að við sem

í kynbótamati. Í stöðinni á Hesti eru 24 sæðisnautastíur, fjórar stíur fyrir uppeldið, sem geta tekið kálfa og svo einangrunarstöð sem tekur 12 kálfa.

Árlega eru teknir á bilinu 120 til 170 sæðisskammtar úr nautum á stöðinni og rúmlega 50 þúsund eru sendir til frjótækna um allt land.

Aðstæður í stöðinni eru eins og best verður á kosið og hún uppfyllir kröfur Evrópusambandsins um útflutning á nautasæði. Starfsmenn stöðvarinnar eru tveir.

Áhugi fyrir útflutningi á nautgripasæði úr íslenskum nautum

„Landssambandi kúabænda berast á hverju ári fyrirspurnir um sæði úr íslenskum nautum erlendis frá og okkur langar til að skoða þann möguleika frekar og flytja út íslenskt nautgripasæði sé markaður fyrir það,“ segir Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, að lokum. /VH

unnið höfum að kornræktinni hér í sameiningu munum hætta þessu að mestu. Við verðum annaðhvort að sætta okkur við að 30 prósent af því sem við ræktum fljúgi burt, eða að við kaupum kornið erlendis frá.“

Enginn vilji til að taka á málinu

Er ekki óhagstætt fyrir þjóðarbúið ef þið þurfið að fara að verja auknum gjaldeyri til fóðurkaupa?

„Ég hefði talið það og að við ættum að reyna að framleiða alla þá matvöru sem við getum hér á landi, en það virðist bara ekki skipta ráðamenn neinu máli. Við erum búnir að benda á þetta í tíu ár eða meira, en það er eins og að berja hausnum við stein. Það hefur ekkert gerst og enginn vilji til að taka á málinu. Þeir sem ráða eru greinilega á annarri skoðun en við og vilja flytja þetta allt inn með tilheyrandi gjaldeyrisútlátum. Við getum bara ekki barist endalaust við þetta og borgað að auki eldið á þessum fuglum, það gengur bara ekki upp,“ segir Birkir. /HKr.

Meiri mjólk!

Áfram með SMJÖRIÐ!



Landstólpi hefur í hópi viðskiptavina sinna mörg af afurðahæstu búum landsins. **Það er engin tilviljun.** Með tilkomu FatBooster sl. vetur var aukinni eftirspurn á fitu svarað með afgerandi hætti með fóðri sem virkar. **Það er engin tilviljun.** Landstólpi hefur verið ört vaxandi á fóðurmarkaði á Íslandi sl. 3 ár og er með hóp ánægðra viðskiptavina. **Það er engin tilviljun.** Landstólpi hefur í samstarfi við DeHeus yfir að ráða yfirgripsmikilli þekkingu þegar kemur að fóðrun mjólkurkúa.

Sláist í för með okkur -

á fyrirlestrum umhverfis landið og sjáið inn í heim alþjóðlegra fagmanna í fóðrun mjólkurkúa.

- Hvernig framleiðum við meiri mjólk?
- Hvernig framleiðum við meiri mjólkurfitu
- Fóðrun geldkúa - Kjarnfóður fyrir burð?
- Kjarnfóðurgjöf með hliðsjón af mjólkurkúrfu
- Hagfræðin: Hverju skilar meiri fita, hverju má kosta til?

VERÐLAUNAGETRAUN:

Þátttakendur eiga kost á að vinna utanlandsferð fyrir tvo eða 250.000 kr. fóðurúttekt hjá Landstólpa ehf.



Johan Verhoek
Sérfræðingur í fóðrun
mjólkurkúa hjá **de Heus**



Bernard Klaassen
Útflutningsstjóri hjá
de Heus

NORÐURLAND

Mánudaginn
27. október

Kl. 11:30 - 14:30

Vélaval ehf.
Varmahlíð

NORÐURLAND

Þriðjudaginn
28. október

Kl. 11:30 - 14:30

Félagsheimilið
Hlíðarbær

AUSTURLAND

Miðvikudaginn
29. október

Kl. 11:30 - 14:30

Fjóshornið
Egilsstöðum

SUÐURLAND

Fimmtudaginn
30. október

Kl. 11:30 - 14:30

Landstólpi ehf.
Gunnbjarnarholti

VESTURLAND

Fimmtudaginn
30. október

Kl. 20:30 - 23:30

Bændaskólinn
Hvanneyri (matsalur)

Boðið verður uppá hádegisverð og kaffi
Allir velkomnir

Fyrirlestrarnir verða þýddir



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
Sími: 480 5600
landstolpi.is

Fréttir

Bjóða vetur konung velkominn með hrútaþukli í 101 Reykjavík

Laugardaginn 25. október, fyrsta vetrardag, verður kjöt-súpudagurinn á Skólavörðustíg haldinn hátíðlegur, tólfta árið í röð.

Dagskrá hefst klukkan 14 með því að fönfum í Hegningarhúsinu verður færð rjúkandi góð kjötsúpa. Strax í kjölfarið gefst almenningi kostur á að gæða sér á rjúkandi heitri súpu á nokkrum stöðum í götunni.

Að loknu súpusmakki, kl. 16.15, verður hrútaþukli á KEX Hostel við Skúlagötu. Hrútaþukli er keppni þar sem menn spreya sig á að dæma hrúta og meta hvernig þeir henta til kynbóta. Þjóðþekktir einstaklingar munu taka þátt og mun hæfasti þuklarinn hljóta vegleg verðlaun.

Böðvar E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri KEXLAND, segir að mikil tilhlökkun ríki í sínum herbúðum fyrir laugardeginum.

„KEX hefur verið í góðu samstarfi við Landssamtök sauðfjárbænda og hófst það með rúningskeppni sem haldin var á KEX í vor og kallast Gullnu klippurnar. Okkur í KEXLANDI þykir vænt um íslensku sauðkindina og viljum veg hennar sem mestan. Því kviknaði sú hugmynd að fá íslensku sauðkindina í 101 Reykjavík til að kynna borgarbörnum ágæti hennar, þ.e., ef þú kemst ekki í sveitina þá færum við sveitina til ykkar. Hrútaþuklið er eðlilegt framhald Gullnu klippanna og einnig fannst okkur við hæfi að bjóða vetur konung velkominn með þessum viðburði. Hvað er meira íslenskt en hrútaþukli á KEX og ekki skemmir



Böðvar E. Guðjónsson.

fyrir að við munum bjóða gestum og gangandi upp á rammíslenska kjötsúpu meðan á viðburðinum stendur.“

Þekktir einstaklingar koma að dæma hrútana og einnig munu vanir dómamar taka þátt í þuklinu. Enn fremur mun kynnisr lýsa því sem fram fer þannig að þetta er viðburður sem ekki einungis gleður heldur fræðir á sama tíma. Meðal dómara má nefna Guðmund Jörundsson fatahönnuð, Bjarna Snæðing og hjónin geðþekku, Magna og Hugrónu í KronKron.

/ehg

Ný drög að reglugerð um velferð alifugla eru harðlega gagnrýnd

Vinna við reglugerðir um velferð búfjár og gæludýra hefur verið í gangi í atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu frá síðastliðnu vori. Í annað sinn eru kominn fram drög að reglugerð um aðbúnað alifugla. Velbú, samtök um velferð dýra, og Dýraverndarsamband Íslands (DÍS) gagnrýna einnig nýju drögin harkalega í umsögunum sínum.

Er sérstaklega fundið að því í athugasemdum Velbús að ekki sé byggt á þeim andblæ sem birtist í nýjum lögum um velferð dýra, sem tóku gildi í byrjun þessa árs. Þá er sérstaklega tiltekið í umsögununum að samkvæmt nýjum drögum verði goggstýfing heimil á varpfuglum og er það nýtt frá núgildandi reglum – og því mótmæla Velbú og DÍS harðlega. Einnig eru gerðar athugasemdir um að heimildum um hámarks þéttleika við alifuglahald sé ekki breytt frá fyrri

drögum, en í nýjum drögum er gert ráð fyrir heimild til aukins þéttleika í eldi alifugla. DÍS tiltekur einnig, þrátt fyrir ýmsar aðfinnslur, að eitt og annað í nýjum drögum sé til bóta. Meðal annars sé til bóta að tillit hafi verið tekið til fyrri athugasemda um hámark hljóðmengunar, um styttingu tíma til að setja upp klóslípibúnað, um að endur og gæsir njóti örugglega lausagöngu og hafi aðgang að vatni til böðunar og loks að mæling á ammoníaki skuli vera í sömu hæð og fuglamir sjálfir.

Fyrir skemmstu var útgefin reglugerð um velferð hrossa og gerir Matvælastofnun grein fyrir henni hér í blaðinu á blaðsíðu 46. Aðrar reglugerðir eru í vinnslu, en samkvæmt upplýsingum úr atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu eru reglugerðir um velferð nautgripa og velferð sauðfjár og geitfjár hvað lengst komnar.

/smh

Haraldur Þórarinnsson, formaður LH, tilkynnti afsögn á átakamiklu landsþingi:

Sagði best að taka pokann sinn

– í kjölfar ásakana um lögbrot og óheiðarleika

Mikil óvissa ríkir nú um með hvaða hætti og hvar næsta Landsmót hestamanna verði haldið eftir alvarlegar deilur sem upp komu á landsfundi Landssambands hestamanna.

Það hefur verið frekar regla en undantekning að deilur hafi spunnist í kjölfar staðarvals Landsmóts sem haldið er annað hvert ár. Saga Landsmótanna nær aftur til 1950 þegar fyrsta Landsmótið var haldið á Þingvöllum. Þar voru sýnd 133 hross, kynbótahross, gæðingar og kappreiðahross.

Landsmót er í dag einkahlutafélag og að 2/3 hluta í eigu Landssambands hestamannafélaga (LH) og að 1/3 hluta Bændasamtaka Íslands. Í skjóli eignarhalds hefur LH haft úrslitaáhrif á ákvarðanatöku í gegnum árin.

Sakaður um óheiðarleika

„Þegar sú staða kemur upp að ég er ásakaður um óheiðarleika og að brjóta lög í starfi mínu, starfi sem ómældur tími fer í, allur í sjálfböðavinnu, er ekki um annað að ræða en taka pokann sinn,“ segir Haraldur Þórarinnsson, sem sagði af sér formennsku í Landssambandi hestamanna á stormasömu landsþingi LH sem haldið var á Selfossi um liðna helgi. Það gerði hann í kjölfar heitrar umræðu um mál er tengjast Landsmóti og staðarvali þeirra.

Stjórn félagsins gerði slíkt hið sama. Fráfarandi stjórnarmenn hafa tekið að sér að starfa sem starfsstjórn fram til 8. nóvember næstkomandi þegar landsþingi verður fram haldið. Lýst hefur verið eftir framboðum til nýrrar stjórnar LH sem kosin verður á framhaldsþinginu.

Landsbyggð og þéttbýli att saman

„Ég átti satt best að segja ekki von á svona miklum látum og þeirri heift sem ríkti meðal ákveðins hluta þingfulltrúa. Ég hélt að hestamenn væru tilbúnir að ræða nálefnir Landsmótsins á málefnalegum grunni en ekki með upphrópunum og rangfærslum þar sem höfðað var til tilfinninga og landsbyggð og þéttbýli att saman í stað þess að fá fram efnislega umræðu um landsmótsmálin og hvernig þeim verði best hagað til framtíðar lítið, með hagsmuni íslenska hestsins að leiðarljósi,“ segir Haraldur.

Segir hann að málið hafi verið tekið inn á dagskrá þingsins í þeirri von að menn ræddu þau af heiðarleika á málefnalegan hátt og veltu upp mismunandi sjónarmiðum af hlutleysi.

„Það var hópur reyndra félagsmálamanna á þinginu með stuðningi ákveðinna sveitarfélaga, sem ekki hafa staðið með afgerandi hætti við bakið á svæðunum og gert við þau rekstrarsamninga, sem tókst að etja saman landsbyggð og þéttbýli þar sem alið var á því að allt væri á förum til Reykjavíkur með tilheyrandi tilfinningaþunga. Umræðan komst aldrei upp úr því fari þótt það hafi verið reynt af nokkrum fulltrúum.“

Breytingar á staðarvali Landsmóts 2016 hleyptu illu blóði í landsþingsfulltrúa

Það sem hleypti hinu illa blóði í hestamenn á landsþinginu var að stjórn LH hafði ákveðið að hefja samningaviðræður við Gullhyl ehf., félag hestamannafélaga í Skagafirði,



um að halda næsta Landsmót, árið 2016, en í byrjun mánaðar var samþykkt að draga þá ákvörðun til baka og semja þess í stað við hestamannafélagið Sprett í Kópavogi og Garðabæ um að halda mótið. Þá hafði stjórn ákveðið að ganga til viðræðna við Fák í Reykjavík um að halda Landsmót árið 2018.

Skagfirðingum var tilkynnt um breytingar fáum dögum fyrir landsþing. Þeir lögðu á þinginu fram tillögu þess efnis að stjórn LH myndi draga til baka þá ákvörðun sína að halda ekki Landsmót á Vindheimamelum árið 2016. Tillagan var samþykkt.

Þarf að hefja umræðuna upp úr staðarvalsfarinu

Haraldur segir að Skagfirðingum hafi verið gerð grein fyrir ástæðum þess að viðræðum við Gullhyl vegna Landsmóts 2016 á Vindheimamelum var slitið.

„Ég hef fullan skilning á því hversu mikilvægt er fyrir viðkomandi svæði að fá Landsmót, en að mínu mati þurfum við að hefja umræðuna upp úr þessu staðarvalsfari með tilheyrandi tilfinningaþrunga.

Málið snýst fyrst og fremst um íslenska hestinn, hvernig við til framtíðar eflum hestamennsku í landinu, aukum nýliðun og skoðum með hvaða hætti við stöndum sem best að Landsmótum með hagsmuni íslenska hestsins í fyrirrúmi.

Umræða af því tagi sem fram fór á landsþingi, þar sem sjónum var einkum beint að staðarvali heldur landsmótsmálum í gíslingu, það verður engin framþróun og það er sorglegt,“ segir Haraldur.

Ekki tilbúinn að taka áhættuna

Hann bendir á að frá því stofnað var einkahlutafélag um rekstur Landsmóta hafi slík mót verið haldin 7 sinnum. Eitt hafi farið fram í Reykjavík, árið 2012, hin á landsbyggðinni, þrjú á Vindheimamelum í Skagafirði og jafnmörg á Gaddstaðflötum við Hellu. Lagt hafi verið upp með að næsta mót yrði fyrir norðan, en við nánari skoðun með hliðsjón af rekstraráhættu og aðstöðuleysi hafi ákvörðun verið breytt.

Slæmt veður, rok og rigning hafi einkennt þrjú síðustu mót

„Við vorum ekki tilbúin að taka slíka áhættu aftur, vissulega getur líka verið leiðindaveður á höfuðborgarsvæðinu en þar eru betri aðstæður til að bregðast við,“ segir hann. Bendir hann m.a. á að aðstæður sem Sprettur hafi yfir að ráða



Haraldur Þórarinnsson.

séu mjög góðar og að hluta til hægt að færa mótskald inn. Einnig mætti bjóða upp á landbúnaðarsýningu eða aðrar kynningar og uppákomur í Kórnum sem Sprettur hefur yfir að ráða.

Aðstaða á Vindheimamelum ekki fullnægjandi

„Það stóð ekki annað til en að hefja samningaviðræður við Skagfirðinga um mótskaldið 2016, við veltum málum gaumgæfilega fyrir okkur m.a. með tilliti til þeirra krafna sem gerðar eru til landsmótssvæðanna. Aðstaðan á Vindheimamelum er ekki fullnægjandi. Mótin hafa stækkað og eiga mikla möguleika ef þeim er búin rétt umgjörð.

Ljóst er að heimamenn hefðu þurft að leggja í mikinn kostnað til að gera svæðið sambærilegt við önnur sem eru í boði, spyrja verður hvort réttlætianlegt sé að gera slíkar kröfur til þeirra t.d. bara miðað við nýtingu á slíkri fjárfestingu, okkar niðurstaða var sú að svo væri ekki,“ segir Haraldur.

Flairi ástæður liggi að baki viðræðuslitum og þær hafi verið tíundaðar í bréfi til heimamanna.

Bar brátt að

Skagfirðingar lögðu sem fyrr segir fram tillögu á landsþingi um að ákvörðun stjórnar yrði dregin til baka. Samkvæmt lögum sambandsins eiga tillögur sem fyrir þingið eru lagðar að koma fram 8 vikum fyrir þing og eða samþykktar með tveimur þriðju hluta þingfulltrúa.

Haraldur segir að mistök hafi verið gerð á þinginu varðandi innkomu tillögunnar, en ekki hafi verið talið hvort nægilegur fjöldi stæði á bak við hana. Tillagan hafi því ef til vill komið ólöglega inn til umfjöllunar.

„Í tillögunni er undir rós verið að lýsa vantrausti á okkur stjórnarmenn, við erum vænd um óheiðarleg vinnubrögð og lögbrot. Ég viðurkenni að þessi mál bar nokkuð brátt að af okkar hálfu og fyrirvarinn var stuttur, við tilkynntum um okkar niðurstöðu nokkrum dögum fyrir landsþing. Það hefði mátt standa með öðrum hætti að málum, m.a. með því að tilkynna um breytta tilhögun næsta Landsmóts eftir landsþing, en okkur fannst heiðarlegra að koma hreint fram og láta vita strax. Við vorum sökuð um að koma óheiðarlega fram og að fremja lögbrot, sem stenst ekki en þegar maður finnur fyrir þessu vanþakklæti á sín störf fyrir sambandið er best að yfirgefa sviðið og njóta lífsins á annan hátt,“ segir Haraldur.

/MDÞ

hönnun • umbrot • auglýsingar • prentun

Hvaðeina sem þarf að prenta:

- Boðskort
- Bæklinga
- Bréfsefni
- Nafnspjöld
- Sálmaskrár
- Plastkort
- Dreifimiða
- Reikninga
- Skýrslur og sönghefti

FRUM ...góður punktur

Grensásvegur 12A • Sími 568 1000 • frum.is

www.n1.is

facebook.com/enneinn

Cooper undir jeppann í vetur

Jeppaeigendur þekkja að við íslenskar aðstæður veltur mikið á að hjólbarðarnir séu af bestu gerð. Láttu dekkinn frá Cooper draga fram það besta í jeppanum þínum í vetur.



Cooper Discoverer M+S 2

- Nýtt og endurbætt vetrardekk með öflugum gripi
- Mikið skorið og neglanlegt fyrir veturinn
- Hentar íslenskum aðstæðum enda hannað fyrir norræna vegi



Cooper Discoverer M+S

- Vetrardekk fyrir jeppa, mikið skorið með sérhönnuðu snjómyndstri
- Neglanlegt með nákvæmri röðun nagla sem grípur vel á hálum vegum
- Endist vel og vinsælt sem heilsársdekk



Cooper SA2

- Nýtt óneglanlegt vetrardekk
- Mikið skorið, mjúkt og góðir aksturseginnleikar
- Míkróskorið með góða vatnslosun og magnað veggrip

Hjólbarðapjónusta N1:

Bildshöfða 440-1318
Fellsmúla 440-1322
Réttarhálsi 440-1326
Ægissíðu 440-1320

Langatanga Mosfellsbæ 440-1378
Reykjavíkurvegi Hafnarfirði 440-1374
Grænásbraut Reykjanesbæ 440-1372
Dalbraut Akranesi 440-1394
og verslanir okkar um land allt.

Opið

mánudaga-föstudaga kl. 08-18
laugardaga kl. 09-13

www.n1.is www.dekk.is

N1

TÆKIFAERI TIL AÐ EIGNAST JEPPA ERUM MEÐ NOKKRA **DACIA DUSTER DÍSil**

ÁRGERÐ 2013 Á TILBOÐI

Eldsneytisnotkun frá 5,3 l/100 km*

Fjór hjóladrífur, ríkulega búin og beinskiptir með extra lágum gir.

Yfirfarnir af umboði og í verksmiðjuábyrgð.

**Verð frá
2.780 þús. kr.**

Tökum notaða bíla upp í.



Dacia bílar eru framleiddir af Renault og Nissan í Evrópu.

bíaland

Upplýsingar um bílana veita sölumenn Bíalands
í síma 525 8000 / bilaland@bilaland.is

Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.200 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.600. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300– Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Sími: 563 0303 – Frágangur fyrir prentun: Prentsnið.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Netfang auglýsinga er augl@bondi.is Vefsíða blaðsins er www.bbl.is
Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LEIÐARINN

Matvælaframleiðsla skiptir allar þjóðir máli

Haustið er uppskerutími í landbúnaðinum. Sumarið var víðast hvar gott, en sums staðar óþarflega blautt sem kom niður á fóðurgæðum. Grænmetisuppskeran var góð og nú er sláturtíð að ljúka. Lömb eru að jafnaði talsvert vænni en í fyrra og sláturgerð er að mestu afstaðin.

Nú undir lok sláturtíðarinnar er enn deilt um mikilvæg atriði í landbúnaðarstefnunni. Að flestu leyti er þar um vel þekkt atriði að ræða sem alltaf koma upp með reglulegu millibili.

Málefni mjólkuriðnaðarins hafa verið áberandi. Samkeppniseftirlitið hefur úrskurðað að Mjólkursamsalan hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína og þeim úrskurði hefur verið áfrýjað. Þá liggur fyrir að hækkun heildsöluverðs mjólkurafurða hefur verið ríflega 20% minni en almenns verðlags síðasta áratuginn.

Skipulag mjólkuriðnaðarins er auðvitað ekki hafið yfir gagnrýni – en tilgangur þess er og hefur alltaf verið að reka mjólkurframleiðsluna með sem hagkvæmustum hætti. Í því skyni hefur Mjólkursamsalan skipulagt starfsemina sem eina heild. Á hana eru lagðar ákveðnar skyldur, hún ræður ekki kaup- eða söluverði sinna helstu afurða, en hefur í staðinn haft heimildir fyrir nánara samráði en almennt er leyft.

Rök fremur en blinda trú á markaðslausnir

Komi fram sannfærandi rök fyrir því að hægt sé að tryggja hag framleiðenda og neytenda betur með einhverjum öðrum hætti þá verður að taka það til alvarlegrar skoðunar, en það verður að vera stutt einhverjum sterkari rökum en blindri trú á lausnir markaðarins. Spurningin er og verður: Skilar fyrirkomulagið árangri eða ekki? Á þeim forsendum hafa bændur stutt kerfið og það verður að liggja til grundvallar breytingum.

MS hefði hins vegar þurft að taka betur á málinu því að það er einfaldlega skynsamlegra að hvetja til fjölbreyttara framboðs mjólkurvara. Það er bæði neytendum og framleiðendum til hagsbóta. Bændur vænta þess að fyrirtækið muni draga þann lærdóm af þessu máli.

Tollar eru til að jafna samkeppnisstöðu

Umræða um tollvernd hefur haldið áfram. Tollverndin er önnur megistoðin starfsumhverfis íslensks landbúnaðar. Tollar eru lagðir á til að jafna samkeppnisstöðu íslenskrar búvöruframleiðslu, það er á þær innfluttu búvörur sem eru sambærilegar innlendri framleiðslu. Fjölmargar landbúnaðarvörur sem ekki eru framleiddar hérlandis eru fluttar inn án tolla. Þar má til dæmis nefna hveiti, kornvörur, pasta, hrísgrjón, sykur, matarolíur, ávextir og sumar tegundir grænmetis.

Innlend nautakjötsframleiðsla hefur ekki annað eftirspurn að undanförmu og heimilaður hefur verið ótakmarkaður innflutningur á lágmarkstollum. Spurt hefur verið af hverju tollvernd sé beitt yfirleitt við þær aðstæður. En þá verður að taka tillit til eðlis landbúnaðarframleiðslu. Tollvernd er nákvæmlega það sem í nafninu felst – vernd fyrir innlenda framleiðslu. Ef allir tollar eru felldir niður í ljósi skorts, þá er um leið verið að festa skortinn í sessi. Samkeppnisstaðan er einfaldlega ekki jöfn. Það verður alltaf hægt að framleiða ódýrari vöru erlendis. Ef við viljum hins vegar meira af þeirri innlendu – sem við vitum hvernig er framleidd og hvaðan hún kemur, þá þurfa leikreglurnar að vera þannig að menn séu tilbúnir að leggja tíma og peninga í það tveggja ára ferli sem nautakjötsframleiðsla er.

Sömu rök um allan heim fyrir verndun á eigin matvælaframleiðslu

Um allan heim tíðkast að ríki verndi og styðji innlenda matvælaframleiðslu. Rökin að baki eru einkum þau að talið er mikilvægt að tryggja framleiðslu matvælna í viðkomandi löndum. Menn vilja ekki standa frammi fyrir því að hafa fórnað matvælaframleiðslunni fyrir skammtíma gróða, né treysta á innfluttar matvörur eingöngu. Til þess að ná þessum markmiðum nota ríki meðal annars tollvernd.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur birt álit þess efnis að hérlandar takmarkanir á innflutningi hrás kjöts séu brot á EES-samningnum. Slíkt eru auðvitað

vonbrigði, en treysta verður á að stjórnvöld taki til fullra varna þegar og ef málið kemur til kasta EFTA-dómstólsins.

Í fyrra héldu Bændasamtökin fjölsóttan fund um málið þar sem tveir þekktir vísindamenn héldu erindi, þeir Vilhjálmur Svansson, dýralæknir á Keldum, og Karl G. Kristinsson, prófessor og yfirlæknir á sýklafræðideild Landspítalans.

Vilhjálmur benti m.a. á að það séu 600–700 smitefni þekkt sem smita hesta, svín, nautgripi, sauðfé og geitur. Landfræðileg einangrun Íslands hefur verndað okkar sérstöku búfjárstofna í gegnum tíðina sem eru afar móttækilegir fyrir smiti. Það væru dæmi um að sjúkdómar hefðu borist til landsins og valdið miklum skaða. Nýjasta dæmið væri hrossapestin. Sjúkdómastaða íslenskra búfjárstofna væri í mörgu tilliti einstök og auðlegð sem bæri að verja með öllum tiltækum ráðum. Hann benti á að einn þáttur í því að verja þá stöðu er að sem minnst sé flutt inn af hráum ómeðhöndluðum dýraafurðum sem mögulega gætu borið með sér smit.

Karl G. Kristinsson, yfirlæknir á sýklafræðideild Landspítalans, sagði sýkingaráhættu bæði tengda innlendum og innfluttum afurðum en innflutt matvæli valda nú þegar hópsýkingum á Íslandi. Nefndi hann dæmi um sýkingar sem hefðu borist með erlendu salati. Hann sagði líkurnar aukast við aukinn innflutning á fersku kjöti og tiltók sérstaklega ýmsar sýklalyfjaðnæmar bakteríur sem væri ein mesta ógnin nú um stundir. Þá benti Karl á mikla sýklalyfjanotkun í erlendri búfjárrækt sem hefði afar neikvæð áhrif.

Ráðherra hefur talað skýrt í málinu og tekur þar með undir málflutning síðustu ríkisstjórnar. ESA hefur metið viðskiptalegu rökin þyngra en rök stjórnvalda og bænda hafa alltaf verið að málið sé fyrst og fremst heilbrigðismál. Gæði og öryggi matvæla á Íslandi eru í mjög góðu standi og það þarf að tryggja áfram. Tíðni matarsýkinga er jafnframt ein sú lægsta sem fyrirfinnst.

Hér er því um verulega hagsmuni að ræða. Þar má ekki bara líta til einfaldra viðskiptahagsmuna. Matvælaframleiðsla skiptir allar þjóðir máli – líka okkur Íslendinga. /SSS

LOKAORÐIN

Verðmætasköpun

Það er alltaf gaman að því þegar talnasérfræðingar átta sig á samhengi hlutanna í rekstri eins þjóðfélags þegar rýnt er í gegnum allar lýðskrumsfullyrðingarnar.

Öflug hagsmunasamtök í verslun og þjónustu hafa misserum saman hamrað á nauðsyn þess að þeirra skjólstæðingar fái fullkomið frelsi til að flytja inn vörur og það helst án nokkurra tolla eða aðflutningsgjalda. Á það jafnt við um iðnaðarvörur sem og landbúnaðar- og sjávarútvegsvörur. Hamrað er á því að verið sé að berjast fyrir hagsmunum neytenda til að fá að kaupa ódýrari vöru, en ekkert minnst á undirliggjandi gróðamöguleika verslunarfyrirtækjanna sjálfra. Undir þetta hefur forysta Alþýðusambands Íslands tekið og alltaf er skákað í skjóli almannahagsmuna.

Sömu menn virðast alfarið vera á móti styrkjakerfi í landbúnaði en finnst á sama tíma ekkert athugavert við að íslenskir neytendur geti fengið keyptar tollfrjálsar landbúnaðarvörur frá útlöndum sem niðurgreiddar eru af erlendum almenningi.

Forðast er eins og heitan eld að ræða hvað gerist ef við t.d. hættum að framleiða landbúnaðarvörur og áhrif þess til aukingar viðskiptahalla. Ekki er heldur sagt hvar eigi að fá gjaldeyri til að mæta kaupum á vörum frá útlöndum sem við gætum svo auðveldlega framleitt sjálf í okkar landi. Svo ekki sé talað um hvar allir þeir tugir þúsunda einstaklinga, sem hafa lifibrauð sitt af landbúnaði og tengdum greinum, eigi að fá vinnu ef hið fullkomna tollalaus innflutningsfrelsi á að ræða för.

Það vakti því athygli er Ólafur Darri Andrasón, hagfræðingur ASÍ, kom fram í kvöldfréttum Sjónvarps á þriðjudag og kynnti niðurstöður hagspár ASÍ til ársins 2016. Þar kom berlega fram, að þótt spáð sé auknum hagvexti, skýrist hann samt ekki af aukinni framleiðslu og útflutningi, heldur af auknum fjárfestingum og einkaneyslu í kjölfar lækkunar skulda og niðurfellingar vörugjalda. Almennungur kaupir meira sem þjóðir að meira útstreymi verður af erlendum gjaldeyri. Ólafur sagði orðrétt:

„Við getum ekki byggt við þessar aðstæður hagvöxt á aukningu þjóðarútgjalda til langs tíma.“

Með öðrum orðum, Íslendingar þurfa að framleiða hér alvöru verðmæti, bæði til að spara gjaldeyri og afla hans. Við verðum einhvers staðar að fá tekjurnar fyrir öllu innflutta góðgætinu. Reynslan af hruninu ætti að kenna okkur að sú verðmætasköpun verður ekki til með falskri verðmætamyndun í ofvöxnu verslunar- og bankakerfi. /HKr.

Aðalfundur Eigenda- og ræktendafélags landnámshænsna 2014:

Ræktunarstarfið er nú unnið samkvæmt skilgreiningu á útliti og atferli

Aðalfundur Eigenda- og ræktendafélags landnámshænsna 2014 verður haldinn hinn 25. október kl. 14 í kaffistofu Bændasamtakanna 3. hæð í Bændahöllinni við Hagatorg. Auk venjulegra aðalfundarstarfa verður m.a. fjallað um vottun og skráningu ræktenda.

Á aðalfundi ERL fyrir árið 2012 og haldinn var í mars 2013 var lögð fram niðurstaða nefndar sem skipuð var til að vinna að lýsingu á einkennum íslensku landnámshænnunnar. Þessi útlitslýsing var samin út frá myndum og lýsingum af gamla stofninum sem dr. Stefán Aðalsteinsson safnaði saman fyrir um 40 árum síðan.

Nefndin var skipuð Júlíusi Má Baldurssyni, þáverandi formanni ERL, Jóhönnu G. Harðardóttur, fyrrverandi formanni, og dr. Ólafi R. Dýrmundssyni, einum af stofnfélögum ERL.

Niðurstaða nefndarinnar var lýsing á einkennum íslensku landnámshænnunnar í 15 liðum ásamt fjögurra liða skilgreiningu á

atferliseinkennum. Auðveldar þetta ræktendum til muna alla þeirra vinnu sem nú getur miðast við samþykktar skilgreiningar.

Vottun og skráning ræktenda

Strax eftir að útlitseinkennin höfðu verið samþykkt var farið að ræða um hvernig hægt væri að tryggja að ræktendur færu eftir reglunum og var það síðan á aðalfundi 2013 að lögð var fram tillaga um að ERL kæmi upp skrá yfir ræktendur með landnámshænsn af hreinum stofni, ræktuð samkvæmt viðurkenndum útlitseinkennum. Fundur þessi var óvenju fjölmennur og var tillagan samþykkt óbreytt með öllum greiddum atkvæðum og hefur núverandi stjórn unnið ótullaða að því að koma þessu í framkvæmd. Ein skoðunarferð hefur verið farin um Suðurlandið og tvær um Suðvestur- og Vesturland. Skoðað verður á Norðurlandi á næstu dögum og unnið er að því að skoðað verði

á Vestfjörðum og Austurlandi fljótlega. Þess ber að geta að öll þessi vinna er unnin í sjálfböðavinnu af trúnaðarmönnum og aðilum í stjórn ERL.

Borið hefur á því að verið sé að selja fugla sem ekki falla að viðurkenndri lýsingu landnámshænsna, annaðhvort með fiðraða leggi eða vangaskegg. Bæði eru þetta ríkjandi eiginleikar sem sennilega hafa blandast inn í stofninn á seinni árum. Þessir eiginleikar voru ekki í upprunalega stofninum, það sýna bæði myndir og umsagnir fólks sem umgekkst þá fugla. Stjórn félagsins telur að blöndunin í stofninum sé orðin alltof útbreidd og því þurfi allir ræktendur að vera vakandi yfir þeim

ungum sem fæðast. Mikilvægt sé að skoða þá vel og láta þá fara sem eru með fiður á leggjum eða vangaskegg. Litur á eyrum hvítur eða ljósgulur kemur svölítið seinna, síðan er hægt að velja þá fugla sem best standast



viðmið útlitslýsingarinnar sem menn vilja rækta undan, út frá því sem stendur eftir. Aðeins þannig telja menn sig geta unnið saman að því að hreinsa þessa óæskilegu erlendu blöndun út. Slíkt getur þó tekið nokkur ár, því að þetta getur leynst og komið fram eftir 1, 2 eða 3 ár, þótt ræktandi haldi að allt sé í lagi hjá sér. Því getur þetta komið upp alls staðar.

ERL vill koma á framfæri þakklæti til þeirra sem sótt hafa um vottun og vilja taka þátt í þessu vandasama starfi. Verndun gamalla búfjárstofna skiptir miklu máli að mati stjórnar félagsins. Stefnt er að umfjöllun um aðalfundinn og málefni ræktenda landnámshænsna í næsta Bændablaði sem kemur út 6. nóvember.

Líf og starf



Glaðir og ánægðir gestir á Degi sauðkindarinnar á Hellu.

Myndir / Sigríður H. Heiðmundsdóttir, Kaldbak.

Dagur sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu:

Um 300 manns fylgdust með hrútaðómum og völdu litfegursta lambið í sveitinni

Félag sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu sá um hátíðahöld á Degi sauðkindarinnar í Skeiðvangi á Hvolsvelli hinn 18. október. Um 300 gestir mættu á hátíðina sem nú var haldin í sjöunda sinn.

Á sýninguna komu efstu hrútar úr sýningum í hverri sveit milli Þjórsár og Markarfljóts og voru dæmdir upp á nýtt.

Efstu lambhrútar urðu:

- 1. Nr. 78 frá Tjaldhólum með 37,5 stig fyrir BML og 89 heildarstig. F: Stikill Næfurholtí.
- 2. Nr. 118 frá Álfhólum með 37,5 stig fyrir BML og 88 heildarstig. F: Svalur Álfhólum.
- 3. Nr. 31 frá Tjaldhólum með 37 stig fyrir BML og 88,5 heildarstig. F: Stikill Næfurholtí.

Veturgamlir hrútar:

- 1. 13-334 Álfur frá Djúpadal með 37 stig BML og 87 heildarstig F: Styrkur Álfhólum
- 2. 13-301 Kristall frá Búð með 36 stig BML og 87 heildarstig. F: Birkir Bjarnastöðum.
- 3. 13-082 Pistill frá Austvaðsholti með 37 BML og 88 heildarstig. F: Púki Bergstöðum

Gimbrar:

- 1. Nr. 294 frá Teigi 1 með 9.5 fyrir frambart 19.5 læri.
- 2. Nr. 59 frá Hemlu með 9.5 fyrir framp. 19.5 læri.
- 3. Nr. 120 frá Kaldbak með 9 fyrir framp. 19 læri.

Gestir völdu litfegursta lambið og var valin svartfleckótt gimbur frá Bergi Guðgeirssyni, Hellu.

Verðlaun voru veitt fyrir 5 vetra ær sem standa efstar í kynbótamati í sýslunni. Efstu 6 ærnar voru frá Skarði. Efsta ærin var 09-035 frá Skarði með 119.8 stig. Veitt voru verðlaun fyrir þýngsta

Efsta lambgimbur frá Guðna Jenssyni og Örnú Dögg Arnþórsdóttur í Teigi.



Tjaldhólabræður með hrúta nr. 1 og 3. Guðni Steinarr og Ragnar Rafael Guðjónssynir.



Þrír efstu lambhrútarnir. Guðni Steinarr Guðjónsson, Tjaldhólum, heldur í þann sem efstur stóð, þá er það Sara Ástþórsdóttir, Álfhólum, með hrút nr. 2 og síðan Ragnar Rafael Guðjónsson, Tjaldhólum, með hrút nr. 3.

dilk úr sýslunni lagðan inn hjá SS nú í haust. Hann var frá Sigurði Sigurðarsyni, Þjóðólfsþaga og vó 32.7 kg.

Skarð er ræktunarbú ársins

Skarð í Landsveit var útnefnt



Litfegursta lambið að mati gesta. Jón Óli Guðgeirsson á Hellu, einn eigenda þess, heldur hér í það.



Ræktandi og eigandi efsta veturgamlahrútsins: Sara Ástþórsdóttir, Álfhólum, ræktandi og Lilja Sigurðardóttir í Djúpadal, eigandi.



Verðlaun fyrir efstu 5 vetra ána og besta búið. Erlendur Ingvarsson og Berglind Guðgeirsdóttir í Skarði.

MÆLT AF MUNNI FRAM

Þá er komið að framlagi **Björns Ingólfssonar** á Grenivík. Hann kom ekki tómhentur til „Kátra daga“ á Þórshöfn. Af sjálfum sér segir Björn frá húskarlsstörfum sínum hjá tengdasyni sínum, **Þórarni Péturssyni** á Grund í Grýtubakkahreppi. Í erli sauðburðar hinn 7. maí sl. varð Björn einmitt sjötugur:

Aldrei á beinum brautum fer hann í búskapnum – það er flestra mat. En nægjusamur og nýttinn er hann að notast við sjötugt karlrassgat.

Um sessunauta sína orti Björn undir stuðlafalli:

Einn má telja innstan kopp í búi. Hans er orðið hrökkótt fés heitir svínið Jóhannes.

Hjálmar – það er hann sem er með leppinn – telur stærsta lífs síns lán að líta út eins og Charlie Brown.

(Til glöggvunar, þá var Hjálmar með einhverja óværu í auga og bar lepp fyrir auganu)

Ágúst hann er yngstur hér á palli, illskældinn og orðljótur orðinn þó er, helvískur.

Og stjórnandi samkomunnar, **Birgir Sveinbjörnsson** fær líka völu:

Birgir telst hin besta hér á Fróni hagrýðinga hlaupatík húskarl Rósu í Krossavík.

Björn var beðinn um eitthvað nýlegt afrek á sviði kveðskapar. Björn flutti þá samkomunni Langlimru:

Hún leystist að lokum gátan og ljóst er hvað kom fyrir skátann. Þegar Oddfríður sá hann svo ungan og knáan fór holdið að þrá hann þá henti hún sér á hann og í ógáti hún hreinlega át hann.

Og líkt og hinir hagrýðingarnir, þá orti Björn um forskot það sem **Gústi** hafði á Þistilfirðinga varðandi túnaslátt:

Að deila um töðuna á túnunum er tilgangs- og marklaust blaður. Þetta er merki aðeins um að Ágúst sé keppnismaður.

Næst spyr Birgir hvort Birni þyki Langanes ljótur tangi eins og **Láttra-Björg** orðaði það forðum:

Í fullyrðing minni er e.t.v. angi af eins konar víðsýnisskortri. Langanes þykir mér ljótur tangi en lítur þó vel út á korti.

Líkt og hinir hagrýðingarnir, þá orti Björn um þau harmsefni Birgis, að sjá hvergi svípmót sitt meðal íbúa Raufarhafnar þrátt fyrir að hafa eytt þar sínum mestu manndómsárum:

Á Raufarhöfn dvaldi hann daga fína og dapur hann tregar og harmar að hafa ekki notað þar náttúru sína en nú er of seint að reyna það.

Á þeim frumlegheitum **Ágústar í Sauðanesi** að hafa rekaviðarsúlu í miðri stofunni, rammlega festa við loft og gólf, var Björn með tiltækar skýringar:

Inni í stofu Ágúst sest ánægður mælir við sinn gest: „Þetta er súlan, það er best að þarna gæti ég tjóðrað hest.“

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

Fréttir



Sigfús Sigurjónsson, fjárbóndi á Borgarfelli í Skaftártungu. Mynd / smh

Kjötvinnslan á Borgarfelli

Eins og fram kemur hér á síðunni í viðtalinu við Óla Þór er sláturhúsið í Seglbúðum á vissan hátt þungamiðjan í verkefni Matís, Sjálfbær sauðfjárrækt í Skaftárhreppi.

Mikilvægur hluti þess verkefnis er einnig bygging kjötvinnslu á Borgarfelli í Skaftártungu, en þar er rekið myndarlegt fjárbú þar sem um þúsund fjár eru á fóðrum í vetur.

Með opnun kjötvinnsunnar á Borgarfelli síðastliðið sumar er orðið til samstarf sauðfjárbænda í héraði um framleiðslu, sölu og dreifingu staðbundinna sauðfjárafurða.

Að sögn Sigfúsar Sigurjónssonar, fjárbónda á Borgarfelli, hefur meðgöngutími þessa verkefnis verið nokkuð langur. „Árið 2003 gerðum við samning við Búnaðarsamband Suðurlands um markmiðatengdar búrekstraráætlanir, sem kallað var Sómaverkefnið. Það var upphafið.“

Matís kom inn í verkefnið á seinni stigum

„Nú á seinni stigum málsins hefur Matís komið inn í verkefnið með okkur varðandi umsókn vinnsluleyfis og munu þeir leiðbeina okkur hvað snertir vörubrúun í framtíðinni. Árið 2005 byggðum við fjárhús fyrir 800 fjár. Árið 2011 byggðum



við 100 fermetra nýbyggingu með vinnsluadstöðu, kæla- og frystigeymslu. Þá var byggt 30 fermetra reykhus árið 2012.

Við förum með hluta af lömbunum í sláturhúsið í Seglbúðum, 45 lömb á viku. Nýtt sláturhús í hreppnum hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir kjötvinnsluna okkar, varðandi vegalengdir og lengingu sláturtíma. Við viljum gjarnan fylgja eftir okkar framleiðslu til neytenda þannig að við vinnum í takt við eftirspurn viðskiptavina.

Kjötvinnslan er byggð úr tveimur 40 feta gámum, sem standa með þriggja metra millibili og er þak yfir öllu. Vinnslusalurinn er í rýminu á milli gáma, frystir í öðrum gámnum og kælir í hinum – auk móttöku.“

Verðgildi hvers grips verður mun meira

„Ávinningurinn af því að geta selt sína afurð beint úr eigin vinnslu er augljóslega sá að verðgildi hvers grips verður mun meira og einnig skapar þetta fleiri störf heima á bænum. Þær afurðir sem eru í boði eru: Lambakjöt ferskt og reyktt, sagað og snyrt eftir óskum kaupandans, reyktt og grafið ærkjöt, kindahakk og grjúpan (bjúgu).

Okkar viðskiptavinir eru einstaklingar um land allt og ferðapjónustuaðilar á svæðinu,“ segir Sigfús.

/smh



Skrokkar snyrtir á Borgarfelli.

Bændur í Seglbúðum í Landbroti í frumkvöðlastarfi:

Langur aðdragandi að opnun fyrsta handverkssláturhússins

– segir Óli Þór Hilmarsson hjá Matís, sem hefur unnið með bændunum að verkefninu

Mánudaginn 6. október hófst slátrun í handverkssláturhúsinu að Seglbúðum. Þann fyrsta dag var sláttrað 45 lömbum og þrátt fyrir að dagurinn væri nýttur til þjálfunar og aðlögunar, m.a. kjötmatsnámskeiðs, tók sú slátrun innan við fimm tíma.

Aðdragandinn er búinn að vera nokkuð langur, en um fjögur ár eru liðin síðan fyrst var farið að vinna í hugmyndunum um að reisa sláturhús á bænum. Verkefnið er á vissan hátt þungamiðjan í klasaverkefni Matís, Sjálfbær sauðfjárrækt í Skaftárhreppi.

Að sögn Óla Þórs Hilmarssonar hjá Matís, sem unnið hefur náið með bændum í Seglbúðum að þessu verkefni, hefur aðdragandinn verið langur og strangur. „Þetta hefur ekki aðeins verið erfitt fyrir eigendur að koma upp byggingum og búnaði, heldur hefur aðlögun sláturhúss í þessum stærðarflokki – að regluverki því sem þarf að uppfylla – verið snúin. Sömu lög og reglur gilda um öll sláturhús hér á landi óháð stærð og í því sambandi má nefna að handverkssláturhúsið hefur fullgilt útflutningsleyfi. Það er umhugsunarefni hvort ekki þurfi að vera til reglugerð sem taki tillit til lítilla handverkhúsa. Krafa neytenda um heilnæm og örugg matvæli er ótvíræð en leiðir að því markmiði geta verið mismunandi. Þær kröfur sem opinbert eftirlit gerir um skráningar og vöktun miðast við fjölmenna vinnustaði þar sem boðleiðir eru lengri,“ segir Óli Þór.

Í handverkssláturhúsi er hægt að nostra við skrokkana

Handverkssláturhús er að sögn Óla Þórs, eins og nafnið gefur til kynna, sláturhús þar sem lítið er um sjálfvirkni. „Afköstin eru þar af leiðandi mun minni, en á móti kemur að hægt er að nostra meira við hvern skrokk, snyrta og snurfusa. Í þessu sláturhúsi verður líka hugsað um aðra



Úr vinnslusal sláturhússins í Seglbúðum.

þætti eins og t.d. meyrnun kjöts, en hver skrokkur fær að hanga í fjóra sólarhringa áður en að frystingu kemur. Kælar eru tveir og í þeim fyrri verður tryggt að á fyrsta sólarhring sé kæling hæfilega hröð svo að bragðmyndun verði sem best. Þannig er lagður grunnur að meyrni kjötsins sem nær hámarki á fjórða sólarhring.

Í afkastamiklum sauðfjársláturhúsum, eins og við þekkjum til hér á landi í dag, er að sjálfsögðu framleitt fyrsta flokks kjöt, þar sem reynt er að tryggja meyrni og örugg gæði svo sem gott geymslupól og heilnæma vöru með öllum tiltækum ráðum. En magnið er mikið og hraðinn mikill þannig að eftirfylgni hvers skrokks er kannski ekki fyrir hendi. Afkastamestu húsin sláttra rúmlega 3.000 lömbum á dag. Í

handverkssláturhúsinu á Seglbúðum er stefnt að 50 til 70 lamba dagslátrun.

Um leið og leyfi til slátrunar var fengið var einnig fengið leyfi til frekari matvælavinnslu því ætlunin er að fullvinna afurðirnar og dreifa frá býli. Samstarfsaðilar í verkefninu auk Matís og þeirra Erlendar Björnssonar og Þórunnar Júlíusdóttur, ábúenda á Seglbúðum, eru Sigfús Sigurjónsson og Lilja Guðgeirsdóttir með kjötvinnsluna að Borgarfelli í Skaftártungu sem opnuð var nú í sumar. En Sigfús og Lilja stefna að því að sláttra hluta af sínu fé í Seglbúðum og fullvinna í eigin kjötvinnslu. Það má segja að í Skaftárhreppi sé komin skemmtileg nýjung í framleiðslu, sölu og dreifingu staðbundinna matvæla,“ segir Óli Þór.

/smh

Aðhaldskröfur á Lbhí munu hafa áhrif á starfsemi ráðgjafarþjónustunnar:

Höfum verulegar áhyggjur af niðurskurðinum

– segir Karvel Karvelsson, framkvæmdastjóri Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins

Karvel Karvelsson, framkvæmdastjóri Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML), segir ríka ástæðu til að hafa verulegar áhyggjur af niðurskurðinum hjá Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí).

„Hættan er sú að niðurskurðurinn hjá Lbhí veiki starfsemi skólans. Sérstaklega er skorið niður til rannsókna sem er ákveðinn grundvöllur fyrir okkar ráðgjöf,“ segir Karvel.

„Varðandi efnagreiningar þá höfum við sent út heysýni til greininga og erum í samstarfi við fyrirtæki sem heitir BLGG um greiningar,“ segir Karvel. „Þetta höfum við boðið upp á samhliða því að senda til skólans. Jarðvegssýni höfum við sent til skólans en verðum þá hugsanlega að finna því annan farveg.“

Það hefur verið ákveðinn misbrestur á þjónustu skólans við greiningar og þá sérstaklega að halda tímasetningar. Við vorum nú samt alltaf að vona að þetta lagaðist en það varð ekki. Það er hins vegar ákveðinn missir af þessari þjónustu verði það niðurstaðan að ekki verði haldið áfram með efnagreiningar



Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

hér á landi. Bæði tapast með því þekking, ákveðinn sveigjanleiki í þjónustu og grundvöllur til þess að þróa greiningarnar áfram miðað við íslenskar aðstæður,“ segir Karvel.

Óvíst með framhald orkumála

„Kynbótamatúsútreikningarnir hafa verið framkvæmdir af skólunum. Það verkefni er hins vegar á ábyrgð

Bændasamtakanna en okkur falið að halda utan um það og RML hefur greitt skólanum fyrir þessa vinnu. Skólinn mun sjá um þessa útreikninga til áramóta en við erum að skoða með hvaða hætti við leysum þá til framtíðar.

Varðandi orkumálin þá vorum við að vonast eftir samvinnu í þeim efnum en óvíst er með áframhaldið á því.

Við höfum einnig áhyggjur af menntuninni sem slíkra, allt okkar starfsfólk er meira og minna menntað í Lbhí og því segir það sig sjálft að okkar faglega starf byggist að stóru leyti á þeirri menntun sem skólinn veitir. Okkur er því umhugað um að bæði menntun og rannsóknir innan skólans séu með þeim hætti að við fáum frambærilegt framtíðarstarfsfólk sem og landbúnaðurinn allur.

Við höfum átt ágætt samstarf við skólann sem var innsiglað í samstarfssamkomulagi á milli okkar. Í því felst ákveðin fagleg samvinna sem ég vonast nú til að haldi áfram en vissulega höfum við af því áhyggjur að skólinn nái að sinna kjarnastarfsemi sinni og að þar sé nægt faglegt bakland til verka.“

/smh

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

Nýkomnar PICHON haughrætur af ýmsum stærðum og gerðum

PICHON
Frönsk gæði

VB
LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Feit mjólk er mjög góð



Nýr fóðurbætir sem eykur fitu í mjólk

FEITUR RÓBÓT 16 OG 20

Hægt er að fá fóðurbætirinn bæði kögglaðan fyrir gjafakerfi og kurlaðan fyrir heilfóðursgerð.

Nýja kjarnfóðrið inniheldur 16% og 20% hráprótein og hentar vel með blautverkuðum rúllum og próteinsnauðu heyi.

Inniheldur m.a. íslenska kalkpörunga sem eru náttúrulega ríkir af ýmsum steinefnum. Kemur einnig í veg fyrir súra vömb mjólkurkúa við mikla kjarnfóðursgjöf.

Einnig er rífllegt magn af sykkurrófum ásamt sérgerðri fitu sem eykur fitumagnið í mjólk.

Nánari upplýsingar veitir:

Erlendur Jóhannsson fóðurfræðingur
570-9800 eða erlendur@fodur.is



**Sendum um
allt land**

Hafðu samband
570 9800

FB Verslun Selfossi
Austurvegi 64a
570 9840

FB Verslun Hvolsvelli
Hlíðarvegi 2-4
570 9850

FB Verslun Egilsstöðum
Kaupvangi 11
570 9860

Fréttir

Krafa almennings og smásala um ódýrari mjólk krefst aukinnar hagkvæmni í rekstri mjólkurbúa sem leiðir til stækkunar eininga:

Kúabændur á Bretlandseyjum hallast í auknum mæli að verksmiðjubúskap

Undanfarin ár hafa kúabændur á Bretlandseyjum sýnt aukinn áhuga á að reisa stór verksmiðjubú í stað þess að rekin séu mörg lítill mjólkurbú. Ástæða þess er krafan um lægra verð frá smásölufyrirtækjum og neytendum. Bændurnir segja ekki lengur borga sig að reka bú undir ákveðinni stærð.

Árið 2009 sóttu kúabóndi og ostaframleiðandi í Devon sameiginlega um leyfi til að byggja skýli sem átti að spanna níu hektara og rúma 8.100 kýr sem áttu að gefa 250.000 lítra nyt á dag. Framkvæmdin var harðlega gagnrýnd af almenningi, samtökum dýraverndarsinna, umhverfisverndarsinnum, samtökum áhugamanna um verndun jarðvegs og grunnvatns auk þess sem ríflega 170 þingmenn á breska þinginu skrifuðu undir mótmælaskjal til að stöðva framkvæmdina. Leikarar, fólk í tónlistarheiminum og einstaklingar frægir af endemum lögðu baráttunni einnig lið í þeim tilgangi að stöðva byggingu skýlisins. Slagorðið var: Ekki út á kornfleið mitt. Hálfu ári seinna var umsóknin dregin til baka.

Vendipunktur

Þrátt fyrir að umsóknin hafi verið dregin til baka vakti hún forvitni og breskir kúabændur fóru í auknum mæli að að horfa vestur um haf og leita fyrirmynda hjá verksmiðjukúabúum í miðríkjum Bandaríkjanna. Á þeim tíma voru 32.000 mjólkurkýr á stærsta verksmiðjubúinu í Bandaríkjunum.

Í stærstu hjörð mjólkurkúa í Frakklandi á sama tíma töldust 350 dýr og umhverfisverndarsamtök þar í landi voru að berjast gegn leyfi fyrir skýli fyrir 1.750 mjólkurkýr.

Á árununum 2001 til 2010



Kýr í eldisskýli.

fækkaði kúm sem gengu í haga í Danmörku úr því að vera 85% allra mjólkurkúa í landinu niður í 35%. Eldi kúa í skýlum var bannað í Svíþjóð á þessum tíma og vegna bannsins töldu sænskir bændur sig ekki geta boðið mjólk á jafn lágu verði og danskir.

Umsóknin endurnýjuð

Seinni hluta árs 2010 var umsóknin fyrir skýlið í Devon endurnýjuð en nú fyrir 3.700 mjólkurkýr. Mótmælaaldan reis að nýju og þremur mánuðum seinna var hún dregin aftur til baka. Umsækjendurnir játuðu sig sigraða, ekki vegna mótmælanna heldur á þeim forsendum að allt benti til að skýli fyrir svo marga gripi myndi óhjákvæmilega valda mengun í grunnvatni.

Í yfirlýsingu frá aðstandendum umsóknarinnar sagði að breskir kúabændur og almenningur yrðu að gera sér grein fyrir því að ekki væri lengur fjárhagslega hagkvæmt að reka lítill kúabú, þar sem kýr ráfuðu um haga, fyrir það verð sem fengist

þar í landi og hafa þau öll, auk stórmarkaða og neytenda, gert kröfu um að bændur lækki mjólkurverð undanfarin ár.

Til að mæta þessum kröfum hafa bændur því haft úr tvennu að velja. Annars vegar stækka búin og auka hagræðingu eða hætta búskap.

50% hærri nyt

Markmið kúabúa er að framleiða mjólk og samkvæmt rökunum um að það svari ekki kostnaði að reka lítill bú er hugmyndin um stærri bú þar sem fóðrið er borið í kýrnar í stað þess að þær sæki það út í haga fýsileg.

Til þess að kúm líði vel og gefi góða nyt þurfa þær gott fóður, hvíld og samneyti við aðrar kýr og allt þetta fá þær í skýlunum og því um rökrétta ræktunaraðferð að ræða að sögn þeirra sem vilja ala kýrnar í skýlum. Auk þess sýnir reynslan að kýr sem ræktaðar eru í skýlum og mjólkaðar þrisvar á dag gefi að minnsta kosti 50% meiri nyt en kýr sem ganga í haga og eru mjólkaðar tvisvar á dag.

Almenningur vill kýr í haga

Á Bretlandseyjum eru um 1,8 milljónir mjólkurkúa og meðalstærð kúahjarða er 125 kýr, innan við 10% hjarða telja meira en 500 gripi, og stórum hluta þeirra er sleppt á beit á vorin og teknar í hús yfir veturinn.

Talsmenn verksmiðjubúa á Bretlandseyjum segja að víða um heim sé talið sjálfsagt að ala kýr í skýlum en svo sé ekki þar í landi. Hugmyndin um kýr á beit í haga er almenningi þóknaleg og þannig vill fólk hafa það og þannig fer ræktunin fram að stærstum hluta í dag. /VH



Hugmyndin um kýr á beit í haga er almenningi þóknaleg.

fyrir mjólkina.

Á Bretlandseyjum finnast í dag að minnsta kosti tíu stór skýli fyrir mjólkurkýr með hátt í þúsund gripum.

Mjólkurbúum fækkað gríðarlega

Frá árinu 1995 til 2013 hefur mjólkurbúum í Bretlandi fækkað

úr 35.000 í rúm 13.000 og þeim fer enn fækkandi. Helsta ástæða fækkunarinnar er að framleiðslan svarar ekki lengur kostnaði og í mörgum tilfellum eru bændur farnir að borga með mjólkinni.

Fjögur mjólkursamlög á Bretlandseyjum, Arla, Müller Wiseman, First Milk og Dairy Crest, höndla með stóran hluta mjólkur



Stærsta kúabú landsins verður með 230 kýr:

Áformað að stækka mjólkurbúið í Flatey um helming

Selbakki, dótturfyrirtæki útgerðarfyrirtækisins Skinney-Þinganes, stefnir að því að stækka mjólkurbú sitt að Flatey á Mýrum um helming og yrði búið stærsta kúabú landsins með um 230 mjólkurkýr.

Gunnar Ásgeirsson, stjórnarformaður Skinney-Þinganes, segir að í dag séu á milli 100 og 115 mjólkurkýr á búinu en það sé í skoðun að stækka búið um helming.

„Á búinu eru tveir mjaltaróbótar og hugmyndin er að þeir verði fjórir og kýrnar milli 200 og 230. Uppbygging af þessu tagi tekur tíma þar sem það er ekki nóg að byggja fjósið því það verður að byggja stofninn upp líka en við stefnum að

því að vera búnir að því á næsta eða þarnaesta ári.“

Í dag er Selbakki með greiðslumark fyrir 700 þúsund lítra og er gert ráð fyrir að það tvöfaldist þegar stækkuninni er lokið. Gunnar segir að mjólkinni sé ekið á Egilsstaði og hún unnin þar og að svo verði áfram.

Samkvæmt því sem fram kemur í fundargerð bæjarráðs Hafnar 27. maí síðastliðinn er tekið vel í hugmyndina um stækkun búins og felur bæjarráð byggingafulltrúa að gefa út viðeigandi leyfi til stækkunar mjólkurbúsins. Útgáfa byggingarleyfis verður gefið út þegar öll gögn varðandi stækkunina liggja fyrir. /VH

Minni kúabúum á Íslandi fer fækkandi:

Stærstu kúabúin auka framleiðsluna mest

Stærstu 150 kúabú landsins eiga 70% af þeirri framleiðslu-aukningu sem orðið hefur í mjólkurframleiðslunni síðustu 8 mánuði.

Innvigtun mjólkur á ársgrundvelli er komin yfir 130 milljónir lítra sem er 6,6% aukning á milli ára. Enn er mikil aukning í fitusölu og ljóst er að kúabændur þurfa að auka framleiðsluna umtalsvert til þess að svara kalli markaðarins í framtíðinni miðað við sóluspár.

Framleiðslan eykst hjá stórum búum

Það sem af er þessu ári hefur aukning í mjólkurframleiðslu verið mest á þeim búum sem framleiddu mest árið 2013. Á 50 stærstu búunum var meðalframleiðslan ríflega 271 þúsund lítra en fyrstu átta mánuði þessa árs rúmlega 309 þúsund lítrar.

Framleiðsla búa sem skiluðu undir 50 þúsund lítrum árið 2013 dróst aftur á móti saman um 4% fyrstu fimm mánuði þessa árs og framleiðsla búa sem skiluðu undir 24 þúsund lítrum 2013 hefur dregist saman um 14% það sem af er þessu ári.



Innvigtun mjólkur á ársgrundvelli er komin yfir 130 milljónir lítra sem er 6,6% aukning á milli ára.

Árið 1990 voru 17 mjólkurvinnslur í landinu en nú eru þær 5. Verðþróun á mjólkurvörum hefði verið töluvert undir hækkunum vísitölu neysluverðs síðustu ár.

Minni búum fækkar

150 stærstu kúabú landsins eiga 70%

mjólkurkvótans í landinu og hefur hann verið að færast á færri hendur undanfarin ár.

Þróunin hér á landi er því svipuð hér og í löndunum í kringum okkur þar sem minni kúabúum hefur fækkað og stærri bú verið að stækka vegna hagræðingar í rekstri.

/VH

EITT MESTA ÚRVAL AF VARMADÆLUM

LOFT Í LOFT - LOFT Í VATN - VATN Í VATN - 2 FRAMLEIÐENDUR

ORKUSPARNAÐUR VIÐ HÚSHITUN

NÚ FÆST VIRÐISAUKASKATTUR ENDURGREIDDUR Á VARMADÆLUM*



Daikin jarðvarmadæla 2,5 - 13kW

Dæmi: Íbúðarhúsnæði sem notar 40.000 kWh/ári til húshitunar. Ef við áætluðum 60% sparnað með kaupum á Daikin varmadælu myndi þetta sama hús nota 16.000 kWh/ári á fullum niðurgreiðslum. Þá myndu sparast 24.000 kWh/ári sem hægt er að selja til Orkustofnunar og fá sem eingreiðslu, ef í ljós kemur meiri sparnaður má alltaf selja meiri niðurgreiðslu seinna.

Kaup á Daikin jarðvarmadælu ***	1.350.000.-
Möguleg eingreiðsla samkvæmt reiknivél Orkuseturs **	-980.000.-
Endurgreiddur virðisaukaskattur miðað við íbúðarhús *	-274.303.-

Eftir stendur til greiðslu

95.697.- kr**

Athugið að þó að varmadæla geti sparað allt að eða meira en 80% er það ekki sjálfgefið við allar aðstæður, hafið samband og við reiknum út mögulegan orkusparnað þér að kostnaðarlausu.

Daikin loft í loft varmadælur á kynningarverði

Eigum mikið úrval af loft í loft varmadælum frá Daikin, allar stærði frá 3,5 til 10kW og **Verð frá 199.900.-**

Nýjustu loft í loft varmadælurnar komnar í hús, enn öflugri og hljóðlátari, kynnið ykkur X-Línuna frá Daikin.



Daikin Altherma loft í vatn varmadæla

Frábær varmadæla og einföld lausn í uppsetningu fyrir öll húsnæði hvort sem er með ofnum eða gólfhita. Hægt að fá einnig með neysluvatni og möguleiki að tengja við heitan pott.

Daikin Europe er með höfuðstöðvar í Belgíu og framleiðsla þeirra öll innan Evrópu undir ströngu gæðaeftirliti, Daikin voru fyrstir til þess að innleiða A+ (Orkumiðann) vottun á varmadælurnar sínar en eftir áramót verður það krafa á alla framleiðendur að vera búnir að því í Evrópu.

VARMADÆLUR - VARMASKIPTAR - KÆLIKERFI - HITATÚPUR - INNHRINGIBÚNAÐUR - HITASTJÓRNIBÚNAÐUR - HRINGRÁSADÆLUR - JARÐVEGSLAGNIR - TÖLVUKÆLAR

SUPER


DAIKIN



Sími: 517 0270
VERKLAGNIR.IS
Sérfræðingar í varmadælum!

* Samkvæmt reglugerð um endurgreiðslu á virðisaukaskatti fyrir íbúðarhúsnæði.
** Samkvæmt útreikning með reiknivél á vefsíðu Orkustofnunar með eingreiðslur.
*** Verð á varmadælu er án uppsetningar

Smiðjuvegur 70 - gulgata / 200 Kópavogur
www.verklagnir.is / verklagnir@verklagnir.is



Guðni Ágústsson, framkvæmdastjóri SAM:

Margt skrítið í kýrhausnum

Nú er stóra mjólkurmálið farið til áfrýjunarnefndarinnar og enginn veit nema það eigi eftir að fara þaðan til dómstólanna eins og stóra Vífilfellsamálið sem SE tapaði á dögnum fyrir Hæstarétti.

Samkeppniseftirlitið fer með mikla ábyrgð, rannsakar, ákærir og sektar grimmt en það getur líka hent það að kveða upp ranga úrskurði eins og Vífilfellsamálið sannaði. Því enginn er sekur fyrr en sekt hans er sönnuð og því starfa hér dómstólar svo hægt sé að leiða ágreining til lykta og enginn deilir við dómara.

Kjarni málsins er þessi eins og hann er dreginn saman í kæruskjali Mjólkursamsölnnar:

„Hefði SE lagt sig betur fram um að rannsaka reikninga Mjólklu I, litið heildstætt á mjólkurhækkanir yfir nokkurra ára tímabil, aflað upplýsinga frá KS um það hvernig kaup KS á Mjólklu I bar að og aflað upplýsinga frá sameiganda Ólafs Magnússonar að Mjólklu I, Vífilfelli hf., hefði komið í ljós að samsæriskenningin á við engin rök að styðjast.“

Verslunarvaldið í herferð

Jafn vafasamur og úrskurður SE virðist vera, séu málskjölin lesin og borin saman við kæruskjöl MS, er hitt enn furðulegra hvernig andstæðingar opinberrar verðlagningar og hagræðingarlaganna sem gilt hafa um mjólkuriðnaðinn frá 2004 hafa látið og talið löggjöfinni allt til foráttu.

MS er lögum samkvæmt landsnet 650 kúabænda sem ber að sækja og dreifa mjólk og allir sitja við sama borð. Kúabændum hvar sem þeir búa þeim er ákvarðað fast verð og það sama. Einnig skulu þeir sem í smásöluversluninni starfa eiga rétt lögum samkvæmt að fá ákveðnar dagvörur frá MS á sama verði, mjólk, osta, smjör, skyr o.fl. Því eru engir stórir afslættir hjá MS til þeirra stóru eins og tíðkast jafnan, Alþingi bannaði það.

Alþingi setti þessi jafnaðarmannalög 2004 til að tryggja samkeppni og að litlar verslanir gætu selt sínu fólki þessar mikilvægu matvörur á sama verði og þeir stóru. Litlu verslanirnar um land allt sögðu árið 2004:

„Við lokum okkar búðum ef horfið verður frá opinberri verðlagningu,“ svo mörg voru þau orð.

Mikill árangur

Samkvæmt opinberum tölum hefur þetta fyrirkomulag skilað tveimur milljörðum árlega í lægra verði til neytenda og einum milljarði til bænda, eða yfir þrjátíu milljörðum á tíu árum. Á sama tíma hefur ríkisstuðningur í formi beingreiðslna til bænda minnkað um 30% á lítra. Spurn eftir

mjólkurvörum hefur aldrei verið meiri enda eru þær nú á tiltölulega lágu verði miðað við annað. Þetta er sannarlega mikill árangur af þeirri samfélagslegu tilraun sem Alþingi innleiddi árið 2004.

Þetta mun skýrast enn betur þegar Hagfræðistofnun Háskóla Íslands skilar landbúnaðarráðherra skýrslu sinni en ráðherra fól stofnuninni að fara yfir árangurinn af þessu opinbera kerfi. Enn fremur hefur ráðherra nú ákveðið að skipa nefnd þar sem alþingismenn stjórna og stjórnarandstöðu fara yfir lagarammann og meta hvernig til hefur tekist, hvort lögin eru á vetur setjandi eða hvort þurfi að breyta þeim eða fella þau úr gildi.

Kastljósið forkastanlegt

Eitt sinn áttum við hlutlaust RÚV, sem fjallaði um og rannsakaði mál og leiddi saman deiluaðila. Ekki efast ég um að innan RÚV sé þessu enn þannig varið, á einhverjum stöðvum eða ég vona það. Hitt hefur mér komið á óvart hvernig Kastljósið hefur gengið inn í MS-málið og reyndar fleiri mál af nokkurri forstökkun og sem dómari.

Ólafur Magnússon sem rak Mjólklu I með Vífilfelli sat einn í Kastljósi daginn sem úrskurðurinn féll og fór mikinn og lét dæluna ganga yfir mállausan spyrilinn. Einar Sigurðsson, forstjóri MS, sat í sömu sporum tveimur kvöldum síðar og nú var spyrillinn kominn með málið sem betur fer. Sama gildi svo þegar Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra kom fram kvöldi síðar.

Lögfræðingurinn féll á prófinu

Svo kom stóra Kastljósið þar sem Jóhannes Kristjánsson, ekki eftirherma, leiddi fram tvo erkióvini laganna frá 2004 og Mjólkursamsölnnar, annar þeirra er frægur mjólkurfræðingur og neytendafrömuður en hinn lögfræðingur og þar skorti víst ekki stóru orðin er mér sagt. En guð var mér svo meinlaus og góður að undir þessu Kastljósi svaf ég svefni hinna réttlátu. Þeir sem vöktu sögðu mér að spyrillinn og viðhlæjendur hans hafi sest í dómarasæti.

Lögfræðingurinn vildi taka Mjólkursamsölnuna og uppræta hana af markaði en neytendafrömuðurinn hvatti fólk til að sniðganga mjólkurvörur og hefja trumbuslátt. Hvað með það grundvallaratriði í lögfræði að enginn sé sekur fyrr en sekt hans sé sönnuð? Þessi lögfræðingur missti prófið í beinni útsendingu.

Nú hefur komið upp enn skrítnara mál, eða Kastljósslekin svokallaði. Kastljósið virðist hafa sameinast Samkeppniseftirlitinu og segir frá kærui áður en sakborningar fá fréttirnar. Ekki sýnist þá vera knýjandi þörf á frekari sameiningu eftirlitsstofnana. Já, það er margt skrítið í kýrhausnum.

Nautakjöt innkallað í hollenskum stórmörkuðum vegna miltisbrands

– Fór í gegnum allt vinnsluferlið til verslana þrátt fyrir allt vottunarkerfi ESB

Hollensk matvælaöryggisfyrirvöld kröfðust þess 10. október að sjö tonna sending af nautakjöti yrði tekin af markaði þar sem talið var að kjötið væri mengað af miltisbrandi (anthrax).

Miltisbrandur fannst í kjöti af tveim kúm eftir að það kom til Hollands, en kjötið kom frá pólsku slátruhúsi sem hafði tekið við kúnum frá bónda í Slóvakíu.

Fór í gegnum allt vottaða vinnsluferlið

Það vekur sérstaka athygli að slíkt skuli eiga sér stað þar sem mjög hefur verið klifað á því að öllum matvælum sem dreift er til sölu innan Evrópusambandsins fylgi vottun dýralækna og annarra heilbrigðisfyrivalda. Þessi rök hafa m.a. mjög verið notuð í baráttunni fyrir að leyfa innflutning á fersku kjöti til Íslands. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skiptið sem slíkar vottanir virðast segja lítið um raunverulegt öryggi matvæla inna ESB. Má þar nefna kúariðufárið sem kom upp í Bretlandi og fölsun

matvæla með íblöndun hrossakjöts í unnar nautakjötsafurðir sem skók kjötmarkað Evrópu fyrir nokkrum misserum.

Umræddu miltisbrandsmenguðu kjöti í Hollandi hafði verið dreift til 19 fyrirtækja og var þegar komið í hillur stórmarkaða áður en ákveðið var að innkalla það samkvæmt frétt ANP-fréttastofunnar. Heilbrigðisfyrirvöld segja þó að litlar líkur séu á að einhver hafi smitast af miltisbrandi.

Miltisbrandur er banvænn smitsjúkdómur af völdum bakteríunnar *Bacillus anthracis*. Hann kemur fyrir í villidýrum og húsdýrum en getur smitast yfir í fólk sem kemst í snertingu við smituð dýr, hræ eða mikið magn af miltisbrandsgróum. Enn eru engin dæmi um að sýkt fólk beri smit. Miltisbrandur finnst um allan heim, en er þó fyrst og fremst algengur hjá jurtaetum þótt hann geti borist í menn og fugla.

Lifir áratugum saman í jarðvegi

Sýkillinn getur myndað dvalargró.

Gróin geta lifað áratugum saman í jarðvegi, einkum rökum og súrum. Við jarðrask á stöðum þar sem sýkt dýr voru urðuð geta gróin borist í menn og dýr. Gróin sem eru 2–6 mikron í þvermál geta sest á slímhúð í öndunarvegi manna og dýra. Við hagstæð skilyrði inn í hýsli vakna gróin af dvalanum og bakterían tekur að fjölga sér.

Þekkt eru 89 afbrigið af miltisbrandi

Miltisbrandur er líka þekktur á Íslandi og talið er að hans hafi fyrst orðið vart árið 1865, en árið áður hófst innflutningur á ósútuðum, hertum húðum frá Afríku. Miltisbrandur hefur á íslensku einnig verið nefndur miltisbruni, miltisdrep, miltisbráðadauði og skinnapest. Sjúkdómsins varð síðar vart af og til. Miltisbrandur kom upp í Ölfusi 1965. Í desember árið 2004 kom upp miltisbrandur í fjórum hrossum sem höfðu haldið til við eyðibýlið Sjónarhól á Vatnsleysuströnd.

/HKr

Landssamtök skógareigenda:

Edda Björnsdóttir hlaut gullmerki LSE fyrir óeigingjarnt starf

Gullmerki LSE, sem er næst-æðsta sæmdarviðurkenning Landssamtaka skógareigenda, var veitt í fyrsta sinn á árshátíð skógareigenda nú á dögnum. Viðurkenninguna hlaut Edda Björnsdóttir, fyrrverandi formaður landssamtakanna.

Edda hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf fyrir samtökin frá stofnun þeirra 1997 til ársins 2013, eða í sextán ár.

Á aðalfundinum færði stjórn LSE og skógarbændur um allt land henni þakkir fyrir allt sem hún hefur lagt af mörkum skógræktinni til heilla.

Skógarganga og árshátíð skógareigenda

Aðalfundurinn var að þessu sinni haldinn norðan heiða, í Miðgarði í Skagafirði, og að honum loknum bauð Félag skógarbænda á Norðurlandi í skógargöngu í Reykjahólskóg undir leiðsögn Rúnars Ísleifssonar, nýráðins skógarvarðar á Norðurlandi.

Í skóginum eru góðar gönguleiðir og útsýnisskífa efst á hólnum þar sem útsýni er mjög gott til allra átta. Þegar upp á hólinn var komið tók Rögnvaldur Ólafsson frá Flugmýrarhvammi við og sagði frá örnefnum og lét skemmtilegar sögur fylgja með úr sveitinni. Þegar niður kom tók stjórn félagsins á móti gestum með ljúfum veitingum og góðum gjöfum.

Að lokum var blásið til árshátíðar skógareigenda. Skemmtunin hófst með fordrykk og góðu spjalli eftir skemmtilega göngu. Matur var svo á borð borinn, veislustjóri var Bjarni Maronsson og Kammerkór Skagafjarðar skemmti veislugestum ásamt því að gullmerki LSE var veitt í fyrsta sinn.

Kraftmeiri skógar

Lokaráðstefna Kraftmeiri skóga var haldin í Miðgarði í Skagafirði í tengslum við aðalfund LSE. Kraftmeiri skógur er yfirfærsluverkefni í samstarfi við fimm aðila frá þremur löndum, með



Jóhann Gísli Jóhannsson á Breiðavaði, núverandi formaður Landssamtaka skógarbænda, veitti Eddu Björnsdóttur, fyrrverandi formanni samtakanna, gullorðu LSE fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu samtakanna, en hún var formaður þeirra í alls 16 ár.

Myndir / Helga Bergsdóttir.



Edda Björnsdóttir í ræðustól.

það að markmiði að ná til sem flestra skógareigenda á Íslandi með fræðslu.

Björgvin Eggertsson, LbhÍ, flutti samantekt verkefnisins frá upphafi til loka. Þátttakendur sögðu frá upplifun sinni af verkefninu og farið var yfir hvaða áhrif verkefnið hafði á LSE.

Samstarfsaðilar fluttu fróðleg erindi á ráðstefnunni. M.a flutti Marianne Eriksson, frá félagi skógareigenda í Svíþjóð, erindi um Kraftmeiri skóga í Svíþjóð og kennslufræði. Marianne Lyhne, frá Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn, flutti erindi um framtíð skógræktar á Íslandi. Guðrður Helgadóttir, forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar LbhÍ, fjallaði um mikilvægi fræðslu fyrir skógarbændur.

/MPÞ

Dekkjainnflutningur

15% afsláttur af öllum dekkjum til 31. október 2014

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.



Jason ehf.
Hafnarstræti 88
Akureyri

Vinsamlegast hafið samband við

Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is
Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124

Gluggar fyrir íslenskt veðurfar

pvc gluggar - hurðir - sólstofur - svalalokanir - rennihurðir - þakkantar



PGV
FRAMTÍÐARFORM

www.pgv.is - 510 9700 - Seljabót 7 Grindavík - Skipholt 35 Reykjavík



EVANS hreinlætisvörurnar eru nú fáanlegar í Rekstrarlandi



EVANS hreinlætisvörurnar henta mjög vel fyrir kúa-, svína- og alifuglabændur, sem og fisk- og matvælavinnslur. Vörurnar frá EVANS eru í fremsta gæðaflokki enda eru þær unnar eftir vottuðum aðferðum skv. ISO gæða- og umhverfisstöðlum.

Hjá Rekstrarlandi fá bændur auk þess allar aðrar rekstrarvörur fyrir landbúnað.

Aðrir dreifingaraðilar: Olís útibú, KB - Búrekstrardeild, Borgarnesi og Pálmi Ragnarsson - Garðakoti, Skagafirði.



REKSTRARLAND
- léttir þér lífið



Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörueldi Olís og er dótturfyrirtæki Ölluverzlunar Íslands hf.

www.rekstrarland.is

Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100



Vertu viðbúinn vetrinum

Mest seldu snjókeðjur á Íslandi
Léttar • Sterkar • Traustar

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

Ísnet Húsavík • s. 5 200 555

Ísnet Akureyri • s. 5 200 550

Ísnet Sauðárkrúkur • s. 5 200 560

Kristbjörg Ólafsfjörður • s. 5 200 565



ÍSFELL
www.isfell.is

Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is



Nánari upplýsingar:
lagnadeild@byko.is,
sími 515-4040.



Sabiana hitablásarar eru með sterkt stál element sem þolir hitaveituvatn.



Vnr. 29500913-25
SABIANA Helios hitablásarar, 7-40 kW.

HRINGRÁSARDÆLUR

Gæði á góðu verði



Eigum flestar gerðir af hringrásardælum á lager


VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



facebook.com/BYKO.is



Háskólaráð Háskólans á Hólum vill efla háskólanám:

Ársverkum hefur fækkað um 20% frá 2009

– Álag og kröfur á starfsmenn hafa margfaldast

„Háskólaráð Háskólans á Hólum skorar á þjóðkjörna fulltrúa að efla háskólanám á Íslandi og stuðla þannig að jákvæðri þróun efnahagslífs á Íslandi til framtíðar,“ segir í ályktun sem samþykkt var á fundi háskólaráðs Háskólans á Hólum.

Fram kemur að Háskólinn á Hólum sé menntastofnun sem sérhæft hafi sig í rannsóknum og kennslu í ferðamálafræðum, fiskeldi- og fiskalífirfræði og hestafræðum. Öll fræðasvið háskólans styðji þannig við ört vaxandi atvinnugreinar sem allar skapi þjóðfélaginu auknar og nauðsynlegar gjaldeyristekjur. Aukin verðmætasköpun atvinnugreinnanna byggist á menntun fagfólks, rannsóknum, nýsköpun og uppbyggingu þekkingar um allt land.

Háskólinn á Hólum þjónar nemendum af öllu landinu, þótt stærstur hluti nemenda hans komi af höfuðborgarsvæðinu. Staðsetning skólans og aðstaða er fágæt og veitir nemendum einstakt tækifæri til menntunar. Námsframboð Háskólans á Hólum eykur fjölbreytni háskólanáms á Íslandi og um það ber að standa vörð, íslensku atvinnulífi og efnahag til hagsbóta.

Enn skal sorfið að

Í ályktun háskólaráðs segir að menntakerfi Íslands á háskólastigi hafi verið fjársvelt á undanförunum árum, hvort heldur sé tekið mið af fjármögnun háskólanáms á Norðurlöndum eða meðal ríkja OECD, og hefur Háskólinn á Hólum ekki farið varhluta af þeirri uggvænlegu þróun. Enn fremur segir að ársverkum við skólann hafi fækkað um 20% frá árinu 2009 (úr 51,6 í 40) á sama tíma og kostnaður vegna stundakennslu stendur í stað. „Álag og kröfur á starfsmenn skólans hafa margfaldast, og enn skal sorfið að sé mið tekið af frumvarpi til fjárlaga 2015. Samkvæmt frumvarpinu verður ekki greitt með 68 nemendum og nemur sú upphæð allt að 60 milljónum króna sem í raun vantar upp á eðlilegan rekstur skólans.“

Háskólinn á Hólum hefur í gegnum árin haft hátt hlutfall sértekna m.a. á formi rannsóknastyrkja og fagnar háskólaráð því að í fjárlögum sé veitt auknu fé í samkeppnissjóði en leggur áherslu á að rekstrarumhverfi skólans verður jafnframt að vera tryggt.

Heildartekjur landeigenda og eftirlitsaðila af hreindýraveiðum: Tæplega þúsund fá tekjur en mismiklar

– Færist í aukana að leyfum sé skilað

Heildartekjur eftirlitsaðila og landeigenda af sölu hreindýraveiðileyfa á síðasta ári voru rúmar 133 milljónir króna. Kostnaður Náttúrustofu Austurlands og Umhverfisstofnunar af rannsóknum er svipaður en Náttúrustofan þarf að afla sértekna til að mæta kostnaðinum.

Þetta kom fram í svari Sigurðar Inga Jóhannssonar, umhverfis- og auðlindaráðherra, við fyrirspurn Líneikar Önnu Sævarsdóttur, Framsóknarflokki, Norðausturkjördæmi, sem lagt var fram á Alþingi fyrir skömmu.

Fram kom í svari ráðherra að tekjur sem til verða þegar veiðimenn skila inn leyfum, m.a. ef þeir hafa ekki staðist skotpróf, hafa hækkað töluvert milli ára 2012 og 2013. Þá hafi almennt aukist að leyfum sé skilað.

Tekjur frá 82 þúsund upp í 1,2 milljónir

Bróðurpartur tekna fór til landeigenda og ábúenda, eða tæpar 107 milljónir króna, og skiptust þær á milli fjölda aðila, alls 962 fengu tekjur vegna hreindýraveiða. Meðaltalið er um 111 þúsund krónur, en hæsta greiðslan nam rúmunum 1,2 milljónum og sú lægsta var 82 þúsund. Vera kann



Bróðurpartur tekna fór til landeigenda og ábúenda, eða tæpar 107 milljónir króna, og skiptust þær á milli fjölda aðila, alls 962 fengu tekjur vegna hreindýraveiða.

Mynd / Austurglugginn

að einhver sé tvítalin, þ.e. fá arð af fleiri en einni jörð eða ef landareign skiptist milli margra.

Tekjurnar skiptust þannig að tæpar 80 milljónir króna fóru til einstaklinga og tæplega 27 milljónir til sveitarfélaga, ríkis eða lögaðila.

Fram kom einnig í svari ráðherra að kostnaður Umhverfisstofnunar við stjórn og eftirlit með veiðum nam rúmunum 19 milljónum króna og kostnaður Náttúrustofu Austurlands við vöktun og rannsóknir nam um 20 milljónum króna.

Umhverfisstofnun fékk um 2 milljónir af sölu leyfanna en Náttúrustofan 8,5 milljónir. Heildarkostnaður Náttúrustofunnar undanfarin fimm ár af vöktun og rannsóknum hefur numið ríflega 99 milljónum króna.

Tekjur af sölu leyfa hafa verið 28,5 milljónir og aðrar tekjur tæpar 58 milljónir, samtals 86,5 milljónir.

Viðbótartekjur koma frá Landsvirkjun

Stærstur hluti viðbótarteknanna hefur komið frá Landsvirkjun en styrkur þaðan hefur lækkað úr 12 milljónum árið 2009 í fimm milljónir árin 2012 og 2013. Fjárveiting frá fjárlaganefnd Alþingis upp á 6,4 milljónir króna var afnumin árið 2012. Uppsafnaður halli þessara fimm ára nemur því 12,8 milljónum króna en hann hefur aðallega orðið til síðustu tvö ár. Fram kemur í svarinu að honum hafi verið mætt með öðru rekstrarfé Náttúrustofunnar. /MPÞ

Sjóböð ehf. sækja um lóð við Húsavíkurhöfða

Bæjarstjórn Norðurþings tók til afgreiðslu erindi frá félaginu Sjóböð ehf. á Húsavík, en það hefur hug á að byggja upp og reka sjóböð við Húsavíkurhöfða.

Félagið hefur óskað eftir viðræðum við yfirvöld um lóð undir starfsemi sína, norðan og austan við vitann á Húsavíkurhöfða. Á lóðinni hyggst félagið byggja upp og reka sjóböð sem nýta munu heitt vatn úr borholum á svæðinu. Efnasamsetning vatnsins er talin heilsusamleg væntanlegum baðgestum. Áætluð stærð baðsvæðis er 985 m² og fyrirhugað byggingarmagn 498 m². Til lengri framtíðar verði mögulega byggt heilsuhótel á svæðinu í tengslum við sjóböðin.

Skipulags- og byggingarnefnd



Húsavík.

Mynd / HKr.

sveitarfélagsins hefur fagnað þeim hugmyndum sem fram koma í erindinu og gerir það í bókun sem samþykkt var samhljóða á fundi nefndarinnar á dögunum. Þar er einnig hvatt til þess að hafnar

verði viðræður við umsækjanda lóðarinnar um breytingar á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar. Sveitarstjórn Norðurþings tekur undir bókun nefndarinnar.

B&B Guesthouse

Á leiðinni til útlanda?

Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu

2 manna herbergi

9.000 kr

Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

VARMA

The Warmth of Iceland

Yndislegar ullarvörur á góðu verði



Sjálfskipaða nefndin.

Slátrrarar SS frá Hellu og Djúpadal fyrir hálfri öld:

Hittast í Hellubíói síðasta sumardag

Á morgun, föstudaginn 24. október, kl. 20, þegar gormánuður er á næsta leið, ætla slátrrarar frá Hellu og Djúpadal fyrir rúmri hálfri öld að hittast í Hellubíói.

Munu slátrararnir snæða saman og dansa með fornum tilþrifum, að sögn Sigurðar Sigurðssonar, fyrrverandi slátrara með meiru. Áður hafa Hellumenn hist af þessu tilefni, en það var árin 2011, 2005 og 1995, en nú ætla hóparnir frá Djúpadal og Hellu að sameinast og



Hér er Elli í Vatnsdal að leika í Smáratúni fyrir Djúpadalshópinn.



Fé í Áfangagili.

rifja upp gamlar gleðistundir ásamt mökum og vinum. Verði mun stillt í hóf, en gleðin við endurfundi verður ótakmörkuð, að sögn Sigurðar.

KUBOTA á svar við öllum þörfum

Eigum fyrirliggjandi KUBOTA traktora í 4 stærðum og gerðum.



KUBOTA M8560

Tilvalin í snatt og gjafir. Einstaklega lipur og skemmtileg tækjavél.

85 hestöfl. 6 gíra kassi með milligír. Kúplingsfrír vendigír.
2 - tvöföld vökvaúrtök, vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur.
Loftpúðasæti og rúmgott hús með loftkælingu og góðu útsýni í tækjavinnu.
Fáanleg með KUBOTA ámoksturstækjum.

KUBOTA M108s

Vinsælasta KUBOTA dráttarvélin

Alhliðavél sem hentar á hvaða bú sem er.
108 hestöfl. 4 gíra kassi með milligír. Kúplingsfrír vendigír.
3 - tvöföld vökvaúrtök. Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur.
Loftpúðasæti og rúmgott hús með loftkælingu. Mjög góð og lipur tækjavél.
Fáanleg með Stoll FZ10 ámoksturstækjum.



KUBOTA M110GX

Fyrir þá sem gera kröfur um þægindi, lipurð og áreiðanleika

Ný kynslóð af dráttarvélum frá KUBOTA.
110 hestöfl. Vökvaskiptur kassi með 8 milligírum og H/M/L drifi.
Sjálfskipting á milligírum. Kúplingsfrír vendigír.
3 tvöföld vökvaúrtök. Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur.
Eitt glæsilegasta og rúmbesta ökumannshús á markaðnum í dag.
Loftpúðaþjáðrandi ökumannssæti og bólstrað farpegasæti
Fáanleg með Trima +3,0 ámoksturstækjum.



KUBOTA M135GX

Flaggskipið frá KUBOTA með fjaðrandi framhásingu.

135 hestöfl. Vökvaskiptur kassi með 8 milligírum og H/M/L drifi.
Sjálfskipting á milligírum. Kúplingsfrír vendigír.
3 tvöföld vökvaúrtök. Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur
Eitt glæsilegasta og rúmbesta ökumannshús á markaðnum í dag.
Loftpúðaþjáðrandi ökumannssæti og bólstrað farpegasæti
Fáanleg með Trima +4,0 ámoksturstækjum.



Þ Ó R F

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



STEEKUR



Hvert er innihaldið?

Umræða um upprunamerkingar og innihaldslýsingar á matvælum kemur upp reglulega enda um nauðsynjamál að ræða. Neytendur eiga að sjálfsögðu rétt á að vita hvaðan maturinn þeirra kemur og hvað hann inniheldur. Rangar og villandi upplýsingar koma sér illa fyrir alla.

Ein af þeim sögum sem skotið hafa upp kollinum og tengist villandi upplýsingum um innihaldslýsingar fjallar um fjölþjóðlegt matvælafyrirtæki sem framleiðir barnamat. Samkvæmt sögunni ætlaði fyrirtækið að stækka markaðssvæði sitt og lagði út í mikinn kostnað við að auka sölu barnamatar á svæðum þar sem ólæsi var mikið. Markaðssetningin misheppnaðist hins vegar gersamlega og fyrirtækið tapaði stórfé. Í góðri trú notaði það sömu mynd í auglýsingaherferð sinni og á umbúðirnar og það hafði gert með góðum árangri á Vesturlöndum. Myndin á umbúðunum sýndi ungbarn sem brosti út að eyrum.

Markaðstæknar og auglýsingafræðingar fyrirtækisins reiknuðu ekki með menningarlegum mun svæðanna. Stór hluti væntanlegra kaupenda var ólæs og reiddi sig á myndir þegar hann valdi vörur í verslunum. Fólkið ályktaði sem svo að myndin af barninu á umbúðunum lýsti innihaldi þeirra og að fólk á Vesturlöndum hakkaði niður börn og borðaði þau úr dósun.

Kjúklingar í flöskum

Í svipaðri sögu er sagt frá kínverskum innflytjendum í Bandaríkjunum sem ekki kunna að lesa og reiða sig því á myndirnar á umbúðum neysluvara. Kínverjarnir kaupa flösku af kryddolíu með mynd af kjúklingi og skilja ekkert í því að kjúklingurinn skuli ekki renna úr flöskunni þegar þeir reyna að hella honum á diskinn.

Ólíkir eiginleikar M&M

Hugmyndir um innihalds-eiginleika matvæla geta tekið á sig sérkennilegar og huglægar myndir. Allt frá því M&M sælgæti kom á markað hafa verið uppi sögusagnir um mismunandi eiginleika hinna ólíku kúlna. Ef síðasta kúlan í pokaunum er rauð er hægt að óska sér og ef hún er gul á sá sem hana fær að halda sig heima við daginn eftir. Appelsínugular kúlur veita gæfu en brúnar ógæfu.

Rétt eftir 1970 fóru af stað sögur þess efnis að grænt M&M væri frábær kynhvati sem kæmi lötustu karlmönnum á fætur og kveikti undir hjá kynköldustu konum.

Vil vita hvað ég er að borða

Til skamms tíma reiddi ég mig nánast eingöngu á útlit umbúða við innkaup og eftir því sem myndirnar og litirnir höfðuðu meira til mín því meira keypti ég. Í seinni tíð hef ég í auknum mæli farið að lesa innihaldslýsingar og upprunamerkingar.

Ég vil einfaldlega vita hvað ég er að kaupa og hvaðan það kemur. Það að umbúðir höfði til barna þýðir ekki endilega að innihaldið sé þeim hollt. Íslandsnaut frá Spáni eða baul í fernu er ekki það sem mig langar í þegar ég kaupí mér nautasteik og mjólk. /VH



Báran er í einni af elstu uppistandandi byggingum Þórshafnar en húsnæðið var fyrst byggt sem hraðfrystihús og sláturhús fyrir Kaupfélag Langnesinga. Það má sjá fyrir miðri mynd.

Eistlendingar í veitingarekstri á Þórshöfn á Langanesi

Á Þórshöfn á Langanesi hefur verið veitingastaður við hafnarbakkann síðan árið 1994 þegar húsnæðið var gert upp og Hafnarbarinn opnaður. Í dag heitir staðurinn Báran og fyrir mánuði síðan tóku tveir Eistlendingar við rekstrinum en það eru þau Kadri Laube og Nik Peroš.

Fyrir fjórum árum síðan kom Kadri fyrst til landsins og hafði ekki hugmynd um hvert hún væri að fara, bara að hún væri búin að ráða sig sem tónlistarkennara í lítið sjávarþorp á Íslandi. Planið var að stoppa í eitt ár þar sem börnin hennar búa með móður hennar og fjölskyldu í Eistlandi en fjórum árum seinna er hún hér enn. Allt sumarið er hún með fjölskyldunni í Eistlandi og spilar á tónleikum vítt og breitt, en hún er landsþekktur tónlistarmaður í þjóðlagatónlist. Hún segir að það sé mjög gaman að eiga svona tvö líf, annað á Íslandi sem kennari og nú í veitingarekstri, og hitt er í Eistlandi á bóndabæ með fjölskyldunni þar sem hún sinnir tónlistinni af kappi og vinnur einnig í tónlistarbúðum. Í sumar mun hún þó vera eitthvað á Íslandi líka með börnunum sínum og sinna veitingarrekstrinum.

Hélt hann væri að fara til Þorlákshafnar

Nik Peroš kom til Íslands árið 2011 með skólahóp frá Eistlandi en hann er menntaður kennari. Hann hafði komist í samband við eistneskan tónlistarkennara á Þórshöfn en þegar þau komu til Þórshafnar höfðu orðið mannaskipti og Kadri komin til starfa. Þannig kynntust þau fyrst. Eftir þessa heimsókn myndaðist samband á milli Grunnskólans á Þórshöfn og grunnskólans sem Nik vann við í Eistlandi og hafa unglingahópar ferðast í heimsóknir landanna á milli. Hann eignaðist vini á Þórshöfn og þegar Sóley Vífilisdóttir, eigandi Bárunnar, bauð honum sumarstarf í fyrra tók hann því. Í sumar kom hann aftur og upp úr því ákváðu þau Kadri að leigja reksturinn og stefna á að kaupa staðinn.

Nik segist una sér vel á Þórshöfn og hlær að því að þegar hann kom til landsins hélt hann að leiðin lægi til Þorlákshafnar en það er nokkuð algengur misskilningur. Þótt hann sé ekki menntaður kokkur þá hefur hann að eigin sögn alist upp á veitingahúsum, faðir hans á veitingastað og hótél í Eistlandi og bræður hans tveir eru einnig kokkar.

Hollari skyndibiti og matur úr héraði

Nik hefur jafnan mörg járn í eldinum og í vetur kennir hann heimilisfræði við grunnskólann. Hann segir



Kadri og Nik segja íslenska lambakjötið vera sérstaklega gott og eru hrifin af því að dýrin fái að ganga frjáls.



Mikil natni er lögð í eldamennskuna og að framreiða lystugan mat.

mikilvægt fyrir börnin að sjá einnig karlkyns matreiðslukennara því það sé oft of kynbundið starf. Hann segist leggja áherslu á það við krakkana að nýta allan mat og reynir að kenna þeim að það er hægt að búa til hollan mat á 5–10 mínútum úr einhverju sem þægilegt er að grípa í ísskápnum. Nik er ekki hrifinn af hefðbundnum skyndibita og segir þá menningu allt of sterka á Íslandi. Á Bárunni leggja þau áherslu á að bjóða upp á alls kyns mat fyrir sanngjarnt verð og vonast til að það skili sér í hollari matarvenjum hjá viðskiptavinum. Þau segja þetta leggjast vel í viðskiptavinina og þó nokkuð af ungu fólki hafi pantað pastarétti eða aðra rétti til heimtöku, sem áður hefði ekki pantað annað



Útsýnið af svölum Bárunnar er einstakt á sumarkvöldum.

en pitsu. Á matseðlinum má meðal annars finna Quinoa-salat en það er eitthvað sem ekki sést víða hérlendis. Þau leggja einnig áherslu á að hafa kjöt og fisk frá heimafólki, sem og annað sem kaupa má í nágrenninu.

Lifandi tónlist fyrir gesti

Kadri segir að þau vilji að staðurinn hafi félagslegt gildi fyrir þorpsbúana, meira en bara stað til að borða góðan mat. Þau stefna að því að fá píanó og einhverjar tónlistaruppakomur verða í vetur enda er þetta einnig bar og skemmtistaður. En spilar hún sjálf fyrir gesti? Já, þegar stemning er fyrir því þá grípur hún harmonikkuna eða fiðluna enda jafnvíg á hin ýmsu hljóðfæri. Hún nefnir nýlegt dæmi

þar sem skipsáhöfn hafi verið að skemmta sér og einn þeirra mætti með gítar, hún dró þá upp fiðluna á móti og úr varð hin mesta skemmtun alveg óundirbúið.

Nik segist hafa áhuga á að auka ferðamannastraum á svæðið og hefur greinilega einhver áform í gangi þar er varðar ferðamenn frá Eistlandi. Hann segir það sorglegt að heyra fólk segjast hafa skoðað Ísland þegar það hefur ekki séð annað en Bláa lónið og Gullna hringinn. Hann vill að fólk sjái landið sjálft, menninguna og upplifi eitthvað annað er fjölfarna ferðamannastaði. Það er alveg óhætt að segja að þau séu efnileg í veitingarekstinum þessi tvö og getur blaðamaður vottað að maturinn er ljúffengur. /GBJ

VÖRU-
GJOLD
AFNUMIN

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU ÞVOTTADAGAR

**22% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÞVOTTAVÉLUM,
ÞURRKURUM OG UPPÞVOTTAVÉLUM.**

Afslátturinn vegna væntanlegrar vörugjaldsniðurfellingar (17%)
er hluti af ofangreindum afslætti.

0%
VEXTIR
Vaxtalausar
raðgreiðslur
í tólf mánuði*

**MÍNUS
22%**



ZANUSSI

ÞVOTTAVÉL

ZWGB6120K

Tekur 6 kg af þvotti, 1200
snúninga vinda og sjálfvirk
vatnsskömmtn.

77.922

Verð áður 99.900

**MÍNUS
22%**



ZANUSSI

ÞURRKARI - BARKALAUS

ZTEB171

Tekur 7 kg af þvotti, snýr tromlu í
báðar áttir, er með rakaskynjara
og krumpuvörn.

74.022

Verð áður 94.900

**MÍNUS
22%**



AEG

ÞURRKARI - BARKALAUS

T61270AC

Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af
tromlu sem minnkar slit og dregur
úr krumpum. Snýr tromlu í báðar
áttir og er með rakaskynjara.

109.122

Verð áður 139.900

**MÍNUS
22%**



AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 60260FL

Tekur 6 kg af þvotti. 1200
snúningar. Öll hugsanleg
þvottakerfi. Íslensk
notendahandbók

106.002

Verð áður 135.900

**MÍNUS
22%**



AEG

UPPÞVOTTAVÉL

56302MO

Topplaus undir borðplötu.
Vatnsskynjari, hljóðlát með 5
þvottakerfi.

HVÍT **101.322**

Verð áður 139.900

STÁL **109.122**

Verð áður 139.900

**MÍNUS
22%**



AEG

UPPÞVOTTAVÉL

F66692M0P

Topplaus undir borðplötu.
Vatnsskynjari, hljóðlát með 5
þvottakerfi og þurrkar með heitum
blæstri.

HVÍT **140.322**

Verð áður 179.900

STÁL **148.122**

Verð áður 189.900

ORMSSON

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 · LAUGARDAGA KL. 11-15

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR · BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

Fuglavarnir í íslenskum kornökum:

Hljóðkerfi með fuglavarnar-hljóðum hafa gefist vel

– kostnaður við kerfin hefur borgað sig upp á einu sumri

Í Bændablaðinu um miðjan ágústmánuð síðastliðinn var sagt frá nýrri tækni á Íslandi til að halda gæsum og álfum frá ræktarlöndum bænda – ekki síst vegna ágangs í kornræktarlönd.

Um hljóðkerfi er að ræða þar sem viðvörunarhljóð fuglategundar eru spiluð til að fæla viðkomandi tegund frá tilteknum svæðum. Var búnaðurinn aðlagður íslenskum aðstæðum en að sögn Jónasar Björgvinssonar – sem á og rekur fyrirtækið Fuglavarnir og er umboðsaðili kerfanna á Íslandi – þekkest ágangur álfra í kornræktarlöndum, hvergi nema á Íslandi.

„Það eru þó nokkur hljóðkerfi með álfthljóðum komin í umferð á Suðurlandi – líklega nálægt tuttugu tæki. Þótt þessi reynslutími frá því í ágúst sé stuttur, sýnir það sig að búnaðurinn virkar á álfina. Hann virkar þó betur á gæsina í þeim skilningi að hvert tæki nær yfir stærra svæði á gæsina; eða allt að 500–600 metra. Stærð svæðisins sem álfthljóðkerfið nær yfir er um 200 metrar – eða um fjórir hektarar.

Einnig þarf að stilla búnaðinn öðruvísi þegar álfina á í hlut, þannig að aðvörunarhljóðin eru spiluð öðru þvi álfina er svífasein og værukærari en gæsin. Við teljum að við flestar aðstæður sé best að vera með tvö tæki þótt kornakur sé aðeins átta hektarar eða stærri. Þá geta tækin farið af stað sitt á hvað og unnið saman að því að valda óöryggi hjá fuglinum,“ segir Jónas.

Kostnaður hefur borgað sig upp á einu sumri

Að sögn Jónasar hafa sumir sett kostnaðinn fyrir sig, þótt þeir séu með viðvarandi vandamál af fugli og fyrirséð fjárhagstjón. „Til að bera saman tjón og verð á varnarbúnaði þá er talað um að einn glataður hektari



Jónas við eitt hljóðkerfið.

með ræktuðu korni geti verið tjón upp á um 200 þúsund krónur. Eitt stykki 360 gráðu Compact tæki með standi kostar um 270 þúsund krónur. Sem er þá um 1,4 hektarar að verðmætum. Svona tæki getur örugglega varið á bilinu fjóra til tólf hektara næstu fimm árin. Það gera alls um 20–60 hektara. Samtals er það á bilinu fjórar til tólf milljónir króna. Svo að fjárfestingin er ótvírætt arðbær. Enda er það svo þegar hjá mörgum okkar viðskiptavinum að búnaðurinn hefur þegar borgað sig upp á einu sumri.

Við gefum einnig bændum kost á að prófa búnaðinn eða fá hundrað prósent endurgreiðslu, ef engin árangur næst yfir sumarið.

Fyrir stærri ræktendur með 50–100 hektara þyrfti að byrja með að lágmarki 5 tæki. Þó er ekki víst að þurfi að stækka kerfið mikið eða í beinu hlutfalli við hektaratölu því oft er fugl að sækja staðbundið í ákveðna hluta eða jaðra kornakra. Fer það þó mjög eftir aðstæðum. Klárlega er tjónið oft mikið hjá stærri ræktendum og getur numið allt að 10 milljónum króna.

Við ætlum okkur að betrubæta álfthljóðkerfið fyrir næsta ár og einnig er von á nýrri kynslóð tækis sem virkar enn betur í landbúnaði.“ /smh



Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur nr. 577/2014. Samkvæmt úthlutunarreglunum er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum.
- viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingararfleifarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minsjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til 1. desember 2014. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsendu umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á heimasíðu Minsjastofnunar Íslands, undir gagnasafni og á Húsvörðarstofu í Borgarsögusafni Reykjavíkur/Árbæjarsafni.



Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is

Dagný Bjarnadóttir með verkefni á jaðri listsköpunar og landslagsarkitektúrs:

Nýtir úrgang sem efnivið í sinni sköpun

Þriðjudaginn 14. október flutti Dagný Bjarnadóttir fyrirlestur í húsnæði Garðyrkjufélags Íslands í Síðumúla þar sem hún fjallaði um möguleikana á nýtingu úrgangs sem efniviðar, til dæmis í listsköpun, til vöruhönnunar og í landslagsarkitektúr.

Dagný, sem er einmitt landslagsarkitekt, segir að áhugi hennar á efninu sé tilkominn bæði úr faglegum bakgrunni hennar, en einnig frá hennar hugsjón á sviði endurvinnslu og umhverfisverndar. „Ég sé í efninu tækifæri sem ekki eru nýtt og svo finnst mér að í hönnunarferlinu liggja mikil tækifæri og ábyrgð til að beina sjónum að betri og vistvænni nýtingu auðlinda. Ef hlutur er ekki hannaður þannig að hann geti skilað sér beint til baka þaðan sem hann kom eða í endurnýtanlega hringrás, þá er hann einfaldlega ekki rétt hannaður – og þá erum við farin að sóa verðmætum. Þarna hvílir einmitt okkar ábyrgð og það krefst hugvits að leysa þetta vel, þar kemur einmitt hönnunarhugsunin sterkt inn, þar sem til dæmis hugsunin ætti að vera frá vöggum til vöggum, en ekki frá vöggum til grafar.“

Dreymir um útivistarsvæði gert úr förgunarefni

Dagný segir að þau verkefni sem hún hefur unnið að og notað úrgang sem efnivið, séu mörg á jaðri listsköpunar og landslagsarkitektúrs. „Það eru enda nánir snertifletir þarna á milli. Eins er þetta líka vöruhönnun og vöruþróun. Mig dreymir um að gera útivistarsvæði sem væri að miklu leyti byggt úr förgunarefni, þar sem hlutirnir væru settir í allt annað samhengi en þeir komu úr. Að undanförmu hef ég mjög mikið verið að vinna með mulið endurvinnslugler sem yfirborðsefni og sé líka fyrir mér vöruþróun úr því. Einnig hef ég hannað bekkir úr íslenskum grisjunarvið undir vörumerkinu fang, en þeir eru smíðaðir á verkstæðum Litla-Hrauns, en efnið hef ég fengið frá skógræktarfélagum á Suðurlandi.

Í sjónvarpsþáttunum Flikk flakk sem sýndir voru 2012 á RÚV, má líka sjá endurnýtingu á ýmsum hlutum. En í þáttunum voru fjórir hönnuðir, þar á meðal ég, fengnir til að skapa nýtt torg í tveimur bæjarfélögum á svæðum sem annars voru illa nýtt og framkvæma svo hugmyndina á þremur dögum.“

Ætti að vera hægt að endurnýta allt

Að sögn Dagnýjar ætti að vera hægt að endurnýta allt efni úr neyslusamfélaginu, en í dag sé staðan sú að efnin séu misverðmæt



Gegndræpt yfirborð úr grjóti og gleri.



Dagný Bjarnadóttir.

og nýtileg. „Mér dettur reyndar ekki í hug neitt efni sem ekki mætti nýta. Allt í neyslusamfélaginu á sér uppruna sem það ætti að geta farið aftur til, stundum er erfitt að kljúfa í sundur hluti sem eiga heima hvort í sinni endurvinnslunni. Ég veit að plastefni eru misverðmæt og sum svo ódýr að það svarar ekki kostnaði að endurvinnna þau, sem er galli í sjálfu sér. Því plastefni sem haldast í sinni hringrás verða að verðmætum aftur og aftur, en plastefnum sem er fargað í náttúrunni eru að sjálfsgöðu til mikils skaða.

Við Íslendingar getum örugglega gert marga og orðið leiðandi á þessu sviði ef við viljum. Ég væri til dæmis sjálf til í að hafa ruslatunnu fyrir plast heima hjá mér. Í rauninni ætti ekki að vera til neitt sem heitir sorp ef allt rataði í réttan farveg, og við myndum bara tala um efnisflokkun. Ég er sjálf með mólta og lít á það sem algjör verðmæti og það væri t.d. eitthvað sem allir ættu að geta flokkað frá og skilað til náttúrunnar.

Glerið er dálítið vandræðabarn í endurvinnslumálum hér á Íslandi og sennilega víðar. Ástæðan fyrir því að flöskur eru ekki þvegnar og endurnýttar er vegna þess að það er



óðýrara að búa til nýjar. Í Evrópu er að ég held orðið bannað að urða gler, sumar flöskur hjá þeim eru endurnýttar en annað er brætt aftur, eða mulið og notað í öðru samhengi. Mér finnst þetta efni svo ótrúlega falllegt og mikil sóun á orku að það endi ofan í jörðinni. Það er bæði hægt að nýta það í malbik og í þetta yfirborðsefni sem ég er að vinna og svo uppgötvuðum við hliðarafurð við vinnsluna, sem er glersallinn eða duftið sem hægt er að nota til slípunar á málum o.fl. Svona efni er flutt inn til landsins í tonnávís, sem við getum hæglega búið til.“

Sementsverksmiðjan hentug til glervinnslu

„Eftir að ég skoðaði sementsverksmiðjuna á Akranesi fannst mér svo upplagt að hún myndi breytast í þessa glervinnslu, þar væri bæði hægt að tromla það í efnið sem ég nota, hægt væri að skilja sallann frá í slípunina og svo eru ofnar sem gætu brætt glerið. Mér fannst líka eins og hringnum væri lokað með því að breyta henni í glervinnslu, þar sem að glerið er mikið til unnið úr skeljasandi eins og sementið sem þar var áður unnið og þannig værum við að skila til baka aftur sem búið er að taka úr náttúrunni annars staðar.“ /smh



Heiðruð fyrir framlag sitt til hestamennskunnar

Við setningu Landsþings hestamanna (LH) á Hótel Selfossi föstudaginn 17. október voru nokkrir félagar innan LH heiðraðir fyrir störf sín í þágu hestamennskunnar.

Það var Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra sem afhenti fólkinu heiðursnælu.

Á myndinni, talið frá hægri, má

sjá þá sem fengu viðurkenningar. Fyrstur er Haraldur Þórarinnsson, sem var þá formaður LH, Hólmfríður Ingólfsdóttir frá Loga, Bjarnleifur Bjarnleifsson frá Spretti, Jón B. Olsen frá Mána, Sigrún Sigurðardóttir frá Fáki, Kristinn Guðnason frá Geysi, Rosmarie Þorleifsdóttir, sem tók við viðurkenningunni fyrir mann sinn, Sigfús Guðmundsson frá Smára,

Hermann Árnason frá Sindra og loks er þarna Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra.

Um 140 manns sóttu þingið og á laugardegnum 18. október var þinginu slitið eftir að Haraldur sagði af sér sem formaður og öll stjórnin þar á eftir vegna vals á landsmótsstað 2016. Framhaldsþing verður haldið 8. nóvember. /MHH

Ertu að lifa lífinu til fulls?

Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri.
Fita sest einnig á líffærin. Lifrafita getur haft áhrif á þína vellíðan

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði. Lifrastarfsemin hefur mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir lifrafitu. Það getur verið vegna áfengisneyslu en lifrafita er einnig algengt vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Preyta og þróttleysi eru algeng merki þess að mikið álag er á lifrinni.

Nýtur þú lífsins of mikið?

Þegar þú lifir lífinu til fulls þá er auðvelt að finna fyrir því og það sést. Nú geturðu fengið hjálp: Active Liver styður við niðurbrot fitunnar í þörmunum, bætir meltinguna og stuðlar að eðlilegri lifrastarfsemi.

Þú leiðir ekki hugann dagsdaglega að lifrinni. En hún gegnir mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og fitugur matur veldur of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar- og gallsins.

Fimm góðar ástæður fyrir því að taka inn Active Liver

- 1: Eykur virkni lifrarinnar- og gallsins
- 2: Eykur fitubrennslu
- 3: Stuðlar að daglegri hreinsun líkamans
- 4: Bætir meltinguna
- 5: Inniheldur einungis náttúruleg jurtabyggin, td. Mjólkurþistill, Ætipistill, Kólín, Túrmerik og Svartur pipar

Leyndarmálið um Active Liver

Active Liver inniheldur náttúrulegt jurtabyggni kólín, sem er þekkt fyrir að örva virkni lifrarinnar og gallsins og einnig mjólkurþistil, ætipistil, túrmerik og svartan pipar. Þessi efni eru mikilvæg fyrir fitubrennslu og hjálpa til við að minnka lifrafitu.

Active Liver er fáanlegt

Í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.



Active Liver er gott „vítamín“ fyrir lifrina.
Taktu inn eina töflu daglega.



Algjör bylting á heilsunni eftir að ég fann Bio Kult Original gerlana



Þórunn G. Þórarinsdóttir
heilsuráðgjafi

Mig langar að deila með ykkur reynslu minni af Bio Kult Original gerlunum.

Forsagan er þannig að ég var mjög veik í mörg ár. Ég ákvað að taka málin í mínar hendur og breytti mataræðinu alveg en náði samt ekki alveg fullri heilsu.

Ég hóf þá að kynna mér hvað góðir gerlar geta gert fyrir heilsuna.

Ég fann eftir mikla leit á netinu og víðar að sennilega vantaði mig einn ákveðin geril í meltingaflóruna en það er svokallaður jarðargerill (e. Bacillus Subtilis).

Ég fór að leita að lifandi gerlablöndum hér á landi sem innihalda þennan geril en það virtist ekki vera í neinum nema Bio Kult Original vörunni. Ég ákvað að prófa, og þá viti menn, það varð algjör umbylting á heilsunni hjá mér!

Þar sem ég hef unnið við heilsuráðgjöf þá ákvað ég upp á mitt einsdæmi að breiða út mína vitneskju og ánægju mína með Bio Kult Original gerlana því þeir hafa algjörlega breytt lífi mínu.

Gerlarnir hjálpa fólki m.a. með meltingarvandamál og mæli ég með því við mína skjólstaðinga sem eiga sem dæmi við hægðatregðu að stríða að nota Bio Kult Original þar sem þeir hjálpa m.a. til við útskilnað í meltingarveginum.

Öll þurfum við að losa úr meltingarveginum uppsöfnuð óæskileg efni sem við fáum með neyslu á



sumum matvælum og til þess mæli ég alltaf með Bio Kult Original gerlunum.

Þá er einnig vert að geta þess að ég hef notað Bio Kult Original gerlana líka fyrir hundinn minn sem er 10 ára gamall af Cavalier gerð. Hún varð veik í maga og alltaf að róta í mold og éta hana, það var eins og hana vantaði eitthvað ákveðið efni. Ég prófaði að gefa henni Bio Kult Original gerlana sem ég setti út í matinn hennar daglega. Hún lagaðist heilmikið og hef ég síðan haldið áfram að gefa henni Bio Kult Original gerlana á hverjum degi með góðum árangri.

Ég er ákaflega þakklát fyrir Bio Kult Original gerlana, því þeir hafa algjörlega breytt minni heilsu og hundsins! Ég mæli hiklaust með Bio Kult Original fyrir alla.

Þórunn G. Þórarinsdóttir
heilsuráðgjafi

Brizo fyrir bununa

Nú vakna ég útsofinn og -hvíldur

Ég er kominn á sjötugsaldurinn og undanfarin ár hef ég þurft að hafa þvaglát allt að þrisvar sinnum á nóttu. Þetta hvímléiða vandamál var alltaf að ágerast, það olli mér vanlíðan og ég náði ekki að hvílast eins og ég þurfti. Eftir að ég fór að taka inn Brizo-hylkin hefur líðan mín gjörbreytt. Ég þarf miklu sjaldnar að vakna á nóttunni og er því úthvöldur að morgni. Sviðinn, sem einnig angarði mig er nánast horfinn.

Ég mæli hiklaust með Brizo fyrir karlmenn á mínum aldri sem eiga við þetta vandamál að etja.

Finnur Eiríksson



Fæst í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna - einngi á netverslun www.icecare.is

Þú finnur okkur á:



Fræ tíu þúsund afbrigða nytjaplantna send til varðveislu á Svalbarða:


Dómsdagshvelfingin gæti verið okkar eina von

Um 10.000 afbrigði nytjaplantna frá um 100 löndum voru nýlega send til varðveislu í fræhvelfingunni á Svalbarða. Varðveisla erfðaefnis er gríðarlega mikilvæg til að tryggja fæðuöryggi í framtíðinni.

Í sendingunni er meðal annars að finna fjölda afbrigða af plöntum eins og hveiti, bygg, maís, jarðhnetum, ýmissa austurlenskra ávaxtaplantna og grænmetis frá Afríku. Í hvelfingunni eru fyrir fræ af um 850.000 afbrigðum plantna sem geyma í sér þúsunda ára ræktunarsögu.

Afbrigðin sem fara til geymslu núna eru meðal annars frá löndum Búlgaríu, Kólumbíu, Indland og Taívan.

Undanfarna áratugi hafa loftslagsbreytingar, eyðing búsvæða, ófriður, mengun og einræktun gert það að verkum að fjöldi ræktunarafbrigða hefur dregist saman og sum jafnvel dáið út. Frægeymslunni á Svalbarða, sem gengur undir nafninu Dómsdagshvelfingin, er ætlað að varðveita fágæta stofna nytjaplantna svo hægt sé að grípa til þeirra við kynbætur plantna í framtíðinni gerist þess þörf. /VH



Inngangur fræhvelfingarinnar á Svalbarða. Fyrir neðan má sjá flugvöllinn og flugstöðvarbygginguna sem er skammt frá norska bænum Longyearbyen.

Allt að 69% meira af andoxunarefnum í lífrænt ræktuðum afurðum:

Ræktunaraðferðir hafa áhrif á gæði matvara

Hópur alþjóðlegra sérfræðinga undir stjórn háskólans í Newcastle á Bretlandseyjum segist hafa sannað að lífrænt ræktaðar afurðir innihaldi allt að 60% meira af andoxunarefnum en afurðir sem ræktaðar eru samkvæmt hefðbundnum ræktunaraðferðum.

Þrátt fyrir ágreining um gagnsemi andoxunarefna bendir ýmislegt til að þau geti dregið úr líkum á hjarta- og æðasjúkdómum og jafnvel krabbameini. Einnig er talið að þau geti dregið úr hættu á æðakölkun og blóðtappa auk þess að minnka myndun á hrukum.

Niðurstöður rannsóknanna, sem eru þær stærstu sinnar tegundar,

voru birtar í British Journal of Nutrition. Niðurstöðurnar sýna að með því að breyta um mataræði og borða eingöngu lífrænt ræktaða ávexti, grænmeti og korn þurfi einstaklingar minni skammt til að taka upp sama magn af andoxunarefnum en úr sömu fæðu sem ekki er lífrænt ræktað.

Rannsóknirnar sýndu einnig að hlutfall þungmálma var verulega mikið hærra í ávöxtum, grænmeti og korni sem var ekki lífrænt ræktað.

Tilbúinn áburður dregur úr magni andoxunarefna

Prófessor Carlo Leifert, sem leiddi

rannsóknina, segir að niðurstöður rannsókna séu góð viðbót í þekkingarbanka neytenda þar sem upplýsingar um ólíkar ræktunaraðferðir séu oft og tíðum ruglingslegar og jafnvel villandi.

Leifert segir að rannsóknirnar sýni svo ekki verði um villst að það hvernig matur er ræktaður hafi ótvíræð áhrif á gæði fæðunnar. Dæmi um það er að þegar mikið er notað af tilbúnum nitur- og fósforáburði dregur það úr magni andoxunarefna í afurðunum. Notkun slíks áburðar er ekki leyfð í lífrænni ræktun.

Meira vítamín og færri kalóríur

Samkvæmt mælingum rannsóknarteymisins var styrkur andoxunarefna í lífrænt ræktaðum afurðum á bilinu 18 til 69% hærri en í afurðum ræktaðum samkvæmt aðferðafræði hefðbundins landbúnaðar. Einnig var mælanlegt magn af vítamínun meira í lífrænt ræktaðum ávöxtum og grænmeti. Með því að borða lífrænt er neytandinn því að fá meira af andoxunarefnum og vítamínun en minna af kalóríum.

Að meðaltali mældist 48% minna af þungmálminum kadmíum í lífrænum afurðum. Kadmíum er einn þriggja þungmálma, auk blýs og kvikasílfurs, sem má samkvæmt reglum Evrópusambandsins einungis finnast í takmörkuðu magni í matvælum.

Þar sem notkun á tilbúnum áburði er óheimil í lífrænni ræktun mældist magn niturs í slíkum afurðum mun minna en öðrum. Hátt niturhlutfall er talið óæskilegt í matvælum og talið geta aukið líkur á krabbameini í maga og öðrum meltingarsjúkdómum. Víða mældist magn skordýra-



Með því að borða lífrænt er neytandinn að fá meira af andoxunarefnum og vítamínun en minna af kalóríum.

eiturs yfir leyfilegum mörkum í spínati, höfrum, ferskjum, appelsínun, jarðarberjum, salati og

eplum, svo nokkur dæmi séu nefnd, sem ekki voru lífrænt ræktað.

/VH



Háskólinn á Hólum
auglýsir eftirfarandi
kynbótahross til sölu

1. **Svaði** IS2009158304 (BLUP 124)
2. **Flugnir** IS2009158309 (BLUP 117)
3. **Alfa** IS2008258307 (BLUP 118)

Öll hrossin hafa verið sýnd í kynbótadómi. Skrifleg tilboð þurfa að berast skrifstofu skólans í síðasta lagi 10. nóvember nk. Merkt: Háskólinn á Hólum, Guðmundur Eypórsson – tilboð í hross. Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum. Frekari upplýsingar hjá sveinn@holar.is.

Hvammstangi: Framlag til dreif- náms verði tryggt

Byggðarráð Húnaþings vestra gerði á dögunum alvarlegar athugasemdir við að framlag til dreifnáms á Hvammstanga væri fellt niður í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2015 sem lagt var fram á Alþingi nýverið.

Skýringar hafa nú komið frá mennta- og menningarmála-ráðuneytinu um að framlagið verði veitt árið 2015 eins og gert er ráð fyrir í sóknaráætlun.

Í frumvarpi til fjárlaga 2015 er tímabundin fjárveiting vegna framhaldsdeildar á Hvammstanga felld niður af viðfangi 02-319 1.11 Sameiginleg þjónusta. Um er að ræða hluta af heildarframlagi til deildarinnar, þ.e. 3,4 m.kr. af 6,2 m.kr. framlagi sem gert er ráð fyrir til deildarinnar á yfirstandandi ári.

Í fjárlögum 2014 var veitt 25 m.kr. framlag til að styrkja framhaldsdeildir á landsbyggðinni og er gert ráð fyrir að það sem upp á vanti vegna framlags til framhaldsdeildar á Hvammstanga verði tekið af því fé á næsta ári.

Á fundi sveitarstjórnar með þingmönnum kom fram einarður vilji allra að fjármögnun dreifnáms í sveitarfélaginu verði tryggt til næstu fimm ára og hún sérgreind á fjárlögum. Sagt er frá þessu á vef Húnaþings vestra.

Bæjarráð Norðurlþings: Mótmælir skertri póstþjónustu

Bæjarráð Norðurlþings fékk til umsagnar tillögu Íslandspósts sem Póst- og fjarskiptastofnun hafði sent sveitarfélaginu og lýtur að skerðingu á þjónustu.

Fram kemur í tillögunni að fyrirhuguð er fækkun dreifingardaga í dreifðari byggðum landsins og fellur m.a. Raufarhöfn og Kópasker undir þá skilgreiningu Íslandspósts.

Bæjarráð tekur í bókun undir áhyggjur Íslandspósts um ástand vega í sveitarfélaginu en leggst alfarið gegn skerðingu á póstþjónustu í dreifðum byggðum Norðurlþings.



Herdís Gunnarsdóttir.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands: Nýr forstjóri

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur skipað Herdís Gunnarsdóttur forstjóra nýrrar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sem tekur til starfa 1. október næstkomandi.

Herdís var valin úr hópi tíu umsækjenda. Ný Heilbrigðisstofnun Suðurlands verður til við sameiningu heilbrigðisstofnananna á Selfossi, Höfn og í Vestmannaeyjum. Herdís er fædd í Reykjavík 1968. Eiginmaður hennar er Guðmundur Örn Guðjónsson, aðalvarðstjóri hjá Ríkislögreglustjóra, en hann starfar nú sem yfirmaður öryggismála hjá Stjórnarráðinu. Þau eiga þrjá drengi.

Pinnabyssur og púðurskot



Skot, 9x17mm:
4.400kr, 50stk
Skot, 1,25gr:
1.320kr, 20stk



Eigum nú til á lager pinna-
byssurnar frá Blitz, kr. 35.990

Egilsholti 1, 310 Borgarnesi
Afgreiðsla, sími 430 5500
Opið virka daga 8-18
www.kb.is, margret@kb.is



Búfénaður skal ávallt hafa aðgang að saltsteini



FÓÐURBLANDAN
í héraði hjá þér

FB Selfossi sími 570 9840 : FB Hvolsvelli sími 570 9850 : FB Egilsstöðum sími 570 9860
Fóðurblandan Korngröðum 12 104 Reykjavík Sími 570 9800 Fax 570 9801 fodur@fodur.is www.fodur.is



Móttökustaðir fyrir ull og afhending umbúða

Söfnunarstaður	Flutningsaðili	Sími	Ullarpokar fást hjá	Sími
Mosfellsbær	Ístex hf. Völuteig 6	566-6300	Ístex hf. Völuteig 6	566-6300
Borgarnes	Magnús Kristjánsson	434-1205	KB. Búrekstrardeild	430-5500
Snæfellsnes	Velverk. Ystu Gördum	894-7257	Ragnar og Ásgeir Grundarfirði	430-8100
Búðardalur	Áfangi ehf	666-1188	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Saurbær	Áfangi ehf	666-1188	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Króksfjarðarnes	Áfangi ehf	666-1188	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Barðaströnd	Barði Sveinsson / Nanna	456-2019	Barði Sveinsson Innri-Múla	456-2019
Pingeyri	Akstur og löndun ehf	897-6733	Neðri Hjarðardalur	456-8137
Flateyri	Akstur og löndun ehf	897-6733	Akstur og löndun ehf	897-6733
Ísafjarðardjúp	Akstur og löndun ehf	897-6733	Akstur og löndun ehf	897-6733
Hólmavík	Strandafrakt	898-4829	Strandafrakt.	898-4829
Bitrufjörður	Strandafrakt	898-4829	Strandafrakt.	898-4829
Borðeyri	Strandafrakt	892-4646	Þórarinn Ólafsson, Bæ 1	894-9468
Hvammstangi	Ullarpvottastöð	483-4290	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Blönduós	Ullarpvottastöð	483-4290	N1 - Píparinn Blönduósi	452-4545
Sauðárkrókur	Ullarpvottastöð	483-4290	Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Eyri.	455-4610
Akureyri	Rúnar Jóhannsson	847-6616	Bústólpi Oddeyrargötu	460-3350
Húsavík	Rúnar Jóhannsson	847-6616	Úddi Fóðurvöruverslun. Trausti	464-3450
Mývatn	Rúnar Jóhannsson	847-6616	Úddi Fóðurvöruverslun. Trausti	464-3450
Kópasker	Vökvaþjónusta Eypórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eypórs, Kópaskeri	893-1277
Þórshöfn	Vökvaþjónusta Eypórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eypórs, Kópaskeri	893-1277
Vopnafjörður	Vökvaþjónusta Eypórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eypórs, Kópaskeri	893-1277
Egilsstaðir	Baldur Grétarsson	861-1961	Fóðurblandan, Egilsstöðum	570-9860
Höfn	Sigurður Rúnar Magnússon	848-4505	KASK Höfn Hornafirði	470-8222
Kirkjubæjarklaustur	Sigurður Rúnar Magnússon	848-4505	N1 - Kirkjubæjarklaustri	487-4628
Vík	Sigurður Rúnar Magnússon	848-4505	Framrás bílaverkstæði	487-1330
Hvolsvöllur	Þórður Jónsson	893-2932	Þórður Jónsson	893-2932
Flúðir	Áfangi ehf	666-1188	Flúðaleið	486-1070
Selfoss	Áfangi ehf	666-1188	Fóðurblandan	570-9840

Héraðssýning á lambhrútum á Ströndum haustið 2014:

Mörg afburðalömb á landsvísu

Um árabil hafa sauðfjárbændur á Snæfellsnesi og í Dölum gengist fyrir héraðssýningum á lambhrútum þar sem menn hafa getað borið saman blómann af þeim gripum sem skarað hafa fram úr í haustskoðunum hrútlambanna á hverju ári. Slíkum sýningum verður ekki komið á nema í héruðum þar sem ástand smitsjúkdóma hjá sauðfé er í góðu lagi.

Nú á þessu hausti blés félag sauðfjárbænda á Ströndum til slíkrar sýningar. Bitrugirðing skiptir svæðinu í tvö varnarhólf (syðstu bæir í Bæjarhreppi liggja að vísu utan beggja varnarhólfa).

Sýningin var haldin laugardaginn 11. október. Fyrir syðra hólfið í glæsilegri fjárhúsbyggingu hjá Þorgerði og Gunnari í Bæ 2 en í nyrðra hólfinu í hinum miklu og glæsilegu fjárhúsum hjá Sigríði og Ragnari á Heydalsá. Dómarar á sýningunni voru Eyþór Einarsson og sá sem þennan pistil skrifar.

Þrír flokkar

Sýningalömbunum var, eins og hefðbundið er á hliðstæðum samkomum, skipt í þrjá hópa; dókk eða mislit lömb, hyrnda hvíta hrúta og kollótta hvíta hrúta. Mislitu hrútarnir voru samtals 12, þeir hyrndu 20 og kollóttu hrútarnir samtals 51. Lambhrútar á syðri sýningunni voru 36 alls en 47 samtals á nyrðri sýningunni.

Kollóttur hrútur frá Broddanesi efstur mislitu lambanna

Af dókku og mislitu lömbunum dæmdist efsta sæti lambi nr. 57 í Broddanesi 1. Þetta er grákollóttur hrútur. Hann hefur einstaklega mikla og góða holdfyllingu, er réttvaxinn og vel gerður með góða bollengd. Hrútur þessi er skyldleikaræktaður afkomandi Brodda 07-015 sem var afi grákollsins í báðar ættir. Úrvalsgóða kynbótahrúta er að finna undan Brodda um allt land, sem seldir hafa verið frá Broddanesi á undangengnum árum.

Í öðru sæti var lamb 552 í Odda í Bjarnarfirði. Hrútur þessi er svartur og hyrndur. Hann var fádæma vænn, 59 kg, með mjög þykka vöðva, mikla breidd og frábæra bollengd og holdfylling afbragðsgóð. Faðir svarta drekans er Myrkvi 13-018 frá Bæ í Árneshreppi sem var undan Mána 09-849 en móðir lambsins er frábær mjólkurær vegna þess að honum fylgir af fjalli annar 50 kg hrútur og undangengin ár hefur hún skilað viðlíka lömbum.

Í þriðja sætinu var síðan lamb nr. 111 á Melum 2 í Árneshreppi. Hrútur þessi er svartböldóttur að lit, ekki fyrirferðarmikill en klettþungur miðað við stærð. Þetta er afbragðsvel gerður hrútur og aðalsmerki hans feikilega vel lagaður lærvöðvi. Eins og áður nefndir hrútar á hann einnig göfugar ættir. Faðir hans, Glópur 12-785, hefur verið aðalkynbótahrútur Kristjáns síðustu tvö árin og móðurfaðir hans, Tindur 08-539, sem var fæddur Kristjáni var einn aðalkynbótahrútur í Árneshreppi um árabil.

Fagurt lamb frá Stórhömrum efst hyrndu hrútanna

Af hyrndu lamhrútunum var heldur fleiri þeirra að finna á sýningunni í syðra hólfinu. Í þessum hópi hreppti efsta sætið lamb nr. 216 á Smáhömrum. Þetta er einstaklega fagurt lamb með frábæra holdfyllingu, tekið var á kúptum vöðvum hvar sem eftir var leitað á skrokki lambsins. Mikill glæsigripur. Faðir hans heitir Hringur 13-053 en hann er sonur Hergils 08-870 en móðurfaðir lambsins er Þrjónn



Þrír bestu kollóttu hrútarnir á sýningunni á Heydalsá. Gunnar í Bæ með lamb 142, Björn á Melum 1 með lamb 75 og Jón í Broddanesi 1 með lamb 51 (sem virðist orðið þreytt á tilstandinu). Lamb númer 75 á Melum var jafnframt dæmt besti gripur sýningarinnar í heild.

Myndir / Gunnar Þórisson á Melum



Ármann í Laxárdal, Bjarnar í Skálholtsvík 2, Þorvaldur í Skálholtsvík 2, Hannes á Kolbeinsá og Bjarni á Leiðólfsstöðum halda í fimm bestu hyrndu hrútana á sýningunni í Bæ 2. Hrúturinn í miðjunni er lamb 51 í Skálholtsvík 2 sem var dæmdur besti einstaklingur á þessari sýningu.



Verðlaunum hampað fyrir þrjá bestu hyrntu hrútana í Strandasýslu haustið 2014. Talið frá vinstri: Guðjón Örn Magnússon á Þambárvöllum, sem hljóp í skarðið fyrir afa sinn, Jón í Broddanesi 1, sem hreppti þriðja sætið. Guðmundur Waage í Skálholtsvík sem var í öðru sæti og Guðbrandur Björnsson á Smáhömrum sem var í fyrsta sæti.

07-812 sem lambið hefur áreiðanlega nokkuð af þrúðleika sínum frá.

Í öðru sæti dæmdist lamb 51 í Skálholtsvík. Að öllu leyti fór hér líka afburðalamb. Hann er mjög vænn með frábærlega þétt hold og ákaflega vel gerður, lærahold frábært og bakvöðvi með því þykkasta sem gerist hjá sýndum lömbum. Þetta

lamb átti að föður Grámann 10-884 og í móðurætt rekur hann sig beint til Nykurs 05-084 sem á sinni tíð var einn albesti sonur Spaks 00-909 sem fram kom, en Guðmundur notaði þann hrút um árabil og skilaði hann miklu góðu hjá honum.

Þriðja sætið í þessum flokki féll síðan í hlut lambs 248 í Broddanesi

1. Þetta lamb er einstaklega fagur og föngulegur, hreinhvítur hrútur. Lambið er bollangt með mikla og þykka vöðva hvar sem á honum er tekið. Faðir lambsins er Bjartur 11-055, einn úrvalshrútanna í Broddanesi 1, en móðurfaðir hans er Bogi 06-776 á Heydalsá sem var landsþekktur fyrir einstaka

vöðvafyllingu og hefur komið mjög sterkt inn í ræktun á fénu í Broddanesi 1 síðustu árin.

Kollóttu hvítu hrútarnir í nyrðra hólfinu sterkastir

Eins og áður segir voru kollóttu hvítu hrútarnir langstærsti hópurinn að fjölda og sömuleiðis öflugastir að gæðum. Þó að allir hrútar sem sýndir voru á báðum sýningunum væru allt þrýðisgóð ásetningslömb þá voru hóparnir misjafnir að gæðum eftir sýningastöðum. Kollóttu hvítu hrútarnir sem mættu til sýningar í nyrðra hólfinu voru tvímælalaut sterkastir þannig lambahópur, sem nokkru sinni hefur mætt á slíka sýningu hérlandis.

Vandalítið er að bæta við að hvergi hér á landi mundi vera mögulegt að finna slíkan kostahóp kollótttra lamba nema þarna.

Toppurinn í þessum hópi var sjálfskipaður, slíkir voru yfirburðir þess lambs, en fyrir rúmlega tug hrúta sem þar stóðu næstir hefði verið auðvelt að færa rök fyrir nánast hverjum þeirra sem var í næstu sætum. Þess vegna verður hér gerð grein fyrir þeim fimm hrútum, sem við dómarar úthlutuðum efstu sætum í þessum einstaka hrútahópi.

Einstakt kollótt lamb númer 75 frá Melum í 1. sæti

Í fyrsta sæti var lamb nr. 75 á Melum 1 í Árneshreppi. Þessi hrútur er fögur kind á velli og öll holdfylling lambsins er einstök. Hann er framúrskarandi vel byggður og lærahold lambsins með fádæmum. Þetta er eitt jafn glæsilegasta kollótt lamb, sem ég minnst að hafa farið höndum um hér á landi. Faðir að þessu metfé er Baugur 10-889 en móðurfaðir hans Kassi 10-649, sem var frábær hrútur sonur Stera 07-855. Þessi tvílembingur var 54 kg að þyngd með 34 mm þykkann bakvöðva, en tvílembingsbróðir hans var þarna einnig sýndur og var sá hrútur 59 kg að þyngd, miklu bollengri en bróðir hans en alls ekki jafn fagaður og heilsteyptur og sá er efstur stóð.

Annað sæti á sýningunni skipaði í þessum flokki lamb nr. 159 frá Bæ í Árneshreppi. Var þetta það lamb á sýningunni sem mælst hafði með þykkastan bakvöðva eða 39 mm. Hrúturinn var allur ákaflega þéttholda og læraholdin voru feikilega mikil, en öfugt við stóran hluta kollóttu hrútanna á sýningunni er hann ekki hreinhvítur. Faðir þessa lambs er Ási 13-001 frá Árbæ í Reykhólasveit en lömb undan honum sýndu mjög athyglisverðar niðurstöður í Bæ í haust í stórrí rannsókn þar fyrir sæðingastöðvarnar og verður áreiðanlega horft til Ása til notkunar á sæðingastöð á næstu árum.

Í þriðja sæti kom síðan lamb nr. 51 í Broddanesi 1. Þetta var ákaflega heilsteypt lamb að allri gerð, sterkbyggt og vel gert með langan bol og feikilega mikla holdfyllingu. Þetta lamb er undan Kjarki 12-063, eins hinna öflugu hrúta í Broddanesi 1, og að baki í móðurætt er að finna marga af þekktustu kynbótagripum síðari ára á þessu landsþekkta ræktunarbúi.

Í fjórða sætinu kom síðan lamb nr. 20 á búi þeirra Sigríðar og Ragnars á Heydalsá. Þetta er fádæma fagurt lamb, með langan sívalan bol sem klæddur er þykkum vöðvum. Faðir þessa hrúts er Salómon 12-102 sem er sonur Stafs 10-645 í Steinstúni frá því að hann var notaður á Heydalsá einn vetur vegna afkvæmarannsóknar fyrir sæðingastöðvarnar.

Fimmta sætið féll í hlut lambs nr. 18 á Melum 2 í Árneshreppi. Þetta er frábærlega jafnvaxið, vel gert og holdgróið hrútlamb. Þessi hrútur á að föður Glóp 12-785 og því hálfbróðir



Tvær gamalreyndar kempur úr hópi sauðfjárbænda á Ströndum, Guðbrandur Sverrisson á Bassastöðum og Georg Jón Jónsson á Kjörseyri, bera saman bækur sínar.

hátt sauðfjárræktinni á Ströndum til verulegs sóma. Hún staðfesti líkt og margt annað þann frábæra árangur sem þar hefur náðst með áratuga hnitmiðuðu og markvissu ræktunarstarfi í sauðfjárræktinni. Vonandi verður á komandi árum efnt til hliðstæðra sýninga á þessu svæði.

Sérstök ástæða er til að hvetja alla áhugamenn um ræktun á kollóttu fé til að fylgjast vel með slíku sýningahaldi á næstu árum. Þarna skapast einstakt tækifæri til að sjá á einum stað blómann af kollóttu fénu hér á landi á einum stað auk glæsi-einstaklinga með önnur útlitseinkenni.

/Jón Viðar Jónmundsson



Fjáreigendur í Bæjarhreppi halda í glæsigripi sína á sýningu í Bæ 2. Fremstir eru Þórarinn í Bæ 1 og Máni á Valdasteinsstöðum.



Hannes á Kolbeinsá og Þorsteinn á Finnbogastöðum með áhyggjur heimsins á herðum sér en Björn á Melum sallarólegur og sigurviss.

lambsins í þriðja sæti úr hópi mislitu lambanna en móðurfaðir lambsins er Lóði 00-871.

Efstur allra var lamb númer 75 frá Birni á Melum

Efsta sætið fyrir sýninguna alla

skipaði lamb 75 hjá Birni Torfasyni á Melum í Árneshreppi eins og flestir hafa líklega ráðið þegar af texta. Fyrir sýninguna í syðra varnarhólfinu kom toppsætið hins vegar í hlut lambs 51 hjá Guðmundi Eggertssyni í Skálholtsvík.

Sýningin var fjölsótt og var á allan

Þarft þú að breyta eða byggja nýtt?

Mikið úrval innréttinga, steinbita, flórskaða, básadýna og drykkjartroga á hagstæðu verði



Beerepool hágæða hollenskar milligerðir, átgrindur og dýnur.



Fjölbreytt úrval flórskaða og sköfuróbotta frá **GEA**



Steinbitar og forsteyptar einingar frá **De Boer Betong**



Úrval rafræðifinna hræra og dæla fyrir haughús, förtanka og mykjutanka frá **ýmsum framleiðendum**



VELAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss

Lónsbakki - 601 Akureyri

700 - Egilsstaðir

Sími 480 0400

jotunn@jotunn.is

www.jotunn.is

Lambakjöt

NÁTTÚRULEGA
Í STEMMNINGUNNI

Íslensk kjötsúpa

1 kg súpukjöt • 1,8 l vatn • 1 msk salt eða eftir smekk • 1-2 msk súpujurtir • ½ laukur, smátt saxaður • 500 g gulrófur • 500 g kartöflur 250 g gulrætur • 100 g hvítkál (má sleppa) • nýmalaður pipar

Margir bæta öðru grænmeti í súpuna, s.s. sellerí, blaðlauk, grænkáli, næpum og njóla. Sumum finnst betra að sjóða gulrófurnar sér og jafnvel kálið líka. Oft er súpan gerð matar-meiri með því að sjóða hafragrjón eða hrisgrjón í henni.

Fituhreinsið kjötið (eins og hver vill) og setjið í stóran pott, hellið vatni yfir og hitið að suðu. Fleytið froðunni ofan af og saltið. Bætið súpujurtum og lauk úti. Sjóðið í u.þ.b. 40 mínútur. Afhýðið og brytið gulrófur, gulrætur og kartöflur og bætið út í. Sjóðið í 15 mínútur til viðbótar. Skerið kálið í mjóar ræmur og setjið út í. Leyfið súpunni að sjóða í u.þ.b. 5 mínútur eða þar til grænmetið er meyr. Bragðbætið með salti og pipar, ef þarf.

Lambakjötið er ýmist borið fram í súpunni eða með henni á sérstöku fati.

Fleiri kjötsúpuuppskriftir eru á lambakjot.is
- prófið hvaða súpa yljar best á vetrarkvöldi í góðum hópi.

Njótið vel - og verði ykkur að góðu!



„Ég vil endilega að fólk noti sápur, til þess eru þær,“ segir Hrefna Waage á Egilsstöðum en hún býr til margs konar skrautlegar sápur.

Myndir /MPÞ

Hrefna Waage á Bráðarstöðum í Eiðapínghá býr til skemmtilegar og skrautlegar sápur í sveitinni undir merkinu Sápuþaman:

Dreymir stundum sápur á nóttunni

„Þetta er óskaplega gaman, mig dreymir stundum sápur á nóttunni,“ segir Hrefna Waage sem undanfarin ár hefur búið til skrautlegar sápur af ýmsu tagi. Hrefna kallar starfsemi sína Sápuþaman og hægt er að fræðast nánar um þær á samnefndri vefsíðu og á Facebook.

Hrefna hefur líka jafnan blað og penna innan seilingar, því aldrei er að vita hvenær ný hugmynd að skemmtilegri sápu kviknar og því um að gera að hripa hana niður um leið og hún fæðist.

Heilbrigðisvottað eldhús

Hrefna er Hornfirðingur að ætt og uppruna en býr á Egilsstöðum og hefur aðsetur fyrir sápuþær sína að Bráðarstöðum í Eiðapínghá, en þaðan er maður hennar, Benedikt Hlíðar Stefánsson. Hrefna hefur komið sér fyrir í húsi sem þar stendur, Grenisöldu, sem áður stóð á samnefndum stað við Kárahnjúka, en var flutt að Bráðarstöðum fyrir nokkrum árum. Þar hefur hún komið sér upp góðri aðstöðu, fullkomnu sápueldhúsi fyrir sig og aflaði sér þeirra leyfa sem til sápuþæra þarf, „heilbrigðisvottað eldhús til framleiðslunnar frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, þannig að þetta verður það ekki,“ segir Hrefna sem kann



Baðþepokar frá Sápuþamni sem settir eru út í baðvatnið njóta vinsælda.



Fátt er notalegra en að bregða sér í gott bað með ilmandi baðbombu.



Grenisalda, hús sem stendur við bæinn Bráðarstaði í Eiðapínghá, en var áður við Kárahnjúka.

einkar vel við sig í Grenisöldu og er þar gjarnan um helgar að sýsla við sápuþær. Virka daga sinnir hún annarri vinnu á Egilsstöðum.

Hrefna segist hafa óskaplega gaman af því að breyta inni á baðherberginu heima hjá sér.

„Ég breyti reglulega um liti inni á baði og því fylgir að hafa allt í stíl, handklæði, mottu, kerti, skraut og að sjálfsgöðu sápur. Í framhaldinu fór ég að kanna hvort ég gæti ekki gert þær sjálf og leitaði fyrir mér á netinu. Þar fann ég alveg heilan helling af flottum sápum og uppskriftum og ákvað þá

að gera sjálf mínar eigin sápur,“ segir Hrefna.

Hefur vaxið stig af stigi

Í fyrstu fikraði hún sig áfram og bjó til sápur fyrir eigið heimili, en ekki leið á löngu þar til hún fór að gefa ættingjum og vinum eina og eina sápu og það vatt svo upp á sig, ættingjar og vinir fóru að falast eftir sápum til að gefa sínum vinum.

„Þannig hefur þetta vaxið stig af stigi frá því ég byrjaði fyrir rúmlega þremur árum,“ segir hún.



„Það er ágætt að gera í þessu og ég hef mjög gaman af því. Viðtökur hafa verið góðar og ég er þakklát fyrir það.“



Fram undan er mikil vinna, en sápur eru vinsælar til jólagjafa sem og tækifærisgjafa af öllu tagi. Hér eru sápur í þroskun, en sá tími varir í 4–6 vikur.

Auk þess að framleiða sérlega skrautlegar og skemmtilegar sápur af ýmsu tagi, sóða-, basa-, raka-, og fljótanda, útbýr Hrefna einnig skrúbbu, baðbombur, baðsölt og tepoka í bað og ilmvað fyrir hitara.

Góðar viðtökur

„Það er ágætt að gera í þessu og ég hef mjög gaman af því. Viðtökur hafa verið góðar og ég er þakklát fyrir það,“ segir Hrefna. Nefnir hún að um aukavinnu eða tómstundagaman sé þó fyrst og fremst að ræða, en samt deymi hana stundum sápur á nóttunni.



Hrefna er með heilbrigðisvottað eldhús til sápugetar.



Þessar byssusápur eru með lakkrísilmi.

„Það er virkilega gaman að fást við þetta, fara í sveitina og sinna þessu skemmtilega áhugamáli. Það eru endalausir möguleikar og það er líka ánægjulegt að fólki líkar varan vel, það gefur byr í seglin.“

Annatími fram undan

Annatími er fram undan, en sápur Hrefnu og baðvörur eru vinsælar til jóla- og tækifærisgjafa.



Sápurar hennar Hrefnu eru af ýmsu tagi, m.a. eins og sleiki- og frostþinnar.

„Það er yfirleitt mikil eftirspurn á haustin og ég reyni að fara sem mest í sveitina og birgja mig upp af vörum fyrir jólin,“ segir hún. Einnig annar hún sérpöntunum. Yfir sumarið eru svonefndar ferðamannasápur eftirsóttar, sápur sem m.a. eru mótaðar eins og Ísland, svo og jurtaþur og þæfðar sápur. Þær eru seldar á fjölsóttum áningarstöðum ferðamanna, einkum á Suðausturlandi, og eru mikið keyptar af erlendum ferðamönnum. Hrefna fer einnig með vörur sínar á markaði, einkum innan fjórðungsins og um Suðausturland. Benedikt er að hanna hillur sem notaðar verða undir vörurnar, pabbi Hrefnu, Ingólfur, smíðar mót og þá segir hún að áður en nýjar sápur komi á markað prófi fjölskyldumeðlimir þær fyrst.

„Þannig að það eru allir meira og minna í þessu með mér,“ segir hún. „Ég vil endilega að fólk noti sápurar, til þess eru þær, en auðvitað veit ég að sumir nota þær bara til skrauts.“



Búfénaður skal ávallt hafa aðgang að saltsteini

**FÓÐURBLANDAN**
í héraði hjá þér

FB Selfossi sími 570 9840 : FB Hvolsvelli sími 570 9850 : FB Egilsstöðum sími 570 9860
Fóðurblandan Korngröðum 12 104 Reykjavík Sími 570 9800 Fax 570 9801 fodur@fodur.is www.fodur.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

TIL SÖLU: JÖRD Í SÉRFLOKKI



Lögbýlið Ytri Skeljabrekka í Borgarbyggð


Í um 80 km fjarlægð frá Reykjavík og 9 km frá Borgarnesi. Jörðin er vel hýst fallegum byggingum, íbúðarhúsi á tveimur hæðum, bílskúr, vélageymslu og hesthúsi. Öll umhirða til mikillar fyrirmyndar. Jörðinni fylgja hlunnindi í Andakílsá, skipulögð sumarhúsabyggð, skógrækt og gott land til beitir.



FASTEIGNAMÍÐLUN VESTURLANDS
SÖFFÍA MAGNÚSDÓTTIR,
LÖGGILTUR FASTEIGNA-
OG LEIGUMÍDLARI
KIRKJUBRAUT 40
SÍMI 431 4144 - 846 4144
fastvest.is

Er rétti tíminn til að breyta í heilfóðrun núna?

Einsleit blanda - Nákvæmari fóðrun - Aukið át - Aukin nyt - Betra efnainnihald mjólkur



Gjafabúnaður frá VALMETAL

eco energy

- 1 Fóðursíli
- 2 Kornvals
- 3 Áfylling
- 4 Áfrúllari
- 5 Heilfóðurblandari
- 6 Gjafaband
- 7 Sjálfkeyrandi gjafavagn á braut
- 8 Gjafavagn, raf eða vélknúinn



JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 · 800 Selfoss Lónsbakki · 601 Akureyri 700 · Egilsstaðir Sími 480 0400 jotunn@jotunn.is www.jotunn.is



Bílkranar

Fjölbreytt úrval krana til margvíslegra nota ásamt úrvali af aukabúnaði



Lyftigeta 1,5 - 150 tonn

JIB 20° yfirhalli

Gálgi 12° yfirhalli

Leitið upplýsinga!



RAFVER FAGMENNSKA ALLA LEIÐ

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði:

Árangri skilað til neytenda og bænda

– Segja að heildarkostnaður við mjólkurframleiðslu hafi hækkað um 108% en lágmarksverð um 98,9%

Á vegum Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) hafa verið tekin saman gögn sem sýna að þeirra dómi þann árangur sem náðst hefur með hagræðingu hjá mjólkuriðnaðinum.

Þessi gögn voru m.a. kynnt á fundi með mjólkurframleiðendum á Suðurlandi nýverið og eru birt hér að hluta eins og þau hafa verið lögð fram af SAM.

Tímabil hagræðingaaðgerða

Hagræðingaaðgerðir í mjólkuriðnaði hófust með þjóðarsáttarsamningunum 1991. Árangri af þeim aðgerðum var skilað beint til neytenda í formi verðstöðvunar mjólkurvara á heildsölustigi á tímabilinu 1991–1996, eða í 5–6 ár.

Á þessu tímabili var sett hagræðingarkrafa á mjólkuriðnaðinn og bændur, sem í kjölfarið leiddi til mikilla skipulagsbreytinga í mjólkurvinnslu, svo og í fyrirkomulagi sölu og dreifingar mjólkurvara. Kostnaðarlækkun náðist fram með fækkun afurðastöðva og sérhæfingu þeirra.

Á árunum þar á eftir, frá 1997–2003, var árangur skipulagsbreytinga að koma æ betur í ljós, auk þess sem frekari fækkun og sérhæfing afurðastöðva átti sér stað. Í framhaldinu sköpuðu þær aðgerðir meðal annarra forsendur til að skila enn frekari árangri til neytenda. Það var framkvæmt með verðstöðvun á heildsöluverði mjólkur og mjólkurvara næstu fimm árin, það er að segja frá 1. janúar 2003 til 31. desember 2007, með einni verðhækkun á tímabilinu upp á 2,3% í janúar 2006. Í samráði við fulltrúa launafólks í verðlagsnefnd búvöru var ákveðið sameiginlega að hækka ekki verð á heildsölustigi út á markaðinn á tímabilinu. Hér var um að ræða aðgerð sem átti að skila rekstrarávinningi af fækkun kúabúa og vinnslustöðva til bænda og neytenda.

Réttaróvissu eytt


Sá hængur var þó á að á árinu 2002–2003 ríkti réttaróvissa um það hvort afurðastöðvar í mjólkuriðnaði hefðu heimild til þess að ná niður kostnaði með því að starfa saman að söfnun mjólkur, vinnslu, sölu og dreifingu mjólkurafurða. Óvissan snerist um það hvort þeim væri heimilt að skipta með sér verkum með sérhæfingu og jafna út tekjum og gjöldum í sinni starfsemi sem óhjákvæmilega þyrfti að koma til ef kostnaðarlækkun ætti að nást með sérhæfingu og verkaskiptingu þeirra í milli. Til þess að bregðast við þessu og eyða réttaróvissu um heimild til þessa samstarfs setti Alþingi sérákvæði í búvörulög nr. 99/1993 á árinu 2004, það ákvæði heimilaði samstarf, sérhæfingu og verkaskiptingu með tilheyrandi sparnaði og kostnaðarlækkunum í rekstri.

Að þessum tíma liðnum, frá byrjun 2003 fram á þennan dag 2014, er ástæða til þess að velta fyrir sér hvort árangur af þessum aðgerðum hafi orðið eins og til var ætlast.


Skipulagsbreytingar

Til að meta þann árangur er nærtækast að skoða í fyrsta lagi skipulagsbreytingar í mjólkurvinnslu, sölu og dreifingu mjólkurvara, og hvernig þróunin hefur orðið gagnvart neytendum. Í mynd 1 má sjá fjölda vinnslu- og dreifingarstöðva á tímabilinu 1990–2014.


Samkvæmt mynd 1 var mjólkurvinnsla á 17 stöðum árið 1990, sala og afgreiðsla mjólkurvara á 18 og dreifing mjólkurvara á 18 stöðum



Mynd 1. Þróun í fjölda vinnslu- og dreifingarstöðva í mjólkuriðnaði 1990–2014



Mynd 2. Þróun almenns verðlags í landinu og launaþróun skv. tölum Hagstofu Íslands á tímabilinu 2003–2014. Til samanburðar er þróun heildsöliverðs helstu mjólkurvara sem verðlagðar eru af verðlagsnefnd búvöru. Hækkunin er frá 50% til 70% en vísitölurnar hafa hækkað mun meir. Nýmjólk hefur hækkað um 70% en brauðostar um 60%. Þess má geta að í þessar ostategundir fer um 45% til 50% af öllu mjólkurmagni frá bændum.



Mynd 3. Hækkun helstu kostnaðarliða hjá mjólkurframleiðendum á tímabilinu. Heildarkostnaður við mjólkurframleiðslu hefur hækkað, skv. mælingum verðlagsnefndar búvöru, um 108% en lágmarksverð afurðastöðva til bænda um 98,9%.

vítt og breitt um landið. Árið 2003 hafði mjólkurvinnslustöðvum fækkað í 9, sala og afgreiðsla mjólkurvara var þá á 10 stöðum og dreifing mjólkurvara á 10. Árið 2014 er mjólkurvinnsla á 5 stöðum, sala- og afgreiðsla mjólkur á 2 og dreifing mjólkurvara á 5 stöðum.

Hér hefur því orðið mikil fækkun starfsstöðva á báðum tímabilum sem hefur haldist í hendur við þriðjungs fækkun starfsfólks. Þessi hagræðing hefur á margan hátt reynst erfið og sársaukafull en hefur skilað miklum kostnaðarlækkunum.

Dagsetning	Á verðlagi viðkomandi árs kr/ltr	NVT	Áverðlagi 2014 kr/ltr	Meðaltals greiðslumark millj. ltr	millj. Kr
Janúar 04	1,00	230	1,84	110	202
Janúar 05	1,46	239	2,58	110	284
Október 06	2,00	266	3,18	110	349
Júlí 07	1,19	273	1,84	110	203
Nóvember 07	0,62	280	0,94	110	103
September 2014	6,27		10,4		1.141
			kr/ltr		millj kr/ár
Hækkun til bænda greitt með hagræðingu afurðastöðva			10,4		1.141

Tafla 1. Hækkun afurðaverðs til bænda sem greitt var með hagræðingu afurðastöðva á verðlagi hvers árs og á verðlagi 2014.

mjólkurvara sem verðlagðar eru af verðlagsnefnd búvöru. Í mynd 3 er tekin fyrir verðþróun nokkurra mjólkurvara sem ekki eru verðlagðar af verðlagsnefnd.

Heildaráhrif hagræðingaaðgerða 2003–2014 sem skilað var til neytenda

Til að meta þann árangur sem náðst hefur með hagræðingaaðgerðum sl. áratug, þarf að svara þeirri spurningu hvert heildsöluverð mjólkurvara hefði þurft að vera ef ekki hefði komið til breytinga í fjölda og skipulagi afurða- og dreifingarstöðva. Þær þjónusta almenning á öllum þéttbýlisstöðum landsins með þessar nauðsynjavörur. M.ö.o. þá þarf að meta árangur af þeirri leið sem valin var af stjórnvöldum á árunum 2003–2004, og staðfest var með breytingu búvörulaga á vormánuðum 2004. Án efa hefðu aðrar leiðir getað verið til staðar en þessi skipulagða leið, með öllum sínum réttindum og skyldum, var valin. Það er mat á árangri þeirrar ákvörðunar sem er hér til skoðunar.

Kostnaðaraukning 38% frá 2003 til 2014

Hækkun á vinnslu- og dreifingarkostnaði (rekstrarkostnaður afurðastöðva) sem sett var út í verðlag mjólkurvara á tímabilinu 2003–2014 nam um 38% á sama tíma og almennt verðlag (NVT) hækkaði um 88%.

Aðeins 2,3% fór út í verðlagið 2003–2007

Á tímabilinu janúar 2003 til desember 2007, eða á 5 ára tímabili, hækkaði launavísitala um 37,8% og almennt verðlag í landinu um 25,4%. Vinnslukostnaður mjólkurvara sem verðlagsnefnd ákvað að setja út í heildsöluverð mjólkurvara hækkaði einungis um 2,3% á sama tíma.

Hvort sem hagræðing í mjólkuriðnaði á tímabilinu er metin út frá tekjuforsendum heildsöliverðs eða greiningu á kostnaðarforsendum rekstrarliða á tímabilinu, kemur í ljós að vinnslu- og dreifingarkostnaður – þ.e. rekstrarkostnaður mjólkuriðnaðarins – hefði þurft að hækka um 90%–93% á tímabilinu 2003–2014, til að standa undir kostnaðarhækkunum þeirra þátta sem rekstrarkostnaður afurðastöðva samanstendur af. Þetta hefði verið reyndin ef ekki hefði komið til skipulagsbreytinga í mjólkuriðnaðinum. Hafa ber í huga að erlend aðföng, svo sem olía, orka, umbúðir, vélar og annað sem er háð gengi, eru veigamest í rekstri afurðastöðva mjólkuriðnaðarins, og þeim kostnaðarþáttum er torvelt að stjórna.

Að teknu tilliti til rekstrarþátta afurðastöðva á tímabilinu hafa um 2.000 millj. kr. á ársgrunni verið skilað til neytenda með hagræðingu í mjólkuriðnaði í gegnum heildsöluverð mjólkurvara. Til að setja það í samhengi samsvarar það 20 kr. pr. lítra af nýmjólk og um 200 kr. pr. kg af brauðosti.

Heildaráhrif hagræðingaaðgerða 2003–2014 sem skilað var til bænda

Á umræddu tímabili, 2003–2014,

urðu umtalsverðar sviptingar í rekstarförsendum kúabænda. Stærstu breytingar urðu í gengisháðum rekstrarliðum eins og kjarnfóðri, áburði, vélakostnaði og þ.m.t. olíukostnaði. Má þar nefna að skv. verðkönnunum Hagstofu Íslands hækkaði áburður um 258%, kjarnfóður um 187% og viðhalds- og vélakostnaður um 136%–151%. Flutningskostnaður kúabænda hefur þó einungis hækkað um 40%, en mjólkurflutningar að afurðastöð eru langstærsti einstaki þáttur flutningsliðar í kúabúskap. Ástæða einungis 40% hækunar flutnings, í samanburði við aðra kostnaðarliði, er vegna þess að afurðastöðvarnar hafa tekið á sig stóran hluta af kostnaðarhækkun vegna flutninga hjá bændum.

Eins og fram kemur hefur afurðaverð til bænda hækkað um 98,9% frá ársbyrjun 2003–október 2014. Til þess að meta hvað hagræðing í mjólkuriðnaði hefur skilað miklu til mjólkurframleiðenda þarf að skoða samsetningu þessarar hækkunar til bænda á tímabilinu, þ.e. hver hefur greitt hvað af hækkun afurðaverðs. Afurðaverð til bænda frá afurðastöð (lágmarksverð mjólkur) hækkaði á umræddu tímabili úr 41,71 kr/ltr í 82,92, eða um 41,21 kr/ltr. Af þessari hækkun greiddu afurðastöðvar 6,27 kr/ltr með hagræðingu, en 34,94 kr/ltr voru sóttar með verðhækkun mjólkurvara á heildsölustigi.

Af töflunni um hækkun afurðaverðs til bænda má sjá að á verðlagi 2014 nemur greiðsla afurðastöðva sem ekki var sett út í heildsöluverð mjólkurvara um 1.200 millj. kr á ársgrunni. Að viðbætti niðurgreiðslu mjólkuriðnaðarins á flutningskostnaði bænda nemur sú hagræðing sem afurðastöðvar hafa samanlagt náð að skila til mjólkurframleiðenda um 1.300–1.400 milljónum kr. á ársgrunni, eða um 11 kr. á hvern lítra mjólkur.

Samantekt

Samkvæmt því sem hér kemur fram er sá árangur sem náðst hefur á liðnum áratug í lækkun mjólkurverðs umtalsverður. Þá hefur þeim markmiðum sem sett voru með löggjöf Alþingis verið náð til þessa að mati SAM. Talsmenn SAM benda einnig á að meiri hagræðing eigi eftir að koma fram þegar árangur þeirra skipulagsbreytinga sem ráðist var í á árinu 2013–2014 hafi að fullu skilað sér. Samanlagur árangur aðgerða á sl. áratug hefur því að mati SAM numið um 3.000 millj. króna á ársgrunni. Það svarar til 30 kr/ltr af nýmjólk og um 300 kr/kg af osti. Skiptin milli neytenda og bænda er í hlutföllunum 2/3 til neytenda og 1/3 til bænda.

STEYPUSTYRKJARJÁRN,
LYKKJUR OG JÁRNAMOTTUR

STJÖRNUBLIKK
Snægg og góð þjónustur

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201

BÁRUJÁRN
ALUSINK OG LITAD ALUSINK
FLÖTUR KLÆÐA 107 CM

NÝJUNG
VATNSRÁS

VEGGKLÆÐNINGAR
OG FLASNINGAR

STJÖRNUBLIKK
Snægg og góð þjónustur

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1201 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

DEUTZ-FAHR 6 línan
Agrotron 6150 Classic
6 strokka, 6,1 lítra Deutz mótör
Fjaðrandi hús og framhásing.
Þýsk gæði út í gegn

**Haust
verð**

6 cylindra
Deutz Fahr
Agrotron 6150
149 Hestöfl

Verð frá
kr. 13.570.000
án VSK

Hlaðinn búnaði:
6 gíra ZF gírkassi með 4 mjúkum milligírur. Fjaðrandi framhásing. Fjaðrandi ökumannshús. Stillanlegur vendigír. 4ra hraða aflúrtak. 540/540E/1000/1000E. 4 tvöföld vökvaúrtök með flæðisstillingu. Vökvaútskjótanlegur lyftukrókur. Rofi fyrir aflúrtak og lyftu á afturbrettum. ASM sjálfvirk drifstýring. Hið margverðlaunaða S-Class 2 ökumannshús með þægilegu loftpúðasæti. Bólstrað farþegasæti. Litakóðuð vinnuaðstaða.

Val um ámoksturstæki eða frambúnað (ekki innifalið í verði).

ÞÓR H

Reykjavík: Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri: Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða: www.thor.is

Bætt fóðrun með Rauðu Tranoli

Selen mælist oft lágt í heyjum hér á landi og talið er að búfénaður búi víða við selenskort.

Rautt Tranol inniheldur selen og vítamín. Það má gefa út á hey eða í drykkjarvatn.

**RAUTT
TRANOL**
5 lítrar

Lifland söluráðgjöf | Lynghálsi, Reykjavík | Lónsbakka, Akureyri | Efstubraut, Blönduósi
Sími 540 1100 | lifland@lifland.is | www.lifland.is

LÍFLAND

ÍSTEX
ÍSLENSKUR TEXTÍLÍÐNAÐUR HF.

Hluthafafundur
ÍSTEX hf. verður haldinn þriðjudaginn 28. október 2014 kl. 17.00 í húsnæði félagsins í Mosfellsbæ.

Dagskrá:

1. Upplýsingar um rekstrar- og fjárhagsstöðu félagsins.
2. Breyting á heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutabréfum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent á skrifstofu félagsins að Völuteig 6 í Mosfellsbæ, á fundardag.

Mosfellsbæ 17. október 2014.
Stjórn ÍSTEX hf.

Einar Sigurðsson, forstjóri MS, segir Samkeppniseftirlitið leggja ólík viðskipti að jöfnu:

MS starfar í afar sérstöku lagaumhverfi

Mjólkursamsalan, langstærsta afurðafyrirtæki bænda á Íslandi, kærði í vikunni til áfrýjunarnefndar samkeppnismála ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá því í september að fyrirtækið hafi beitt smærri keppinauta samkeppnishamlandi mismun.

Með samkeppnishamlandi mismun er í þessu tilfelli átt við að MS hafi selt samkeppnisáðilum hrámjólk á hærra verði en til fyrirtækja sem eru eigna- og rekstrartengd MS. Það er að segja að félagið hafi beitt mismunandi verðlagningu í sambærilegum viðskiptum. Samkeppniseftirlitið taldi brotið alvarlegt þar sem það tengist mikilvægum neysluvörum og að það hefði valdið almenningi skaða og telur hæfilega sekt vera 370 milljónir króna.

Samkvæmt samkeppnislögum skal úrskurður áfrýjunarnefndar liggja fyrir innan sex vikna frá áfrýjun.

Ólík viðskipti lögð að jöfnu

Einar Sigurðsson, forstjóri MS, segir að með ákvörðun sinni sé Samkeppniseftirlitið að túlka 71. grein búvörulaga þrengra og á annan hátt en gert hafi verið til þessa.

„Við teljum að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins byggji á grundvallar misskilningi á eðli viðskiptanna sem áttu sér stað. Þarna er verið að leggja að jöfnu gjörólík viðskipti. Annars vegar er um að ræða skilmálalausa sölu á mjólk til þeirra sem hafa frjálsar hendur við vinnslu hennar og hins vegar er um að ræða miðlun á mjólk innan framleiðslusamstarfs MS og Kaupfélags Skagfirðinga og dótturfélags þess, sem hafa fallist á að framleiða vörur sem gefa minna af sér. Þetta er gert til þess að hægt sé að skipuleggja saman alla framleiðslu í þessu samstarfi og ná niður kostnaði. Hér er sem sagt ekki um að ræða sambærileg viðskipti. Þetta er kjarninn í hinum efnislega ágreiningi í málinu.

Auk þess gerir Mjólkursamsalan athugasemdir við að það skorti verulega á viðhlítandi rannsókn á efni málsins. Því er meðal annars haldið fram að með verðlagningu sinni hafi MS haft slæm áhrif á rekstur tiltekins fyrirtækis en engin tilraun gerð til að skoða rekstur þess og því engin leið að leggja mat á hvort eða hversu mikinn skaða verðið frá okkur hefur haft á rekstur þess.“

Einar segir þetta meðal annars skipta máli vegna þess að sektarfjárhæðin miðist við þann skaða sem viðkomandi fyrirtæki á að hafa orðið fyrir.

„Að mínu mati þarf í fyrsta lagi að skilgreina markaðinn sem um er að ræða, til að ganga úr skugga um hvort brot hafi verið framið, og við teljum að þeirri vinnu sé mjög ábótavant hjá Samkeppniseftirlitinu. Í öðru lagi, er ekki reynt að leggja mat á hvaða áhrif meintur munur í verðlagningu hefur á reksturinn. Í úrskurðinum er því haldið fram, án þess að viðhlítandi rannsókn hafi farið fram, að verðlagning frá okkur hafi valdið viðkomandi fyrirtæki skaða.“

Gagnaöflun Samkeppnisstofnunar í málinu er því mjög ábótavant að mati Einar.

„Það er ekki gerð tilraun



Einar Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar.

Mynd / VH

til að afla gagna hjá stórum aðilum sem komu að þessum viðskiptum og rekstri. Þarna eru mikilvægustu aðilarnir Kaupfélag Skagfirðinga, sem er þó margt nefnt til sögunnar í málalíðunni Samkeppniseftirlitsins, og fyrirtækið Vífilfell hf., sem átti hér um bil helmingshlut í fyrirtækinu Mjólkunni undir lokin 2008. Upplýsingar í málinu eru fyrst og fremst gögn sem kallað hefur verið eftir frá MS og viðtöl og blaðaviðtöl við þann aðila sem kærði MS í þessu máli. Það er einfaldlega ekki nóg til að fá rétta mynd af atvikum málsins.“

Verðlagsnefnd búvara ákvarðar mjólkurverð

„Mjólkursamsalan starfar í afar sérstöku lagaumhverfi. Við segjum stundum hér að lögin tryggi að hagnaður félagsins verði aldrei meiri en svo að það rétt nái að endurnýja tæki og búnað. Bændurnir, sem eiga félagið, fá sitt fyrst og fremst í gegnum öfluga vöruþróun félagsins sem leiðir til meiri sölu á mjólk og í gegnum mjólkurverðið,“ segir Einar. Samkvæmt lögum ákvarðar verðlagsnefnd búvara hvaða verð bændur fá fyrir mjólkurlítrann og á hvaða verði MS selur helstu afurðir til smásala. Verðlagsnefnd hefur haldið þróun afurðaverðs langt innan við þróun neysluvísitölu og launavísitölu. Einar segir rekstur MS verða að ganga innan þess ramma.

„Í dag er það þannig að MS sér um kaup, söfnun og vinnslu á allri mjólk á landinu að undanskildu því svæði þar sem Kaupfélag Skagfirðinga veitir þessa þjónustu. MS sér svo um alla sölu og dreifingu á framleiðslu beggja fyrirtækjanna. Þessi samvinna MS og KS er byggð á þessari frægu lagagrein númer 71. í búvörulögum, sem veitir fyrirtækjum í mjólkuriðnaði heimild til að vinna saman til að hagræða í rekstrinum þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga. Þannig eru bændur, sem eiga



þessa starfsemi, að lækka milliliðakostnaðinn milli sín og neytenda. Það hefur tekist með því að fækka mjólkurvinnslustöðvum, stækka þær og sérhæfa hvert bú í tilteknum afurðum. Mjólkurbúið á Selfossi sér um pökkun á nær allri drykkjarmjólk og framleiðslu á öllum sýrðum vörum. Nær allur ostur er framleiddur á Akureyri og Sauðárkróki. Á þessum þremur stöðum er unnið úr um 90% af allri mjólk á landinu. Fyrirtækin í þessu samstarfi, MS og KS, eru skuldbundin til að taka til vinnslu alla mjólk bænda á landinu hvort sem þau hafa þörf fyrir hana eða ekki. Við erum því stöðugt að flytja hráefni og afurðir á milli landshluta og miðla þeim hluta hráefnis sem við ekki höfum þörf fyrir til útlanda.“

Kaupfélag Skagfirðinga á 10% hlut í MS á móti 90% hlut Auðhumlu. Í framleiðslusamstarfinu er Kaupfélag Skagfirðinga skuldbundið, samkvæmt samningi við MS, að framleiða ákveðnar vörur, ost og smjör.

Þessar vörur gefa minna af sér en sýrðar vörur sem voru fluttar til framleiðslu á einum stað hjá MS. Við höfum svo jafnað reikninginn með því að miðla til KS takmörkuðu magni af mjólk á því verði sem við greiðum bændum. Með þessu samstarfi höfum við getað fækkað vinnslustöðvum, einfaldað og stækkað framleiðslulíunurnar og

lækkað kostnaðinn.

Mjólkurbú utan þessa framleiðslusamstarfs hafa engar slíkar skuldbindingar. Þau hafa engar skuldbindingar um að kaupa alla mjólk af bændum, en geta sótt mjólk eftir þörfum til MS. Þeim er frjálst að framleiða hvaða vöru sem er og hafa engar skuldbindingar um að dreifa henni á sama verði um allt land eins og fyrirtækin í framleiðslusamstarfi MS. Það er grundvöllur þess verðs sem þessir aðilar hafa greitt og er ákvarðað af verðlagsnefnd búvöru.

Deilan snýst því um hvort þessi viðskipti séu sambærileg eða ekki og að okkar mati eru þau það alls ekki.

Úrskurður Samkeppniseftirlitsins hefur skapað tímabundna óvissu um þetta form á framlegðarjöfnun. Á meðan greiðir KS og önnur tengd fyrirtæki sama verð fyrir mjólkina í dag og aðrir og við gerum hagræðingarábatann upp með öðrum hætti,“ segir Einar.

Einokun eða verðstýrður stórekstur

„Búvörulögin setja mjög sérstaka umgjörð um mjólkurvinnsluna. Öll fyrirtæki í greininni mega vinna saman með þeim hætti sem MS og KS hafa gert og koma fram saman út á markaði. Þetta er ekki hægt í öðrum greinum.“

Er ekki hætta á að þetta skapi

einokunarstöðu og er þetta fyrirkomulag ekki í andstöðu við ríkjandi skoðanir um frjálsa samkeppni?

„Nei. Alþingismennirnir sem settu lögin voru nú skynsamari en svo. Hegðun fyrirtækja í einokunarstöðu kemur fyrst og fremst fram í verðlagningu þeirra. Þingmenn tóku á sínum tíma ákvörðun um að leyfa samþjöppun í mjólkuriðnaði bæði með sameiningu fyrirtækja og samvinnu. Á móti tóku þeir valdið til verðlagningar af fyrirtækjunum og settu á þau ýmsar skyldur, sem bæði koma fram í lögum og í samþykktum félaganna. Svona fyrirkomulag á vel við í ákveðnum atvinnugreinum, sérstaklega þeim þar sem flutningabáttur er stór hluti starfseminnar. Þetta fyrirkomulag hefur til dæmis verið notað í rekstri járnbrauta, almenningssamgangna, á raforkumarkaði og svo framvegis. Hér hefur það hentað í mjólkuriðnaði vegna þess að flutningabátturinn er svo gríðarmikill og vegna þess að allar stærri greinar framleiðslunnar, ostaframleiðsla og mjólkurpökkun sérstaklega, fara fram með dýrum tækjabúnaði sem er erfitt að fá á viðunandi nýtingu nema með ákveðinni samþjöppun. Betri nýting lækkar vöruverð.

Það má segja að rekstur Mjólkursamsölunnar sé algerlega skilyrtur af ákvörðunum

verðlagsnefndar búvara. Nú er til dæmis liðið eitt ár og einn mánuður frá því Mjólkursamsalan hefur hreyft afurðaverð vegna þess að verðlagsnefnd er ekki að störfum um þessar mundir. Samt er félagið að taka á sig verðlagshækkanir á hverjum degi.“

Margs konar stýring í gangi

„Annað slagið koma upp hugmyndir um að breyta fyrirkomulaginu, leggja af opinbera verðlagningu og afnema heimild fyrirtækjanna til að starfa saman og koma saman fram á markaði. Þá þyrftu 650 einyrkjar í bændastétt að semja sjálfir við vinnslufyrirtæki og þau að keppa innbyrðis um hylli smásölufyrirtækja. Ég held að það sé hægt að færa gild rök fyrir því að slík breyting myndi ekki bæta hag neytenda og bænda.

Í öllum löndum sem við miðum okkur við er einhvers konar kerfi sem stýrir mjólkurframleiðslunni. Í Evrópu hefur verið kvótakerfi á framleiðslunni og sektum beitt ef bændur framleiða umfram kvóta. Þar notar ESB og einstök ríki inngripsverð til að tryggja lágmarksverð á mjólk. Í Bandaríkjunum fá bændur fast verð fyrir mjólkina en verðlagning á henni til framleiðenda fer eftir því hvað þeir ætla að búa til úr henni. Þeir sem framleiða osta fá hana á lægsta verðinu en þeir sem framleiða drykkjarmjólk borga mest fyrir hana. Svipað fyrirkomulag er einnig í Kanada, Noregi og Japan.

Íslendingar eru því síður en svo einir um að hafa einhvers konar stýrikerfi í kringum mjólkurframleiðslu í landinu. Þvert á móti höfum við í gegnum tíðina notað ýmis kerfi skyld þeim sem aðrir hafa beitt. Kerfið sem við höfum núna er sennilega það einfaldasta,“ segir Einar.

Ekki samdráttur í sölu

Einar segir að þrátt fyrir mikla umræðu um fyrirtækið í kjölfar niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins hafi ekki orðið samdráttur í sölu á vörum MS.

„Neytendur kunna augljóslega að meta gæði mjólkurafurða og vöruúrval. Stóru tíðindin hvað sölu varðar síðustu misserin er aukning í sölu á fituríkari afurðum. Sú aukning hefur haldið áfram. Neysluvenjur fólks eru greinilega að breytast og það er að kaupa meira af ostum, nýmjólk, smjöri og rjóma og annarri grunnvöru. Þetta heldur áfram. Við sjáum líka mjög sterka eftirspurn eftir próteinríkum vörum á borð við skyr. Við gerum ráð fyrir því að breytingar á næstu misserum muni fyrst og fremst koma fram í áherslu á minni sykur í mjólkurvörum og vöruþróun MS tekur mið af því.“

Innflutningur á mjólkurvörum kæmi niður á bændum

Þegar Einar er spurður hvaða áhrif það mundi hafa á starfsemi MS ef innflutningur á matvælum, þar á meðal mjólkurvörum, yrði gefin frjáls segir hann að slíkt myndi fyrst og fremst koma niður á kúabændum. „Ég veit reyndar ekki um neitt land sem hefur afnumið tolla af innfluttri vöru einhliða þannig að innflutningur á mjólkurvörum yrði örugglega háður einhvers konar gagnkvæmum samningum. Ef tollar yrðu afnumdir kæmu áhrifin fyrst fram á framleiðslu á osti, smjöri og mjólkurdufti og í dag fer milli 50 og 60% af allri mjólk hérlandis í slíka framleiðslu.

Væru tollar afnumdir einhliða myndi fjöldi bænda flosna upp og verða eignalausir og einungis stærstu og best reknu búin lifa af og verksmiðjubúskapur aukast líkt og er að gerast víða í Evrópu.

Þrátt fyrir að MS sé stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða en það lítið miðað við mörg fyrirtæki í sams konar rekstri í nágrannalöndunum. Arla í Danmörku og Tíne í Noregi eru

með um 80–95% markaðshlutdeild eftir vörumörkuðum. Þessi fyrirtæki eru margfalt stærri en MS og ef við afnæmum tolla einhliða yrðu fyrirtæki af þessari stærð íslenskum bændum þung í skauti.“

Eftirlitsstofnunum getur skjóplast

„Í ákvæðum samkeppnislaga um markaðsráðandi stöðu og misbeitingu á henni er ekkert sem leiðbeinir um hvað það er að vera markaðsráðandi og hvaða háttsemi og í hvaða mæli er ólögleg. Lögin eru mjög opin og til að geta túlkað þau í hverju tilviki og sannreynt brot þurfa samkeppnisyfirvöld að fara í gegnum mikla vinnu við að skilgreina. Hver er markaðurinn? Hvað var gert? Hver voru áhrifin af því? Að okkar mati hefur Samkeppniseftirlitinu mistekist þetta.

Samkeppniseftirlitið hefur án efa gert margt gott. Mjólkursamsalan hefur margoft að fyrra bragði leitað til Samkeppniseftirlitsins um leiðbeiningar vegna mála til þess að vera fullviss um að hún feti sig áfram með réttum hætti. Það er svona svipað eins og þú stöðvir lögregluþjón til að fullvissa þig um að þú megir aka tiltekinn vegaspotta. Munurinn er bara sá að lögregluþjónninn styðst við skýr umferðarlög og á auðvelt með að leiðbeina þér, en samkeppnisyfirvöld eiginlega geta ekki eða vilja ekki veita slíkar leiðbeiningar.“

Einar þvertekur fyrir að MS hafi vitað að óvissa gæti ríkt varðandi fyrirkomulag á verðlagningu í skilmálalausum viðskiptum með mjólk annars vegar og miðlun á mjólk í framleiðslusamstarfi hins vegar.

„Þetta er eitt af því sem við höfum aldrei leitað til Samkeppniseftirlitsins með og töldum aldrei á gráu svæði enda skýrt í búvörulögum. Í 71. grein búvörulaganna segir að fyrirtæki sem eru undir þessum lagaramma og lúta opinberri verðlagningu af því tagi sem við gerum megi vinna saman og deila kjörum. Það hefur einfaldlega aldrei annað hvarflað að okkur en að fyrirkomulag á samstarfi MS og KS hafi verið í fullu samræmi við búvörulögin.“

Lækkun kostnaðar og raunverðs til neytenda

„Mjólkursamsölunni og KS er skylt að sækja mjólk á alla bæi á landinu, hvar sem þeir eru, svo lengi sem þeir framleiða ákveðið lágmarksmagn. Á hverju ári eru farnar um 80 þúsund ferðir heim á sveitabæi til að sækja mjólk. Þessi söfnun, mjólkurkaupin og birgðastýringin sem þessu fylgir er langdýrasti þátturinn í rekstri MS. Dreifing afurða um landið er einnig dýr en hún er lögum samkvæmt á sama verði til smásala hvort sem þeir eru staðsettir á Vestfjörðum eða í Reykjavík.

Það er eðlilegt að menn taki fyrirkomulag eins og þetta til endurmats reglulega. Landbúnaðarráðherra hóf það endurmat í fyrra og brátt er að vænta skýrslu hagfræðinga sem verður grunn gagn í slíku mati. Það er hins vegar óheppilegt með hvaða hætti niðurstaða Samkeppniseftirlitsins hefur blandast í þessa umræðu. Í fyrsta lagi teljum við þessa niðurstöðu ranga. Eftirlitið hefur sjálft tekið þátt í pólitískri baráttu gegn búvörlagarammanum í um áratug. Það hefur ekki skilað árangri og þá kom þessi niðurstaða. Nú biðum við niðurstöðu áfrýjunar málsins. En svona mál má ekki verða meginatriðið í umræðu um búvörulögin, sem fyrst og fremst varða hagsmunir neytenda og bænda.

Hugmyndin að baki því að veita öllum fyrirtækjum í mjólkuriðnaði undanþágu frá samkeppnislögum hvað samstarf varðar byggir á því að ábatinn af rekstrinum, með aðhaldi frá verðlagsnefnd búvöru, skili sér til bænda og neytenda. Það hefur gerst,“ segir Einar Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölnnar, að lokum. /VH

Mjólkursamsalan kærir niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins

Mjólkursamsalan (MS), sem er í eigu 650 kúabænda, hefur kært til áfrýjunarnefndar samkeppnismála niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins frá 22. september um að hún hafi misnotað markaðsráðandi stöðu.

Þess er krafist að niðurstaðan verði ógilt og sekt felld niður á grundvelli þess að þessi niðurstaða byggji á nýrri og fordæmalausri túlkun á búvörulögum. Auk þess telur MS að stórfelldir annmarkar séu á málsmeðferð sem ættu að verða til niðurfellingar málsins. Ella setji niðurstaða eftirlitsins samstarf um kostnaðarlækkun í mjólkuriðnaði í uppnám.

Stuðla að bætum hag neytenda og bænda

MS telur að málflutningur Samkeppniseftirlitsins, um að félagið hafi veitt fyrirtækjum mismunandi viðskiptakjör í sams konar viðskiptum, byggji á grundvallarmissskilningi um eðli þessara viðskipta. Eftirlitið leggur að jöfnu mjög ólík viðskipti. Annars vegar sölu MS á mjólk til fyrirtækis sem hefur frjálsar hendur um í hvaða afurðir hún er sett og hins vegar miðlun á mjólk til samstarfsfyrirtækja MS sem hafa fallist á að framleiða einungis vörur sem gefa minna af sér. Þeim er bætt það upp með því að miðla til þeirra takmörkuðu magni mjólkur á innvigtunarverði bænda. Þetta fyrirkomulag var viðhaft til að hægt væri að einfalda vinnslukerfi og lækka kostnað í vinnslu afurða. Ábata af því er skilað til neytenda og til bænda gegnum ákvarðanir verðlagsnefndar búvöru. MS telur að þetta sé í raun kjarni málsins og að þetta samstarf sé að öllu leyti lögmætt samkvæmt 71. gr. búvörulaga. Andi og markmið þeirra laga var að stuðla að bætum hag neytenda og bænda. MS telur að verulega skorti



á að málið hafi verið rannsakað þannig að unnt hefði verið að taka upplýsta og rétta ákvörðun. Engin tilraun sé gerð af hálfu Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka rekstur þess fyrirtækis eða þeirra fyrirtækja, sem verðmismunun MS átti að hafa beinst að. Ekkert mat er lagt á möguleg áhrif þessarar meintu verðmismunar. Ekki er leitað neinna upplýsinga frá aðilum sem beina aðild áttu að málinu, t.d. Kaupfélagi Skagfirðinga og Vífilfelli hf., sem var helmingshluthafi í Mjólk. Þá hafi eftirlitið í umfjöllun sinni slegið saman tveimur fyrirtækjum, sem komu fram undir vörumerki Mjólk á árinu 2009. Loks bendir MS á að Samkeppniseftirlitið hafi ekki gætt að andmælarétti fyrirtækisins, sem skipti miklu máli þegar um svo íþyngjandi ákvörðun er að ræða sem vegur að hag félagsins og bændanna sem eiga það.

Skortur á markaðsgreiningu

MS bendir einnig á í kæru sinni að Samkeppniseftirlitið hafi vanrækt að skilgreina rétt og með rökstuddum hætti þá markaði sem fyrirtæki í málinu störfuðu á. Þetta sé grundvallaratriði þegar taka þurfi afstöðu til þess hvort



markaðsráðandi staða hafi verið fyrir hendi og að slík staða hafi verið misnotuð. Fyrirtækið minnir á nýfallinn dóm Hæstaréttar í máli annars fyrirtækis sem Samkeppniseftirlitið hafði fellt á 260 milljóna króna sekt fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Þar hafi sams konar skortur á markaðsgreiningu orðið til þess að málatilbúnaði eftirlitsins var hafnað af héraðsdómi og Hæstarétti.

Óskað eftir munnlegum málflutningi

MS telur að komi ekki til ógildingar hinnar kærðu ákvörðunar þá sé í uppnámi samstarf afurðastöðva um að lækka framleiðslukostnað til ábata fyrir neytendur og bændur. MS telur að málið sé svo umfangsmikið og hagsmunir svo verulegir að óskað hefur verið eftir munnlegum málflutningi fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála.



Aðalfundur Samtaka mjólkur- og kjötvinnslu-fyrirtækja 2014

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 29. október kl. 13.00 í salnum Kviku, Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 1. hæð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Sóknarfæri íslenskra landbúnaðarvara á innlendum og erlendum mörkuðum
4. Aðalfundarstörf

Að fundi loknum verða léttar veitingar í boði Samtaka iðnaðarins.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku með því að senda tölvupóst á netfangið ragrheidur@si.is

Erfðalindasetur Landbúnaðarháskóla Íslands:

Tapaðar erfðaaauðlindir verða ekki endurheimtar

Mikilvægi þess að varðveita erfðaeefni villtra og nytjastofna dýra og plantna verður sífellt meira enda liður í því að tryggja fæðuöryggi.

Einsleit ræktun, loftslagsbreytingar, eyðing búsvæða, mengun og stríðsátök ógna víða fágætum stofnum dýra og plantna sem gætu reynst mikilvægar í framtíðinni.

Íslenskt erfðalindasetur var formlega sett á stofn á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands í samstarfi við erfðanefnd landbúnaðarins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti Íslands árið 2009. Aðsetur setursins er við Landbúnaðarháskólann sem hefur umsjón með rekstri þess og umsýslu. Erfðanefnd landbúnaðarins hefur fastan sess í setrinu og nýtur þjónustu þess.

Setrið er samstarfsvettvangur

Birna Kristín Baldursdóttir, umsjónarmaður setursins, segir að setrið sé hugsað sem samstarfsvettvangur allra þeirra sem með einum eða öðrum hætti tengjast varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði.

„Helstu verkefni setursins snúa að umsjón verkefna á vegum erfðanefndar landbúnaðarins en setrið er jafnframt hugsað sem staður fyrir ýmiss konar starfsemi sem tengist erfðaauðlindum. Til að mynda sem tengsla- og samskiptanet setursaðila þar sem miðla má reynslu, efla starfsemi og samskipti þeirra fjölmörgu sem láta sig varðveislunni og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda varða. Hvort sem það er út frá hagsmunum landbúnaðar, umhverfis eða menningar í víðu samhengi.“

Nauðsyn líffræðilegrar fjölbreytni

Að sögn Birnu gefur erfðanefnd landbúnaðarins á fimm ára fresti út landsáætlun um erfðaauðlindir í íslenskrri náttúru og landbúnaði þar sem stefnumörkun nefndarinnar er sett fram.

„Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, sem Ísland er aðili að, nær til allra tegunda lífríkisins þar á meðal þeirra tegunda sem hafa hagnýtt gildi í landbúnaði. Með stefnumörkun sinni vill erfðanefnd landbúnaðarins mæta þeim skuldbindingum og benda á leiðir til varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda. Í landsáætluninni er einnig samantekt á því sem áunnist hefur.“

Hægt er að nálgast landsáætlunina á heimasíðu nefndarinnar, www.agrogen.is, en þar er einnig að finna upplýsingar um íslenskar erfðaauðlindir og verkefni þeim tengd.

Birna segir að helsta ástæða



Fjöldi gesta mætti á fyrirlestur á Degi rabarbarans.



Birna Kristín Baldursdóttir, umsjónarmaður Erfðalindaseturs Landbúnaðarháskóla Íslands, með kiðling.

þess að mikilvægt sé að varðveita erfðaauðlindir sé að forsendur landbúnaðarframleiðslu geti breyst hratt vegna breytinga sem geta átt sér stað í umhverfinu frá náttúrunnar hendi eða af völdum manna.

„Við breytta aðstæður getur verið þörf fyrir aðra eiginleika en nú er og á það við bæði um plöntur og dýr. Auk þess má nefna að kröfur markaðarins eftir landbúnaðarvörum eru sífellt að breytast. Síðast en ekki síst er menningarsögulegt gildi erfðaauðlinda mikilvægt, þar sem ræktun plantna og búfjár er hluti af menningarsögunni. Það er því vert að hafa í huga að varðveisla erfðaauðlinda er lykilatriði í varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og tapaðar erfðaauðlindir verða ekki endurheimtar.“

Málþing um íslenska kúastofninn

Á undanförmum árum hefur setrið skipulagt þematengd málþing um mikilvægi erfðaauðlinda. Má þar nefna rabarbara, kartöflur, íslenska geitastofninn, ferskvatnsfiska og

fljótlega stendur til að halda málþing um íslenska kúastofninn. „Umræða um innflutning á nýju kúakyni eða innskoti erfðaeefnis vekur spurningar um hver verði staða íslenska kúastofnsins ef hann leggst af sem



Erfðalindasetur Lbhí mun fljótlega standa fyrir málþingi um íslenska kúastofninn.

framleiðslustofn.“

Erfðaeefni varðveitt hér og á Svalbarða

Birna segir að setrið sinni meðal annars samskiptum við Norræna genbankann (NordGen) og hafi umsjón með verkefnum á hans vegum sem tengjast Íslandi.

„Þar má nefna verkefni sem tengist rannsókn á erfðabreytileika og skyldleika íslenska fjárhundsins við hundakyn á Norðurlöndum og víðar um Evrópu.

Fræ af íslenskum nytjajurtum eru varðveitt í Norræna genbankanum í frægeymslu á Svalbarða, meðal þeirra eru fræ af hálingresi, skriðlíngresi, snarrót, túnvingli, vallfoxgrasi og vallarsveifgrasi. Ýmsar matjurtir eru einnig varðveittar hjá genbankanum og má þar nefna kartöflur, melgresi og gulrófur.

Sumar nytjajurtir þarf að varðveita í klónasöfnum og hefur verið leitað eftir samstarfi við grasagarða og byggðasöfn til varðveislu á til dæmis rabarbara.“

Rabarbari hefur verið ræktaður hér á landi með farsælum hætti í að minnsta kosti 130 ár. Talið er að rabarbarinn hafi borist hingað til lands með dönskum embættismönnum í kringum 1880. Í dag eru hér á landi fjölmörg rabarbarayrki og hefur Grasagarður Reykjavíkur tekið að sér varðveislunni á 15 þeirra.

Erfðanefnd landbúnaðarins er einnig ætlað að skapa faglega umgjörð um rannsóknir á erfðaauðlindum landsins og efla og styrkja aðkomu nemenda að rannsóknum á erfðaauðlindum landsins. Nefndin hefur veitt styrki til ýmissa verkefna en fjármagn til hennar hefur verið skorið mikið niður undanfarin ár og styrkveitingar að hennar hálfu í samræmi við það.

Verndun íslenska geitastofnsins

Birna er með meistaragráðu í erfða- og kynbótafræði frá Lbhí og fjallaði lokaverkefni hennar um erfðafjölbreytileika íslenska geitastofnsins. Hún segir að undanfarin misseri hafi verndaraðgerðir vegna íslenska geitastofnsins verið í brennidepli og hafi erfðalindasetur komið að þeim aðgerðum með ýmsum hætti.

„Árið 2010 hafði setrið forgöngu um að safna frystu hafrasæði sem mun hafa mikla þýðingu fyrir framtíð geitastofnsins þar sem flutningur lífdýra er mjög takmarkaður milli sauðfjárveikivarnarhólfa. Sæðingar munu þar hjálpa til við að sporna við aukinni skyldleikarækt og einnig er mikilvægt að eiga erfðaeefni sem baktryggingu ef á þarf að halda síðar meir. Fyrirhugað er að safna fyrstu hafrasæði aftur nú í haust.“

Birna segir að erfðanefnd landbúnaðarins hafi gefið út verndaráætlun fyrir geitastofninn árið 2012 og er hún höfð til hliðsjónar við skipulagningu aðgerða til verndar stofninn.

„Landbúnaðarráðherra skipaði starfshóp síðastliðið vor til að koma með tillögur til verndar og viðhalds stofnsins og hefur landbúnaðarráðuneytið á grundvelli tillagna starfshópsins aukið styrki til geitfjárræktar sem kemur til framkvæmdar á þessu ári. Auk þess hafa Bændasamtök Íslands uppi áform um að gera rafrænan upplýsingagrunn fyrir geiturnar hliðstæðan þeim sem notaður er í sauðfjárræktinni og er það mjög mikilvægt til að hægt sé að halda utan um upplýsingar um stofninn, bæði vegna ræktunar og verndaraðgerða,“ segir Birna Kristín Baldursdóttir, umsjónarmaður Erfðalindaseturs Landbúnaðarháskóla Íslands, að lokum. /VH

Þann 1. nóvember verður haldinn uppskeruhátíð á Hótel Smyrlabjörgum

Borðhald hefst kl 20:00

Veislustjóri verður S. Sindri Sigurgeirsson

Meginstreymi mun leika fyrir dansi

Miðaverð er 6500 kr á mann

Sérstakt tilboð verður á gistingu eða 6000 kr á mann.

Miðapantanir í síma 478-1074

Hlökkum til að sjá ykkur



Þróunaraðstoð Norðmanna:

Greiða Líberíumönnum fé til að hætta skógarhöggi

Norðmenn hafa ákveðið að veita Vestur-Afríkuríkinu Líberíu 150 milljónir Bandaríkjadala, um 1,8 milljarða íslenskra króna, í þróunaraðstoð að því tilskildu að öllu skógarhöggi verði hætt í landinu fyrir árið 2020.

Skógar í Líberíu eru ekki eins stórir og í nágrannalöndunum en þar er samt að finna um 45% af því sem eftir stendur af regnskógum í þessum hluta álfunnar. Líffræðileg fjölbreytni skóga í Líberíu er einnig mikil, þar er meðal annars að finna sjaldgæfa tegund simpansa, fila og hlébarða og því talið mikilvægt að vernda skógana.

Forseti landsins veitti einka-fyrirtækjum heimild til að fella



58% af frumskógum landsins árið 2012 en í kjölfar hrinu mótmæla var hluti heimildanna dreginn til baka. Þróunaraðstoð Norðmanna

er meðal annars háð því skilyrði að 30% af núverandi skóglendi Líberíu verði friðað fyrir ársbyrjun árið 2020. /VH



CompAir loftpressur létta bústörfin

- öflugar loftpressur fyrir
stórt sem smátt

Hvort sem þig vantar 50 l eða
10.000 l loftpressu þá eigum
við rétту lausnina fyrir þig.

Eigum einnig fyrirbyggjandi
pessur fyrir mjaltþjóna.

Við erum sérfræðingar í lofti!



Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is



IDN VÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is

Bændablaðið smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 6. nóvember

ÓDÝRIR-STERKIR-LIPRIR ÁSAFL

Hjallahraun 2
220 Hafnarfj.
s. 562 3833
s. 863 5512
www.asafl.is
asafl@asafl.is



Vandlega uppgerðir Thwaites vagnar frá 1 - 5
tonn í burði. Ný vél, sæti, dekk, vökvadælur ofl.
Skoðið nánar á www.davidcornwallis.com.



framleiðsla í
45 ár

**30% afmælis
afsláttur
af speglum**

Sandblásur myndir og texta á spegla,
lýsing á bakvið spegla

Gler ■ speglar ■ sandblástur ■ slípun

Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - Sími: 54 54 300 www.ispan.is - ispan@ispan.is

CE - VOTTUÐ FRAMLEIÐSLA Opnið alla virka daga 08:00-17:00
Sendum um allt land GLER OG SPEGLAR



Við fjármögnum atvinnutæki



Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is





Íslenskar geitur í útrás

Íslenska geitin er eitt hinna gömlu og verðmætu landnámskynja. Þótt þeim hafi fjölgað verulega síðustu áratuginu, eða úr 300 í 900 á 30 árum, eru þær enn í útrýmingarhættu samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum.

Íslenskar geitur hafa aðeins einu sinni verið fluttar út á fæti, til Skotlands 1986, en nú er verið að byggja upp stofn íslensks geitfjár í Bandaríkjunum með flutningi sæðis úr íslenskum höfnum.

Skoska kasmírgeitin

Skömmu eftir að ég tók að mér málefni geitfjárræktar hjá Búnaðarfélagi Íslands árið 1985, kom ég nokkuð að undirbúningi útflutnings sex geita úr hjörð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í Þormóðsdal. Greindi ég frá þeim útflutningi í starfsskýrslu minni í Búnaðarriti, 100. árg., bls. 74–75, 1987 og einnig í greininni „Íslenskt sauðfé og geitfé á erlendri grund“ í Frey, 86. árg., 13.–14. tbl., bls. 528–531, 1990.

Rannsóknir í Edinborg staðfestu þær niðurstöður dr. Stefáns Aðalsteinssonar að íslenska geitin hafi mjög fínt þel með „kasmír“-eiginleika og þar ytra var ræktað upp nýtt geitfjarkyn, the Scottish Cashmere Goat, þar sem íslenska kynið var eitt fjögurra kynja sem komu við sögu.

Framlag íslensku geitarinnar var fyrst og fremst fínleiki þelsins og er þetta gott dæmi um nýtingu tiltekins erfðaeiginleika á erlendri grundu þótt hann hafi ekki öðlast hagnýtt gildi í heimalandinu. Því skiptir miklu máli að varðveita allar erfðaaðildir, ekki síst í kynjum sem eru í útrýmingarhættu.

Nánari upplýsingar um „kasmír“-ræktunina er að finna í grein minni „The Iceland goat: past and present“ í vísindaritinu Animal Genetic Resources Information, 36. hefti, bls. 53–59, 2005.

Listakonan Anna María Lind Geirsdóttir hefur sýnt söfnun þels og nýtingu þess mikinn áhuga um árabil og hefur, það ég best veit, kynnt sér öðrum betur stöðu skosku kasmírgeitarinnar á Bretlandseyjum.

Nýr stofn byggður upp í Bandaríkjunum

Þá er komið að öðru stigi útflutnings erfðaefnis íslensks geitfjárkynsins; til Maine í Bandaríkjunum sem hófst haustið 2011 eftir töluverðan aðdraganda. Hann var þannig að á árinu 2008 höfðu samband við mig



75% blendingshuðnur fæddar í júlí 2014, með sterk íslensk einkenni.



Þessi kið eru öll 50% blendingar fædd í ágúst 2014. Litareinkenni aðallega frá Obarhasli-kyninu.

hjónin JoAnn og Wayne Myers frá Maine í Bandaríkjunum sem þá voru farin að reka ræktunar- og sýnisbú með sjaldgæfum búfjárkynjum af ýmsu tagi. Áður höfðu þau starfað við heilbrigðisþjónustu í Alaska og víðar. Svo sem fram kemur í starfsskýrslu minni í ritinu Til Búnaðarþings 2010, bls. 65–66, skipulagði ég fyrir þau ferð til landsins í lok febrúar 2009, átti fyrst fund með þeim í Bændahöllinni, og kom þeim síðan í samband við helstu aðila sem gætu komið við sögu, yrði af útflutningi.

Tvennt virtist helst koma til greina, annars vegar að flytja út lífdýr líkt og gert var 1986, hins vegar að flytja út hafrasæði og sæða huðnur á búi þeirra hjóna. Kostnaður við söfnun og flutning fósturvísa var talinn allt of hár.

Þar sem ekki fékkst leyfi til innflutnings geita á fæti lögðu þau hjón áherslu á djúpfrost sæði. Eins og meðfylgjandi myndir gefa til

kynna er ræktunin komin vel af stað og eru huðnur með 75% íslenskt blóð furðu líkar hreinræktuðum íslenskum geitum.

Allt frá 2008 höfum við JoAnn skipst á tölvupóstum og hér þýði ég og endursegi það helsta sem hefur verið að gerast og hvernig staðan er um þessar mundir.

„Við viljum stuðla að verndun hinnar fallegu, íslensku geitar“

Þannig kemst JoAnn að orði nú í haust en fram kemur að þau hjón hafi stofnað Beau Chemin Preservation Farm í Maine árið 1998 og nú séu þau með gripi í ræktun og verndun af 10 þekktum búfjárkynjum í útrýmingarhættu. Þeirra á meðal er hið sérstæða Soay stuttrófufé sem er af sama stofni og íslenska féð (með stuttan dindil) og er gjarnan kennt við eyjuna St. Kilda við Skotland. Auk þess að rækta þessi búfjárkyn er gestum veitt fræðsla



50% blendingur með 75% blendingshuðnu fædda í júlí 2014.



50% huðna með greinileg einkenni frá báðum kynjum fædd 2013.



75% blendingshuðna fædd í maí 2014.

um þau og verndun gamalla kynja almennt sem mörg hver eru því miður í útrýmingarhættu.

Hjónin hafa sérstakan áhuga á „kasmír“-eiginleikum íslensku geitarinnar en engar geitur í útrýmingarhættu hafa verið til í Bandaríkjunum með þá eiginleika. JoAnn minnst með þakklæti þess fólks sem með einum eða öðrum hætti kom að útflutningsmálinu á sínum tíma og ég hafði komið henni í samband við. Ber þar helst að nefna Þorstein Ólafsson dýralækni og Halldór Runólfsson, fv. yfirdýralækni, þá á Matvælastofnun, Kristbjörgu Eyvindsdóttur hrossaútflytjanda og Jóhönnu B. Þorvaldsdóttur, geitfjorbónda á Háafelli í Hvítársíðu. Síðar komu við sögu Guðmundur Jóhannesson hjá Sauðfjarsæðingastöð Suðurlands vegna útflutnings sæðisins haustið 2011 og Birna Baldursdóttir hjá Erfðaaðilindasetrinu á Hvanneyri varðandi skyldleika geitanna o.fl.

Samtals voru send 100 strá með hafrasæði og voru nokkrar huðnur af Oberhasli geitfjárkyninu sæddar haustið 2011. Kyn þetta er af svissneskum uppruna en dr. Phillip Sponenberg, dýralæknir og sérfræðingur um verndun erfðaefnis í Bandaríkjunum, mælti með notkun þessa kyns þar sem það

væri einna líkast íslenskum geitum af þeim geitfjárkynjum sem til eru í Bandaríkjunum.

Góðum áfanga náð

Nú eru þau komin með fimm 50% og fjórar 75% blendingshuðnur undan fimm íslenskum höfnum frá 2011-innflutningnum (sæðinu safnað 2010). Þau vonast til að geta heimsótt Ísland aftur bráðlega til að þiggja frekari ráð um framræktunina og kaupa sæði úr nýjum höfnum því að skyldleikarækt verður að forðast. Enn er nokkuð í land því að það þarf sjö kynslóðir til þess að ná fram 97% íslenskum geitum, sem næst okkar gamla, góða landnámskyni.

Nánari upplýsingar um verndunarstarf Myer-hjónanna má finna á heimasíðu þeirra, www.beaucheminpreservationfarm.com. Þess ber að geta að í Bandaríkjunum og víðar færast í vöxt að fólk fylgi sömu stefnu og Mayer-hjónin. Fólk sem af hugsjón tekur virkan þátt í alþjóðlegri baráttu gegn eyðingu erfðaefnis og fræðir almenning um gildi slíks verndunarstarfs.

Dr. Ólafur R. Dýrmundsson
Bændasamtökum Íslands
ord@bondi.is

www.buvis.is

Verið velkomin á vefsíðu okkar

TRAUT OG GÆÐI VELDU BÆÐI

HÁGÆÐA ÞÝSKAR HÁÞRÝSTIDÆLUR

TIL SMÆRRI OG STÆRRI VERKA

Profi 195 TST
Hámarksþrýstingur 195 bar
Vinnuþrýstingur 10-170 bar
Vatnsmagn 8 l/min
220 volt, 3,2 kw
Kr. **169.000,-** án vsk.

Quadro 1000
Hámarksþrýstingur 250 bar
Vinnuþrýstingur 30-220 bar
Vatnsmagn 15,5 l/min
Vatnstankur 16 l
400 volt, 5,5 kw
Kr. **289.600,-** án vsk.

1152 TST
Hámarksþrýstingur 150 bar
Vinnuþrýstingur 10-130 bar
Vatnsmagn 10 l/min
220 volt, 2,8 kw
Kr. **99.900,-** án vsk.

HD10/122
Hámarksþrýstingur 135 bar
Vinnuþrýstingur 10-120 bar
Vatnsmagn 10 l/min
220 volt, 2,5 kw
Kr. **69.950,-** án vsk.

Akureyri | Sími 465 1332

Fóðraðu til fangs



Ærblöndurnar frá Líflandi henta vel þar sem þörf er á kraftmeira fengiðli. Þær innihalda steinefni og vítamín sem eru sniðin að þörfum sauðfjár.

Ærblanda Líf með 15% próteini

Ærblanda með 24% próteini

Lífland söluráðgjöf | Lynghálsi, Reykjavík | Lónsbakka, Akureyri | Efstubraut, Blönduósi
Sími 540 1100 | lífland@lífland.is | www.lifland.is



Sparaðu með varmadælu hitun kæling

FRAMLEIDDAR OG PRÓFAÐAR FYRIR NORÐLÆGAR SLÓÐIR

BÆSTI TEST NORDIC
LG NORDIC PRESTIGE P09MN.NM2
Besta varmadæla sem nokkurn tíma hefur verið prófuð

LG Nordic varmadælurnar eru framleiddar sérstaklega fyrir norrænt loftslag en ekki aðeins aðlagðar frá Evrópu gerðum. Þetta þýðir aukin einangrun á hverju hólfi fyrir sig í tækinu sem er utanhúss, sem ver þáð fyrir kulda, salti og raka og þar með tæringu sem hefur verið mikið vandamál á Norðurlöndunum og þá ekk síst á Íslandi. Einnig með tvöfaldri pressu, af-frysti, hitalögn í botni, silikon áferð á printplötum og fl. Hvert og eitt nýtt líkan er prófað á norðurslóðum í að minnsta kosti eitt ár áður en almenn framleiðsla og sala er sett í gang. LG Nordic varmadælurnar sem bæði hita og kæla, eru þróaðar í nánu samstarfi milli norrænna tæknimanna og sérfræðinga LG Electronics í Suður Kóreu sem þýðir að þær geta staðist harða norræna vetur, kalt og rakt loftslag með hitastigi niður fyrir -25° gráður á Celsíus.

Prófun SP (Sveriges Tekniska Forskningsinstitut) sú nýjasta sem þeir hafa gert á varmadælum, staðfestir að LG PRESTIGE P09MIN.NM2 Loft í Loft varmadælan sýni bestu útkomu við köldustu aðstæður. Í aðaleinkun sýndi prófunin samanlagt, að dælan gaf bestan orkusparnað hvar sem þú býrð í Svíþjóð.

FRÁBÆR SPARNAÐUR ORKUFLOKKUR A ++
SEER **8.6** SCOP **4.6**
INVERTER SYSTEM

SCOP/SEER er mælikvarði sem sýnir hversu mikið varmadæla getur sparað á ári, þetta er kallað árleg upphitun/kæling. Árs hitunar kvarði (SCOP) 4,6kW og kæli-kvarði SEER 8,6 kW, setur Nordic Prestige varmadælurnar í orkuflokka hitun: A ++ kæling: A ++ Því hærri einkunn sem dælan fær, því meiri sparnaður að sjálfsöðgu. Sparnaður getur numið allt að 85%.

LG Nordic Artcool P12 3,8kW miðað við -7° á Celcius 239.000.kr.
LG Nordic Prestige P09 4,4kW miðað við -7° á Celcius 298.000.kr.
LG Nordic Prestige P12 4,8kW miðað við -7° á Celcius 349.000.kr.




LOFTTÆKNI EHF
Hvammadal 4 190 Vogar
Sími: 546 9500 Farsími: 892 8030 lofttaekni.is

LOFTTÆKNI

Umboðs, uppsetninga og þjónustuaðilar:
Akureyri: Ljósgrjafinn ehf, S:460-7799 ljoggrjafinn.is
Eskifjörður: Rafkul ehf, S:822-8567
Hvolsvöllur: Rafverkstæði Ragnars ehf, S:487-8022
Patreksfjörður: Vélsmiðjan Logi ehf, S:456-1245
Vestur & suðvesturland: Óliver Ragnarsson rafvirki, S:893-3543

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

HLEÐSLUTÆKI

Passaðu vel upp á rafgeyminn í vetur.



SKORRI

TUDOR

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

KÄRCHER®

Háprýstidælur

Vinnubjarkar ætlaðir til daglegra nota



HD 6/16-4 M



HD 6/16-4 MX

- Vinnubrýstingur 30-160 bór
- Sápuskammtari
- 230-600 ltr/klst
- Túrþóstútur + 50%
- 15 m slönguhjól



HD 10/25-4 S

- Vinnubrýstingur 30-250 bór
- 500-1000 ltr/klst



RAFVER

KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F • Sími 581-2333 • rafver@rafver.is • www.rafver.is

VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ



Staðreyndir um Landbúnaðarháskóla Íslands og hvað er til ráða?

Mikið hefur verið fjallað um málefni Lbhí á undanförunum mánuðum. Þar hefur ekki alltaf verið farið með rétt mál og því viljum við koma eftirfarandi staðreyndum á framfæri.

1. Lbhí er mennta- og nýsköpunarmiðstöð landbúnaðarins á Íslandi með höfuðstöðvar á Hvanneyri. Skólinn varð til 2005 við samruna Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri (LBH), Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (Rala) og Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum. Auk hefðbundins háskólastarfs sinnir hann starfsmenntanámi í búfræði og garðyrkju.
2. Skólinn fékk viðurkenningu menntamálaráðuneytisins á fræðasviðum sínum á árunum 2007–8 og ári seinna heimild til þess að bjóða upp á doktorsnám, einn háskóla fyrir utan Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Þessi áfangi hefði ekki náðst án sameiningar LBH og Rala 2005, enda voru akademískir starfsmenn á Hvanneyri á þeim tíma fáir, og liðsauki sérfræðinga Rala forsenda frekari uppbyggingar skólastarfsins.
3. Frá stofnun Lbhí hafa 369 nemendur útskrifast af starfsmenntabrotum, 349 nemendur hafa fengið BS gráðu, 64 meistaranemar hafa lokið námi og eftir fáeinar vikur munum við útskrifa fjórða doktorsnemann. Starfsmenn sinna jafnframt rannsóknum er tengjast vernd og nýtingu landsins gæða og vinna verðmætt nýsköpunarstarf fyrir atvinnuvegin.
4. Nemendur Lbhí eru margir úr dreifbýli landsins og um 75% útskrifaðra nemenda skólans hafa farið til starfa á landsbyggðinni. Skólinn gegnir þannig mikilvægu hlutverki í viðhaldi byggðar og byggðapróun dreifbýlisins.
5. Frá upphafi vega hefur skólinn þurft að kljást við mikinn fjárhagsvanda. Engar fjárveitingar voru veittar til að standa straum af kostnaði við sameininguna í upphafi, né

- heldur lögðu stjórnvöld neinar línur um hvernig að henni skyldi staðið. Alþingi hefur heldur ekki verið til viðræðu um að veita skólanum leyfi til að selja lönd eða fasteignir í því skyni að endurskipuleggja starfsemi sína eða fjárhag. Í lok árs 2013 var eiginfjárstaða skólans neikvæð um 411 mkr. og skuld við ríkissjóð um 750 mkr. Samhliða þessari skuldasöfnun hefur starfsemin dregist saman. Við sameiningu voru fastir starfsmenn um 130 en eru nú í þessum skrifuðu orðum rétt rúmlega 80.
6. Í fjárlagafrumvarpi fyrir 2015 er skólanum gert að draga enn saman seglin um 26 mkr. Auk þess er honum gert að standa skil á endurgreiðslu skulda á næstu tveimur árum að upphæð 35 mkr. hvort ár. Hvað verður þá er óljóst. Til þess að bregðast við þessu verða 10 störf við skólann lögð niður frá og með næstu áramótum. Í þessum yfirstandandi samdráttaráðgerðum hefur verið reynt að verja kjarnastarfsemi kennslu og rannsókna en öll stoðþjónusta hefur verið skorin inn að beini.
 7. Síðastliðið haust lýsti menntamálaráðherra því yfir að hann teldi skynsamlegast að sameina starfsemina Háskóla Íslands og verja þannig framtíð fræðasviða skólans. Unnið var út frá þeirri hugmynd að til yrði ný deild innan verkfræði- og náttúruvísindasviðs HÍ sem hefði aðalstöðvar sínar á Hvanneyri og þar yrði háskólakennslan með sama sniði og verið hefur sem og starfsmenntanámið. Jafnframt yrði stefnt að því að efla starfsemina á Hvanneyri með öllum tiltækum ráðum, m.a. með uppbyggingu nýrrar jarðræktarmiðstöðvar á staðnum.
 8. Hugmyndir ráðherrans mættu mikilli andstöðu sveitarstjórnarfólks og annarra heimamanna í Borgarbyggð, þingmanna í Norðvesturkjördæmi og forystu Bændasamtaka Íslands. Hann afréð því að láta málið niður falla á útmánuðum 2014.

- Ráðherra hefur hins vegar lýst því yfir nýlega á þingi að hann sé enn sömu skoðunar, enda er það í samræmi við opinbera stefnumörkun Vísinda- og tækniráðs 2014–2016 sem grundvölluð er á ítarlegri greiningu á stöðu og framtíð íslenska háskóla- og nýsköpunarkerfisins.
9. Tæplega fjórir fimmtu allra akademískra starfsmanna skólans skrifuðu undir yfirlýsingu til rektors og menntamálaráðherra síðastliðið vor um að halda til streitu áformum um að sameina Lbhí og HÍ. Rök þeirra voru þau að ef ekki yrði af áformum ráðherra yrði starf skólans í mikilli hættu og gildi það jafnt um starfsmenntanámið á Hvanneyri og Reykjum, og háskólanámið og rannsóknir.
 10. Vert er að minna á að til Lbhí eru gerðar sömu kröfur og til annarra háskóla um gæði rannsókna og kennslu í samræmi við lög um háskóla nr. 63/2006. Í úttektarskýrslum erlendra sérfræðinga á vegum gæðaráðs íslenskra háskóla hefur komið fram að skólinn hefur skýra faglega sérstöðu meðal íslenskra háskóla, með sérlega góða aðstöðu til að reka það nám sem hann hefur með höndum og veitir nemendum persónulega og góða þjónustu, enda hefur skólinn fengið fulla viðurkenningu á fræðasviðum sínum og staðist úttektir. Á hinn bóginn hefur verið endurtekið bent á þá staðreynd að skólinn hefur verið vanfjármagnaður frá stofnun. Hafi það komið niður á gæðum starfsins og möguleikum hans til að bregðast við ábendingum um nauðsynlegar úrbætur. Frá 2008 hafa komið fram í úttektarskýrslum ábendingar um að stofnunin sé undir stærðarmörkum til að geta staðið undir öllum þeim fjölbreyttu kröfum sem gera ber til sjálfstæðs háskóla.

Hver er þá staðan núna og hvað er til ráða?

Málefni Lbhí eru í ógöngum vegna pattstöðu íslenskra stjórn mála.

Menntamálaráðherra, margir starfsmenn og stjórnendur Lbhí, og rektor og háskólaráð HÍ vilja sameina Lbhí og HÍ. Það er bæði í samræmi við vandlega ígrundaða stefnumörkun Vísinda- og tækniráðs og ábendingar sem hafa komið fram í gæðamatsskýrslum um Lbhí. Stjórnendur Lbhí töldu og telja enn að brýnt sé að vinna að framtíðarþróun skólans á þessum grunni í góðu samstarfi við stjórnvöld, en ekki í andstöðu og afneitun.

Andstæðingar sameiningar benda á að loforð ráðherra um uppbyggingu á Hvanneyri við sameiningu Lbhí og HÍ hafi verið sýnd veiði en ekki gefin. Sannfærandi áætlanir um að fjármögnun væri fyrir hendi hefðu ekki verið reiddar fram, jafnframt því að engar tryggingar hefðu verið fyrir því að starfsemi skólans á Hvanneyri og Reykjum yrði tryggð inn í framtíðina innan vébanda stóra þjóðarháskólans, þ.e. HÍ.

Til að losa um þessa pattstöðu þarf mildari skoðanaskipti en hingað til í þeim tilgangi að finna málamiðlanir. Umræða sem er högg í högg skilar okkur ekki áleiðis. Sameining stofnana er ekki einfalt mál og slíkum ferlum er auðvelt að klúðra ef ekki er vandlega ígrundað hvernig tryggja skuli framtíð verkefna og mannauðs sem best. Í því verkefni sem biður okkar er nauðsynlegt að hafa í farteskinu bæði faglega og pólitíska sýn sem viðurkennir þá staðreynd að lítill landsbyggðarháskóli þurfi að komast í skjól stærri umgjörðar til þess að tryggja honum nægilega öflugna innviði og stoðkerfi svo að hann geti rækt hlutverk sitt í kennslu og nýsköpun. Starfsemin þarf að standast alþjóðlegar gæðakröfur en það er ekki síður mikilvægt að skólinn geti um leið þjónað fagsviði sínu fyrir íslenskt samfélag og dreifbýlið alveg sérstaklega.

Lítill landsbyggðarháskóli eins og Lbhí hefur mikilvægu hlutverki að gegna fyrir atvinnulíf í dreifbýli um land allt auk þess sem starfsstöðvar í dreifbýli auka fjölbreytni í atvinnulífi á hverju svæði. Nýleg rannsókn á örlögum útskrifaðra nemenda frá Lbhí sýnir þetta glögglega því að yfir 75% útskrifaðra nema

frá háskólabrautum eru við störf á landsbyggðinni og enn hærra hlutfall úr starfsmenntabrotum. Skólinn hefur, rétt eins og aðrir dreifbýlisháskólar landsins, lagt sig fram við að gera nemendum kleift að stunda fjarnám í meira mæli en stóru skólarnir í Reykjavík. Þeir hafa því sinnt ákveðnu frumkvöðlahlutverki og gert fólki víða um land mögulegt að stunda nám sem það hefði annars ekki haft möguleika á.

Við pólitíska stefnumörkun fyrir háskólakerfið á Íslandi þarf að taka tillit til sérstöðu litlu dreifbýlisskólanna. Það þarf að viðurkenna að þeir eru dæmdir til að vera „óhagkvæmari“ einingar samanborið við stóran skóla í borg. Það er hluti af því verði sem þarf að gjalda fyrir að halda við grunnstofum landsbyggðarinnar. Góð ráð eru oft dýr og krefjast þess að stjórnvöld hafi pólitískt þor og skýra framtíðarsýn. Stóru háskólarnir fyrir sunnan, sérstaklega HÍ, hafa sýnt áhuga og ábyrga afstöðu til verkefna litlu skólanna og það er eðlilegt að horft sé til samstarfs við þá um að skólarnir myndi allir saman þá heild sem íslenskt samfélag þarf á að halda. Við skorum á stjórnvöld að þau finni leið sem tryggir öflugt þekkingarstarf í dreifbýlinu án þess að slegið sé af gæðakröfum. Það mætti gera með því að skilgreina sérstakan lið á fjárlögum fyrir viðkomandi stofnun sem tryggir að hægt sé að reka samkeppnishæft gæðanám og rannsóknir utan höfuðborgarsvæðisins. Finna þarf skipulag sem er þannig úr garði gert að sveitarstjórnarmenn og aðrir hagsmunagæslumenn í dreifbýlinu sjái og sannfærast um að það sé verið að vinna fyrir dreifbýlið en ekki gegn því.

Í stefnumótun fyrir íslenska háskólakerfið þurfum við að stilla saman kraftana en ekki reka óvægna árekstrarpólitík milli þeirra smáu og stóru eða á milli dreifbýlis og höfuðborgarsvæðis. Við erum öll sömu þjóðar og eigum sameiginlegra hagsmuna að gæta.

**Björn Þorsteinsson, rektor
Aslaug Helgadóttir,
aðstoðarrektor**



Endurmenntun Lbhí

Reiðmaðurinn - framhaldsbjálfun

Einstaklingsmiðuð námskeiðaröð fyrir fólk með góðan grunn í reiðmennsku og bjálfun. Námskeiðið gengur út á að auka gæði hestsins í því hlutverki sem honum er ætlað.

Boðið verður upp á námskeiðið á fjórum stöðum:

Hefst 9. janúar á Króki í Ásahreppi á Suðurlandi
Kennari Reynir Örn Pálmason reiðkennari

Hefst 23. janúar í Spretthöllinni í Kópavogi
Kennari Halldór Guðjónsson reiðkennari og tamningamaður

Hefst 16. janúar á Miðfossunum í Borgarfirði
Kennari Heimir Gunnarsson reiðkennari við Lbhí

Hefst 30. janúar í reiðhöll Létts á Akureyri
Kennari Erlingur Ingvarsson reiðkennari og tamningamaður

SKRÁÐU ÞIG NÚNA!
www.lbhi.is/namskeid - endurmenntun@lbhi.is - síma 433 5000

Bændablaðið Næsta blað kemur út 6. nóvember



limtrevirnet.is

Við framleiðum landbúnaðarbyggingar

Með því að nota límtré í burðargrindur landbúnaðarbygginga eins og fjósa, hesthúsa, reiðhalla, fjárhúsa og fleiri gerða, og klæða grindurnar með Yleiningum fást mjög hlýleg og falleg hús sem eru fljótuppsett, endingargóð og brunapólin. Ekki skemmir fyrir að þessi hús eru hagkvæm í viðhaldi og rekstri.

Ráðgjöf til viðskiptavina
Starfsmenn okkar búa yfir áratuga reynslu við hönnun og framleiðslu húsanna.



Fjós



Vélaskemma



Hesthús



LimtreVirnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is

Bókhald, virðisaukaskattskil,
launaútreikningur, gerð ársreiknings og
skattframtals

Veitum faglega þjónustu



Endurskoðun og ráðgjöf

apal@apal.is Sími 535 0220

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

JARÐIR TIL SÖLU

Ríkiskaup er með til sölu jarðirnar Litla Kamb í Snæfellsbæ, lðunnarstaði í Borgarbyggð - Lundarreykjadal, Stóra Hraun í Sveitarfélaginu Árborg og Hlíðarberg í Hornafirði.



15684 – Litli Kambur í Snæfellsbæ í hinni fögru sveit Breiðuvík. Jörðin er talin vera u.þ.b. 190 ha.



15685 – lðunnarstaðir í Borgarbyggð, Lundarreykjadal Jörðin eru talin vera u.þ.b. 980 ha, með greiðslumark og á jörðin aðild að Veiðifélagi Grímsár og Tunguár.



14490 - Stóra Hraun, landspilda í Sveitarfélaginu Árborg. Jörðin er talin vera u.þ.b. 251,4 ha. Örstutt er til höfuðborgarsvæðisins sem gefur margvíslega notkunarmöguleika.



15471 - Hlíðarberg í Hornafirði Jörðina er talin vera u.þ.b. 17 ha.

Nánari upplýsingar og gögn fyrir ofangreindar jarðir eru aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is eða í síma 530 1400.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



Minnisvarði um Guðmund Ólafsson:

Frumkvöðull framfara í landbúnaði

Minnisvarði um Guðmund Ólafsson (1825–1889), búfræðing, alþingismann og bónda, var afhjúpaður á Fitjum í Skorradal 10. ágúst síðastliðinn. Afkomendur Guðmundar stóðu fyrir gerð minnisvarðans 125 árum eftir lát hans.

Hulda Guðmundsdóttir á Fitjum, barnabarnabarn Guðmundar, segir að með minnisvarðanum vilji afkomendur Guðmundar heiðra minningu forföður síns og framlag hans til framfara í íslenskum búskaparhátum.

„Framlag Guðmundar er að mestu gleymt, eins og oft gerist með störf þeirra sem eru á undan sinni samtið. Máltækið „fáir njóta eldanna sem fyrstir kveikja þá“ á því vel við um Guðmund.“

Stritið var hin æðsta dyggð og guði þóknanlegt

„Við sem njótum nútíma lífsgæða þurfum að muna að þau byggjast á þrotlausri vinnu þeirra sem á undan fóru og lögðu gjörva hönd á plóg, eins og stundum er sagt. Það á alveg sérlega vel við í tilfelli Guðmundar, því miklum hluta starfsævi sinnar varði hann í að kenna notkun plóga og hestafla í stað þess að streða á mannaflinu. Í þá daga, og mun lengur raunar, þótti eðlilegt að leggja mest á mannsins skrokk og spara hrossin. Stritið var hin æðsta dyggð og guði þóknanlegt. Við skulum átta okkur á því að það var ekki búið að finna upp hjólið hér á landi um 1850.

Menn höfðu því ekki vagna sér til liðléttingar. Það gerðist ekki fyrr en þrjátíu árum síðar með innleiðingu hestvagna. Þegar maður áttar sig á aldarhættinum sem Guðmundur glímdi við og ytri aðstæðum, skilur maður betur hvers vegna hann fékk ekki meiru áorkað en raun bar vitni, þrátt fyrir sína góðu menntun og mikinn vilja,“ segir Hulda.

Samtíminn var íhaldssamur

Guðmundur kom 26 ára gamall frá námi í Danmörku, Svíþjóð og Noregi um miðja 19. öld. Þá ríkti hér á landi mikil tregða eða beinlínis andstaða gagnvart nýjum hugmyndum. Það mátti engu breyta.

„Þetta er í sjálfu sér áhugavert í ljósi þeirrar nýjungagirni sem ríkir á okkar dögum en samtími Guðmundar var afar íhaldssamur og hreint ekki móttækilegur fyrir þeim nýjungum sem hann vildi koma á. Framlag hans til ræktunarbóta og búnaðarfræðslu varð þó, þrátt fyrir þetta, mikilvægur hlekkur í framfaraátt í því staðnaða landeigendaveldi sem hér ríkti, fram yfir hans daga, eða allt fram undir aldamótin 1900,“ segir Hulda.

Guðmundur var við nám á árunum 1847–51 og var tvímælalaust meðal mest menntuðu manna sinnar tíðar hér á landi. Þórður Kristleifsson frá Stóra-Kroppi segir í Borgfirskri blöndu að menntaþrá Guðmundar hafi verið slík „að hann vakti sí og æ yfir því að afla sér nýjustu fræðiritra, sem út komu erlendis, um jarðrækt, jarðvegsrannsóknir og búvísindi margvísleg“. Þá hafi hann skilið öll Norðurlandamálin, ensku og þýsku, sem móðurmál sitt. Telur Þórður að Guðmundur hafi verið „marga áratugi á undan samíð sinni, en þó framar öllu sem ágætlega menntaður og atorkusamur jarðræktarmaður“. Hann hafi haft „óbilandi trú á mátt moldarinnar“ og „í matjurtagörðum hans spruttu fleiri tegundir grænmetis en aðrir bændur þekktu þá“.



Hulda Guðmundsdóttir og Ólafur R. Grímsson, forseti Íslands, við afhjúpun minnisvarðans um Guðmund Ólafsson.

Alþingismaður og skrifaðist á við Jón Sigurðsson

„Ég held að skrif Þórðar hafi fyrst vakið forvitni mína á langafa,“ segir Hulda. „Í túlkun hans birtist Guðmundur sem afskaplega sjarmerandi persóna, fullur atorku og hugsjóna, ekki bara á sviði jarðyrkjunnar heldur líka sem þátttakandi í þjóðfrelsisbaráttunni. Þegar ég las tuttugu bréf hans til Jóns Sigurðssonar forseta sem gefin voru út á bók árið 1991 fannst mér að túlkun Þórðar á Guðmundi væri rétt. Bréfin eru ómetanleg, bein heimild um hugsunarhált hans og afstöðu til ýmissa mála, en maður finnur líka hvernig það dregur smátt og smátt af honum, eftir því sem árin líða. Hann þreytist og það þokast hægt í framfaraátt. Þeir Jón skrifast á, alveg þar til Jón deyr árið 1879. Þá hafði Guðmundur verið þingmaður Borgfirðinga frá 1875, en eftir andlát Jóns „vildi Guðmundur ekki úr því sitja á þingi þó farið væri þess á leit“, segir Stefán, sonur hans, í minniskompu sinni sem ég hef undir höndum. Þessi minniskompa Stefáns afa er góð heimild, en hún er auðvitað túlkun sonar á föður, eða sú mynd sem hann vill birta afkomendum sínum af Guðmundi. Kompan er því ekki jafngóð sendibréfunum, sem birta skoðanir og hugðarefni milliliðalaust.“

Bókstafurinn var harður húsbóndi

Hulda segist hafa sérstakan áhuga á nokkrum bréfum Guðmundar sem eru til Magnúsar Eiríkssonar sem var guðfræðingur og fyrstur karla á Norðurlöndum og þó víðar væri leitað til að gefa út rit til varnar kvenfrelsi, árið 1851, eða sama ár og Guðmundur kemur til baka úr námi. Það kemur margt áhugavert í ljós í guðfræðilegu tilliti í bréfum þeirra, segir Hulda, sem sjálf er MA í guðfræði og bætir við að það sé hennar túlkun að samfylgd Guðmundar og Magnúsar hafi haft afleiðingar fyrir Guðmund sem segir í einu bréfa sinna til Magnúsar frá 1853: „Ýmsir hafa haft það í flimtingum að jeg muni hafa nokkuð skrítnar skoðanir í trúarefnum. Halda sumir að jeg muni trúlaus með öllu og þykir þeim Ortodoxunum það illa, en bændurnir gruna að jarðyrkja hjá mjer muni þessvegna eigi þrýfast.“



Guðmundur Ólafsson, búfræðingur, alþingismaður og bóndi.

Fræðslurit og nokkrar ritgjörðir Guðmundar Ólafssonar

- Um jarðyrkju á Íslandi. Ný fjelagsrit, 9. árg. 1849, s. 102–130.
- Um búnaðarfjelög. Ný fjelagsrit, 12. árg 1852, s. 145–168.
- Um búnaðarskólafundun á Íslandi. Ný fjelagsrit, 15. árg. 1855, s. 125–151
- Um jarðabygging og ábúð. Ný fjelagsrit, 24. árg. 1864, s. 156–172.
- Um vatnsveitingar og þúfnasljettur. Skýrsla Búnaðarfj. Suðuramtsins 1874–76.
- Skýrsla um jarðabætur. Íslendingur, 3. árg. 1863.
- Um þúfnasljettun Andvari 1. árg. 1874, s. 139–164.
- Hvernig eigum vér að byrja hina nýju þúsund-ára-öld? Norðanfari, 15. árg. 1876.

Að auki er varðveitt í eiginhandarhandriti Guðmundar, án ártals, þýðing hans úr ensku eftir James F. W. Johnston „Spurningar í jarðyrkjufraði“.

Hulda segir að hafa verði í huga Mósebók en þar kveður á um hvíldarár lands. „Menn litu á það sem guðlega tilskipun og bókstafurinn var harður húsbóndi. Því hefur það vakið almenna tortryggni þegar Guðmundur taldi þekkingu á vísindum, eðlis- og efnafræði og svo plægingar vera ávísun á bætta frjósemi landsins. Gat verið að svo óguðlegar skoðanir og umbýlting landsins væru af hinu góða?“

Þurfti að finna upp orð á íslensku

Snemma árs 1853 kemur út fyrsti kafli af Ritgjörð um ætlunarverk bóndans sem jarðyrkjumanns, eftir Guðmund, prentað hjá S.L. Möller í Kaupmannahöfn. Einkunnarorð á titilblaði eru Bóndi er bústólpi, bú er landstólpi.

Í formála Guðmundar kemur meðal annars fram að jafn mikilvægt og það sé að kenna eðlis- og efnafræði, eða eins og hann orðar það, „að lýsa efnum þeim, sem einkum mynda jarðvegin og grösin“ þá sé það ekki einafalt „því engin þess konar fræði eru hingað til samin á íslenzka tungu, málið er því óvant slíkri vísindagrein, og vantar bæði orð og talshætti, sem henni eru eiginlegir. Jeg hef því hlotið að smíða ýms ný orð bæði yfir efnin og áhrif þeirra“.

„Það var því ekki auðvelt fyrir Guðmund að koma vísindalegri þekkingu sinni til skila,“ segir Hulda, „hann þurfti að byrja á því að búa til orð um það sem aldrei hafði verið nefnt í íslenskri tungu, og mæta svo því afturhaldi sem viðjar vanans skópu.“

Þörf fyrir búnaðarskóla

Í formála sama rits kemur einnig fram það baráttumál sem Guðmundi er hugstætt og hann nefnir í flestum bréfa sinna. Þetta er þörfin fyrir búnaðarskóla. Hann segir: „Það er vonandi og óskandi, að stjórn og þjóð vildu leggjast á eitt, til að koma á fót þess háttar stofnunum, þar sem bændaefni gætu átt kost á að afla sjer þeirrar menntunar, sem kennir þeim að þekkja ætlunarverk sitt eins og hæfir stöðu þeirra. Slíkar stofnanir hljóta að þykja öllum þeim nauðsynlegar, sem vita, hver þjóðheill er að góðum bændum og búskap. En þótt fátækt og samtakaleysi landsmanna kunni enn þá að vera því til fyrirstöðu að ein menntastofnun handa bændum geti komizt hjer á fót, þá má ætla, að slíkt geti ekki til langframa orðið. Þess má því vænta, að menn sýni vonum bráðara í verkinu, að þeim sje annt um vegna þjóðarinnar að koma slíkri stofnun á fót.“

Þegar stjórnendur áttuðu sig á því að jarðyrkjan gat ekki tekið framförum, nema með bættum kjörum bænda og „frjálslegum búnaðarlögum og ýmsum nytsömum tilhögunum“ þá fyrst urðu framfarir í jarðyrkjunni, segir Guðmundur í þessu riti sínu árið 1853.

„Lykilorðin voru frelsi og menntun, enn var þó langt í land. Fyrsti búnaðarskólinn var ekki stofnaður fyrr en 1880, sama ár og farið var að nota akfæri, eða vagna á hjólum og flestir bænda voru leiguliðar fram undir aldamót. Í rauninni ríkti hér þrælalhald þar til vistarbandið rofnaði 1894.

Við, sem byggjum Ísland í dag, megum ekki gleyma því sem forfedur okkar og formæður lögðu af mörkum. Þess vegna er gott og mikilvægt að tengja sig sögunni og reisa þeim bautasteina til framtíðar,“ segir Hulda Guðmundsdóttir að lokum.

/VH



Borgaraleg fermingarnámskeið og athafnir verða á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Ef næg þátttaka fæst verður einnig boðið upp á námskeið og athafnir í öðrum landshlutum.

Uppbyggileg fræðsla - hátíðleg athöfn.



Frekari upplýsingar og skráning á www.sidmennt.is eða í síma 557 3734 og 844 9211

NEW HOLLAND rúlluvélar Gæði - ending - afköst - þjónusta



Ein...

BR6090 RC

Einföld rúlluvél á einföldu verði.

Verð kr. 3.790.000.- án vsk. (kr. 4.756.450.- m.vsk)

Tvær...

BR6090 Combi

Sterk og endingargóð vél sem hefur sannað sig við íslenskar aðstæður. Aflþörf með því minnsta sem gerist.

Verð kr. 7.790.000.- án vsk. (kr. 9.776.450.- m.vsk)

...og þrjár stærðir af rúlluvélum

RB 135 Ultra

Rúlluvél sem stenst miklar kröfur bænda. Baggahólf 1,20x1,35m sem þýðir umtalsverðan plast sparnað. 20 hnífar tryggja vel saxaðar rúllur.



Gamli traktorinn



Ferguson-Brown – samstarf í molum

Á árunum milli 1930 og 1940 unnu vélaframleiðandinn David Brown og verkfræðingurinn Harry Ferguson að hönnun og framleiðslu á dráttarvél sem gekk undir nafninu Ferguson-Brown.

Báðir þessi menn voru miklir harðhausar og gekk samstarfið vægast sagt illa. Einungis voru framleidd riflega 1.300 eintök af þessum traktor.

Uppruna David Brown-traktora má rekja til ársins 1860 þegar enskt fyrirtæki með sama nafni hóf að framleiða tannhjól úr tré sem voru meðal annars notuð í vindmyllur. Fljótlega fór fyrirtækið einnig að framleiða tannhjól og úr pottjárni og stáli og síðar girrkassa.

Ferguson-Brown

Árið 1930 hóf David Brown III samstarf við írsku verkfræðinginn Harry Ferguson sem gekk út á að framleiða dráttarvélar. Báðir menn voru skapmiklir og samstarfið gekk vægast sagt illa. Þrátt fyrir ágreininginn hóf Brown framleiðslu á lítilli 20 hestafla vél sem gekk undir nafninu Ferguson-Brown. Ferguson sá aftur á móti um sölu- og markaðsmál vélanna.

Framleiðsla gekk vel í fyrstu en eftirspurnin var takmörkuð þar sem vélarnar þóttu dýrar enda tvöfalt dýrari en Fordson-dráttarvélar á sama tíma. Ekki voru framleidd nema riflega 1.300 eintök af Ferguson-Brown traktorum.

Undirferli og leyndarmál

Ágreiningur Brown og Ferguson jókst og neitaði Ferguson að gera nokkrar umbætur á vélinni og kenndi lakri framleiðslu Brown um allt sem miður fór. Þegar Brown frétti að Ferguson hefði farið til Bandaríkjanna til að kynna Henry Ford hugmyndir sínar um nýja dráttarvél án samráðs við sig hóf hann í leyni að hanna nýjan traktor. Traktorinn sem Brown

hannaði fékk nafnið Vaki og gætti hann þess að í honum væru engir vélahlutir sem Ferguson hefði hannað eða ætti einkaleyfi á. Framleiðsla Vaki hófst um það leyti sem seinni heimsstyrjöldin skall á og fram til ársins 1954 voru framleiddar hátt í 60.000 slíkar dráttarvélar.

Stefnt á Bandaríkjamarkað

Árið 1953 setti Brown á markað tvær minni vélar, DB25 og DB30, og eina öflugri, VAD6, sem var ætlað að keppa við Ferguson og Fordson á markaði.

Sá traktor Brown sem náði bestum árangri var 990-vélin og kom á markað árið 1961 og uppfærð 1967.

Þegar hér var komið sögu einbeitti David Brown sér nánast eingöngu að Bandaríkjamarkaði og ætlaði sér stóra hluti þar.



Svo stóra að árið 1972 neyddist hann til að selja Case þann hluta fyrirtækisins sem framleiddi dráttarvélar. Framleiðslu á David Brown-dráttarvélum var hætt árið 1988.

Yrkjuvélar fluttu inn fimm DB

Fyrirtækið Yrkjuvélar S.F., sem var stofnað árið 1950, flutti inn fimm David Brown-vélar til Íslands til ársins 1958. Glóbus hf - Árni Gestsson véladeild tók síðar við umboðinu og árið 1963 var efnt til hringferðar um landið til að kynna 880- og 990-gerðirnar. Vinsældir David Brown-dráttarvéla urðu aldrei miklar á Íslandi. /VH



Frá fundi skógræktarmanna.

Ályktun Skógræktarfélags Íslands og skógræktarféлага á Vestfjörðum:

Haldlaus rök sögð tefja vegagerð um Teigsskóg

Skógræktarfélag Íslands telur, ásamt skógræktarfélögum á Vestfjörðum, að ekki sé ástæða til að leggja gegn vegagerð um Teigsskóg í Þorskaflirði.

Í umræðu um ráðgerðan veg hefur því m.a. verið haldið fram að nauðsynlegt sé að varðveita Teigsskóg. Telja verður að þetta séu haldlaus rök, notuð sem yfirvarp. Örlítið brot af Teigsskógi og skóglendi að vestanverðu í Þorskaflirði fer undir veg samkvæmt nýjustu tillögu Vegagerðarinnar, innan við 1%

af heildarflatarmáli skógarins. Skaðinn er því óverulegur. Við fyrirhugaðar framkvæmdir verður jafnmikill birkiskógur ræktaður innan héraðs til mótvægis við skerðingu í Teigsskógi. Birkiskóglendi á sunnanverðum Vestfjarðakjálkanum minnkar því ekki við gerð vegarins.

Á Vestfjörðum er að finna marga fallega birkiskóga. Nýr vegur um Teigsskóg mun greiða almenningi leið að Teigsskógi til að njóta hans og annarra fallegra náttúrufyrirbæra við utanverðan Þorskaflirði.

Félögin benda á að engir hafi varðveitt betur sinn upprunalega birkiskóg en Barðstrendingar. Kjarr er mjög víða í sýslunni og nánast ómögulegt að leggja vegi án þess að fara um kjarlendi. Undanfarin tvö ár hefur Vegagerðin unnið að löngu tímabærum vegabótum vestar í sýslunni og hefur þurft að ryðja þar alls um 5 hektara birkiskógar. Til samanburðar er talið að varanleg röskun í Teigsskógi og Þorskaflirði verði samtals 6,1 ha, verði farin sú veglína sem Vegagerð ríkisins kynnti nýlega.

Mikil breyting á Hálsmelum á örfáum árum

Hálsmelar kallast melarnir norðan Vaglaskógar í Fnjóskadal á hálsinum sem skilur dalinn og Ljósavatnsskarð. Þar voru miklar andstæður örsnauðra mela og gróskumikils birkiskógarins þegar Hálsmelar voru friðaðir 1989.

Árið eftir var hafin gróðursetning í melana undir merkjum landgræðsluskógaverkefnisins. Að verkinu stóð Skógræktarfélag Fnjóskdæla.

Nú hafa verið gróðursettar um 130 þúsund skógarplöntur á Hálsmelum, mest lerki. Fólk úr Fnjóskadal og nágrenni hefur unnið verkið í sjálfböðavinnu. Hin seinni ár hefur lítils háttar verið klippt af tvítöppum og unnið að annarri umhirðu. Árangurinn hefur verið mjög góður og er mikil breyting á svæðinu á örfáum árum.

Hægt að ná árangri fljótt

Hálsmelar eru lýsandi dæmi um hve fljótt má ná góðum árangri með skógrækt á mjög snauðu landi, sérstaklega á láglandi. Nú er kominn skógur þar sem var auðnin ein fyrir aldarfjórðungi. Land sem áður gaf ekkert af sér myndar nú verðmætan skóg sem senn fer að gefa arð. Skjólíð, bætt ásýnd landsins, auðugra vistkerfi, aukið fuglalíf og fleira sem jafnan fylgir skógrækt fáum við í kaupbæti. Þetta kemur fram á vefnum skogur.is.



Hálsmelar í júlí 1996. Myndir / Skógrækt ríkisins.



Hálsmelar 2014 eru lýsandi dæmi um hve fljótt má ná góðum árangri með skógrækt á mjög snauðu landi, sérstaklega á láglandi. Nú er kominn skógur þar sem var auðnin ein fyrir aldarfjórðungi.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

KJÖTSÚPUDAGURINN

- fyrsta vetrardag - 25. október



PÉR ER BOÐIÐ

í ilmandi kjötsúpu á Skólavörðustíg kl. 14

Tökum saman á móti vetrinum með íslenskri kjötsúpu og íslensku fjöri. Taktu með þér fjölskyldu og vini og njóttu einstakrar stemningar á Skólavörðustíg á fyrsta dag vetrar.

Boðið er upp á ljúffenga, ilmandi og heita kjötsúpu á fimm stöðum á Skólavörðustíg. Það eru margir af færustu matreiðslumönnum landsins sem sjá um matseldina.



Lambakjöt

NÁTTÚRULEGA
Í STEMMNINGUNNI



Lífrænt – ólífrænt og allt það!

Við sem erum komin hátt á sjöunda áratuginn eða eitthvað ofar en það í aldri og munum eftir sveitastörfum og sveitalífi um miðbik síðustu aldar getum eiginlega með sanni sagt að við höfum lifað tímana tvenna.

Í minni sveit var ekki kominn bílfær þjóðvegur, ekkert rafmagn og varla símasamband nema á tveim bæjum. Tún slegin með orfi og ljá og engaheyskapur nokkur. Hálfur slægjan reidd í sáttum heim á klifberum, eða flutt á bátum yfir fjörð, til þurrkunar á velli. Þar var hún rifjuð, rökuð upp í föng, lanir eða galta eftir því hvernig viðraði á heyskapinn. Það var stungið út úr fjárhúsum og mykjan beið í fjóshaugnum. Hvort tveggja var svo borið á túnið á réttum tíma. Svo slóðadregið. Slóðinn hengdur aftan í hross. Áður en grænkaði um of var því sem ekki vannst ofan í völinn rakað af. Afrakinu safnað saman og notað til að reykja kjötið að hausti. Tilbúinn áburður þekktist, en kaup á honum voru býsna takmörkuð. Mig rekur minni til að eitthvað hafi það aukist eftir að búnaðarráðunauturinn Agnar Guðnason fór að setja upp markvissar áburðartilraunir á svo til hverjum bæ í minni sveit um miðjan sjötta áratuginn. Þar hafa sennilega orðið tímamót í búskaparsögunni: „Hefðbundin ræktun“ hóf innreið sína og traktorinn kom strax á eftir.

Hvað þýða hugtökin?

Myndin hér að ofan kemur upp í hugann í nútímanum þegar minnst er á „lífræna ræktun“, „lífaflsræktun“, „vistræktun“ og eitthvað eru hugtökin og skilgreiningarnar fleiri þegar talað er um ræktunaraðferðir sem heppilegri séu fyrir hollustuhætti og heilbrigði lýðs og láðar en þeir búskaparhættir sem almennt eru gildandi um allt land í víðri veröld núorðið og kallast „hefðbundin ræktun“. En



Andi hlutanna og hið kosmíska eðli er með í spilunum.

hvað fela þessi hugtök í sér og hvernig eru þau skilgreind? Hinar „óhefðbundnu“ ræktunaraðferðir eru nokkuð samhljóma um að hollara og eðlilegra sé að stunda ræktun og landbúnað í takti við tíð árstíðanna, líkt og var hér áður fyrr, og getu landsins til að fæða og klæða það líf sem reiðir sig á það. Og víst er um að kenningarnar ná yfir stærra svið en ræktunina eina. Hvert hugtak er eiginlega lífsstíll sem nær til allra þátta í lífi þeirra sem aðhyllast þau. Og eins og í öllum trúarbrögðum er auðvitað hinn eini og rétti sannleikur fólgin í kenningunni.

Lífræn ræktun – organic

Lífræn ræktun felur í sér að við

ræktunina megi hvergi og aldrei notast við áburð eða efni sem ekki eru náttúruleg að eðli eða uppruna og falla hundrað prósent inn í hringrás lífræns efnis á Móður Jörð. Allt sem til fellur í náttúrunni eða verður til eftir náttúrulegum lögmálum er aðalmálið. Ekki má ganga á náttúruauðlindir eða nota neitt sem orðið er til við kemisk eða tæknifræðileg inngrip í náttúruferlin. Tæki og tól er æskilegast að séu gerð í höndunum, úr efnum sem mannkynið þekkti og kunni að nýta sér í upphafi skipulagðrar ræktunar þegar hún hófst á skilum brons- og jernaldar. Öll vinna og viðvik eru framlag fólks. Hver og einn einstaklingur fær að njóta sín eftir getu og hæfileikum. Í öllu skal

hlúð að hinu smáa. Sjúkum skal sinna og um aldræða skal annast af virðingu. Samfélagið er samfelld og háir sem lágir hafa sama rétt. Í framkvæmd er lífræn ræktun samt allmjög móðerniseruð. Hagræðing og vottun beinist fyrst og fremst að því að skilyrðunum um takmarkaða efnanotkun – eða rétta sagt um rétta efnanotkun – sé fullnægt. Félagslegu þættirnir eru síður teknir með í dæmið og að mestu er horft framhjá þeim vélakosti og eldsneytisnotkun sem starfseminni fylgir til að hún standi undir sér.

Lífaflsræktun – biodynamic

Í stórum dráttum er lífaflsræktun ekki frábrugðin lífrænni ræktun. Helsti munurinn er að í lífaflsræktun er mikið hugað að andlegum og kosmískum háttum. Andi hlutanna og hið kosmíska eðli er með í spilunum. Afstaða himintungla, hnattstaða, jarðeðlið með straumum og orkusviði. Þakkir til æðri máttarvalda, hver sem þau eru og hvar sem þau eru, jákvætt lífsviðhorf og samhverfing við allt umhverfið er snar þáttur í þeirri lífspeki sem lífaflsræktun byggist á. Allt sem er í einu samfelldu flæði efnis og orku. Eitt er öðru háð og ekkert undanskilið.

Vistrækt – permaculture

Hugtakið vistrækt er eiginlega vond þýðing á hugtakinu „permaculture“. Enska hugtakið er samsett nýyrði sem á að halda utan um orðin „permanent“ sem þýðir stöðugur og „agriculture“ sem þýðir akuryrkja. Hugsanlega væri betra að segja „síyrkja“ á íslensku. En vegna staðhátta hérlandis gengur það ekki vel upp. Í vistrækt er í stórum dráttum unnið eftir lífrænum aðferðum og viðmiðunum. En fyrst og fremst með því að nýta náttúrulegar aðstæður og vinna

eftir þeim og með þær til að skapa kjörlandi fyrir sjálfbært mannlíf og mannlegar þarfar í sjálfbærri ræktun og afkomu. Uppruna „Vistræktarhreyfingarinnar“ má rekja til tveggja Ástrala, Bills Mollison og Davids Molmgren, sem settu kenninguna fram um 1978. Áður höfðu að sjálfsögðu komið fram margar svipaðar kenningar, sem höfðu einhvern veginn ekki náð fram. Og hátt uppi í austurrísku Ölpunum var bóndinn og „sérvitringurinn“ Sepp Holzer kominn vel af stað með sitt sérstæða býli þar sem sjá mátti ótrúlegan árangur í ræktun á alls kyns viðkvæmum gróðri sem ættaður er frá mildari slóðum, jafnvel frá ylsælustu héruðum við strönd Miðjarðarhafsins. Holzer hafnar því að kenna búskap sinn við „permakúltúr“ og segist bara beita eigin hyggjuviti og oft nokkuð stórtækum aðgerðum við að laga jörð sína að vistræðilegum endurbótum. Holzer býr á svæði sem ef til vill er sambærilegt við Dalvík veðurfarslega en þar er mun lengra sumar með mörgum hitafarstoppum. Sepp Holzer verðskuldar ýtarlegri umfjöllun hér síðar. En þeir Mollison og Holmgren settu fram mjög skipulega skipulögð skipulög í mörgum liðum og mörgum greinum. Þau má lesa á netinu með því að slá inn leitarorðið í síðari lið millifyrirsagnarinnar hér. Og þeir kunnu að markaðssetja markmið sín og kennisemninguna. Sjálft orðið „permaculture“ er markaðsverndað og þrátt fyrir að leiðir þeirra hafi skilið vegna nokkurs ágreinings þeirra í milli fyrir nokkrum árum hafa þeir inn, hvor um sig, drjúgan skilding með fyrirlestrahaldi víða um lönd. Og enginn má leiðbeina í fræðunum nema að undangenginni leiðbeinendaskólun. Út af fyrir sig er hugmyndin samt mjög áhugaverð.

Alvöru vambir fást nú á sláturmarkaði Krónunnar og Nóatúns

Í síðasta Bændablaði var greint frá því að engar vambir fengjust lengur frá afurðastöðvum í sláturtíðinni. Nú hafa mál hins vegar þróast með þeim hætti að SAH á Blönduósi hefur tekið að sér að fullverka nokkurt magn vamba fyrir tvær verslanir Kaupáss – og komu þær í verslanir 15. október síðastliðinn.

Í blaðinu var sagt frá því að Sláturfélag Suðurlands (SS) hafi verið síðasta afurðastöðin til að bjóða viðskiptavinum sínum upp á alvöru vambir í sláturtíðinni. SS hefði hins vegar hætt því af hagkvæmnisástæðum fyrir þetta haust. Í umfjöllun blaðsins staðfesti Ólafur Júlíusson, innkaupastjóri fyrir verslanir Kaupáss, þann orðróm, að talsverð eftirspurn væri eftir alvöru vömbum.

Húsmóðir á Selfossi kom málinu af stað

Ólafur segir að hreyfing hafi komist á málið eftir ábendingu frá húsmóður á Selfossi, sem taldi að samstarf ætti að geta náðst á milli SAH og Kaupáss um að bjóða almenningi upp á þessa vöru. „Við settum okkur í kjölfarið í samband við Kjarnafæði á Blönduósi og afleiðing þessa samstarfs er að við getum í dag boðið upp á vambir á sláturmörkuðum okkar, annars vegar í Krónunni á Selfossi og hins vegar Nóatúni í Austurveri. Við settum



auglýsingu í fjölmiðla um síðustu helgi þar sem við óskuðum eftir pöntunum og við fengum á mjög stuttum tíma um þúsund pantanir.“

Hálfhreinsaðar vambir samkvæmt samykki MAST

Gunnar Tryggvi Halldórsson, framkvæmdastjóri hjá SAH á Blönduósi, segir að þeir hafi farið af stað með hálfhreinsaðar vambir

eftir að Matvælastofnun gaf grænt ljós á þá vöru.

„Í framhaldinu tókum við ákvörðun um að fullhreinna einn dag og selja Kaupási í eina stóra pöntun. Þetta hefur svo hlaðið utan á sig og við erum að hreinsa í fleiri pantanir fyrir Kaupás.

Þegar þetta flæði er komið af stað getum við einnig boðið fullhreinsaðar vambir á heimamarkaði einhverja daga fram að mánaðamótum.“ /smh

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

Námskeið í gæðastýringu í sauðfjárrækt

Eitt af skilyrðum fyrir þátttöku í gæðastýrðri sauðfjárrækt er að hafa sótt undirbúningsnámskeið. Fyrirhugað er að halda námskeið dagana 10. –14. nóvember nk. Fjöldi og staðsetning námskeiða verður ákveðið með tilliti til þátttöku.

Skráning

Þeir sem óska eftir að sækja fyrirhuguð námskeið eru vinsamlegast beðnir að skrá þátttöku til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins fyrir 5. nóvember næstkomandi. Unnt er að skrá þátttöku í síma 516-5000 eða á tölvupósti bella@rml.is. Gefa þarf upp nafn, síma, heimili og póstnúmer þátttakenda.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Sími 516 5000
www.rml.is



Bændasamtök Íslands,
Bændahöllinni við Hagatorg,
107 Reykjavík

Dekkin í verkin

Traktorinn, fjórhjólið, jeppinn og mótorhjólið

Erum með dekk í öllum verðflokkum fyrir veturinn. Góð ráð og tilboð veita sölumenn okkar í síma **590 2045**



Umboðsmenn um land allt



benni.is



MAXXIS Fyrir jeppann, fjórhjólið og mótorhjólið



Cultor Gæðadekk fyrir íslenskan landbúnað



BF Goodrich
TAKE CONTROL



TOYO TIRES
driven to perform

Bilabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Bilabúð Benna
Vagnhöfða 23
110 Reykjavík
Sími: 590 2000

Kjarni málsins Ekkert viðhald



Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða gluggar@kjarnagluggar.is



Kjarnagluggar

Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is

AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN

ESJUGRUND ehf
ESJUGRUND@ESJUGRUND.IS • SÍMI 565 3322 • ESJUGRUND.IS



Erum á facebook

Verðum í reiðhöll Búðardals á Haustfagnaði FSD 2014 laugardaginn 25. október. Vacuum pökkunarvélar og pokar Reykofnar og fylgihlutir



Aðeins nokkrar vélar eftir!

Í tilefni 20 ára afmælis Valtra á Íslandi hafa Jötunn og Valtra boðið 20 vélar á frábæru tilboði!

500.000,-
króna afsláttur*

20
í 20 ár á Íslandi
1994 - 2014



VALTRA

*Afslátturinn er af heildarverði vélarinnar með vsk.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / 700 - Egilsstaðir / Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is

Utan úr heimi

Kölnar-háskóli með úttekt á afleiðingum gasskorts í Evrópu í kjölfar deilna í Úkraínu:

Finnar yrðu fyrstir til að lenda í vandræðum

Það horfir ekki vel í atvinnu- og efnahagsmálum Finna um þessar mundir í ljósi vaxandi viðskiptahindrana milli Rússa og Evrópuríkja vegna ástandsins í Úkraínu. Finnland á landamæri að Rússlandi og því eru viðskipti á milli landanna nærtæk.

Aðild Finnlands að Evrópu-sambandinu hjálpar síðan örugglega ekki til ef Rússar halda áfram innflutningsbanni á matvörum frá Evrópu sem sett var á 6. ágúst sem svar við viðskiptaþvingunum ESB, og loka líka fyrir gasútflutning. Þar geta Finnar ekki skákað í skjóli hlutleysis gagnvart Rússum.


Vopnuð átök í Úkraínu vegna deilna um landsvæði rússneskumælandi Úkraínumanna hafa þegar haft umtalsverð áhrif á efnahagslíf fjölda þjóða. Þar hafa Rússar jafnvel verið sakaðir um beina hernaðarlega íhlutun og á móti stendur Evrópusambandið og NATO við hlið ríkisstjórnar Úkraínu.

Töluverður ótti hefur verið á því innan Evrópusambandsins að Rússar svari viðskiptahindrunum í þeirra garð með því að skrúfa fyrir gasstreymi til Evrópu í vetur. Fjá lönd Evrópusambandsins standa þá eins berskjölduð og Finnland ef til slíkra aðgerða kæmi.

Samkvæmt grein á vefsíðu í euobserver.com um efnahagsmál, þar sem vísað er í þýska rannsókn sem birt var 3. september, yrðu Finnar komnir í mikil vandræði vegna gasskorts strax eftir einn mánuð. Flest önnur Evrópulönd gætu haldið út lengur, eða í þrjá til níu mánuði. Umrædd rannsókn var framkvæmd af orku- og efnahagsstofnun Kölnar-háskóla í Þýskalandi.

Finnar yrðu fyrstir fyrir barðinu á gasskort

Tölvulíkan sýnir hversu fljótt Evrópulönd yrðu fyrir áhrifum af gasskort miðað við að Rússar skrúfuðu fyrir gasið í einn, þrjá, sex



Þessi kort sýna hvernig áhrif gasskorts verða eftir tímalengd frá því Rússar skrúfuðu mögulega fyrir gasstreymi sitt til Evrópu. Fyrstir til að finna verulega fyrir gasleysinu yrðu Finnar.

Mynd / euobserver.com

eða níu mánuði. Gas er gríðarlega mikilvægt til að hægt sé að halda efnahagsmaskínu Evrópu gangandi. Fyrsta landið til að verða fyrir alvarlegum áhrifum yrði Finnland.

Finnar eru í þeirri stöðu að allt þeirra gas kemur frá Rússlandi og í landinu er nánast engin birgðasöfnun fyrir gas utan þess sem er í leiðslunum. Eftir þriggja mánaða stöðvun á gasflæði yrði ástandið orðið mjög alvarlegt í Finnlandi auk þess sem Pólverjar og Tyrkir yrðu þá farnir að finna verulega fyrir skortinum. Þýskaland, Austurríki, Sviss, Grikkland, Balkanlöndin og Eistland myndu lenda í vandræðum eftir sex mánaða stöðvun á gasflæðinu.

Eftir sex mánaða gaslokun yrðu Þjóðverjar komnir í vanda

Ef Rússar stöðva gasútflutning til



Hugsanlega gæti jafnvel hraustustu Finnum orðið kalt í vetur ef nágrönnum þeirra í austri dytti í hug að skrúfa fyrir gasið.

ESB-landa lengur en í 6 mánuði í vetur myndi það valda miklum vandræðum í Evrópu, sér í lagi í Austur-Evrópuríkjunum og miðríkjunum og þar með talið í Þýskalandi.

Verulegur vandi eftir níu mánuði

Ef Rússar stöðva gasrennslið í níu mánuði yrðu Þjóðverjar, Ítalir og

Frakkar komnir í alvarleg vandræði þar sem ekki væri hægt að sinna eftirspurn á 46 milljörðum rúmmetra af gasi. Tékkar, Ungverjar, Slóvakar yrðu þá líka komnir í mikinn vanda.

Nokkur lönd myndu hugsanlega halda út í níu mánuði

Einu löndin sem stæðust níu mánaða sölubann Rússa á gasi eru þau sem

búa við eigin gasframleiðslu eins og Danmörk, Noregur, Holland, Rúmenía og Bretland. Lönd sem fá gas frá nágrannaríkjum sínum stæðu einnig þokkalega, eins og Belgía, Búlgaría, Írland, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Svíþjóð.

Ein köld vika gæti valdið vanda um alla Evrópu

Í rannsókninni var einnig gert mat á því hvað gerðist ef Evrópuríkin fengju eina sérlega kalda viku í gasskort á sex mánaða tímabili næsta vetur. Sú eina vika myndi valda því að öll Evrópulöndin yrðu í vandræðum.

Kæmi við buddu Rússa ekki síður en ESB

Ef Rússar skrúfuðu fyrir gasið til Evrópu yrði það þeim líka sársaukafullt. Það þýddi að gas- og olíufyrirtæki þeirra, Gazprom, yrði af 4–4,5 milljarða punda tekjum í hverjum mánuði, eða sem nemur 3,5% af ársveltu fyrirtækisins. Slíkur samdráttur í tekjum myndi fljótlega hafa umtalsverð áhrif á efnahag rússneska ríkissjóðsins. Sömuleiðis myndi gasskortur hafa mikil áhrif á efnahag ríkja Evrópusambandsins. Hefur slíkt ástand komið til umræðu í Evrópuráðinu vegna þróunar mála í Úkraínu að undanförmu. Á meðal þess sem rætt hefur verið innan ESB er neyðarplan sem fæli í sér bann á öllum útflutningi á jarðgasi frá Evrópu. Þar yrði stuðst við ESB-reglugerð 944 frá 2010 sem ætlað er að virka sem öryggisventill fyrir evrópsk heimili.

Einnig hafa menn velt fyrir sér hvort hægt sé að draga úr mikilvægi orkukaupa frá Rússlandi með því að auka nýtingu annarra orkugjafa og draga úr orkunotkun. Slíkt er þó ekki talið raunhæft í náinni framtíð. /HKr

Lesendabás

Samkeppnisstofnun og MS

Undanfarin misseri hef ég skrifað greinar um landbúnað og rekstur bóva. Ég hef haldið mig við reiknistokkinn þar sem minn áhugi liggur í rekstrartölunum og útreikningum á rekstri en ég ætla að sleppa því nú. Deilur Samkeppnisstofnunar við MS hafa að sjálfsögðu vakið mikinn áhuga minn en út frá sjónarhóli bænda finnst mér þessi umræða vægast sagt slæm.

Vissulega er það grafalvarlegt mál að MS sé sakað um samkeppnisbrot en það sem mér finnst kaldhæðid er að á afar mörgum sviðum er samkeppni hér meira í orði en ekki á borði. Sem dæmi á að vera mikil samkeppni í verslun en hér á landi er u.þ.b. 100% meira verslunarhúsnæði á mann en alls staðar í Norður-Evrópu og Bretlandi. Þessi mikla þörf á verslunarhúsnæði er afleiðing af því að samkeppni hefur ekki verið í verði. Því hefur verið hægt að reka fleiri búðir en ella þar sem há verðlagning og lítill samkeppni opnar svigrúm fyrir verslanir. Netverslun hefur lækkað álagningu og aukið samkeppni.

Sama má segja um samkeppni hjá olíufélögunum þar sem

offjórðfesting í greininni er gríðarleg, meira að segja svo mikil að í dag má segja að olíufélögin séu hætt að reka bensinstöðvar heldur frekar matsölustaði og verslanir. Síðan má leiða það út hvers vegna ég tel að olíufélögin nái að reka matvöruverslanir í samkeppni við verslanakeðjur sem eru bæði með marga opnunarstaði og langan afgreiðslutíma.

En aftur að Mjólkursamsölnunni. Í mínum huga er dreifikerfi MS ekkert öðruvísi en dreifikerfi Póstsins. Það kostar jafn mikið fyrir bændur að selja mjólk til MS hvar sem er á landinu eins og það kostar verslunina jafn mikið að kaupa mjólk hvar sem er á landinu. Afslættir sem MS veitir verslunum er greinilega ekki þannig að þeir sem reka minni verslanir geti kvartað. Sama má sjá í verðinu, verðmunur á mjólkurvörum er hlutfallslega minni milli stórra verslana og þeirra minni en á mörgum öðrum vörum. Það þurfa allir sitt í verslun og verð ræðst af innkaupsverði og síðan af álagningarþörf viðkomandi verslana. Hættan á því að skipta upp MS er að allur kostnaður við dreifikerfi veiki bændur sem búa á dreifbýlum svæðum. Komi sú

staða upp að ekki verði hægt að jafna flutningskostnað á mjólk frá bændum eða frá MS til verslana mun það veikja verulega afkomu fólks í dreifbýlinu.

Það sem mér finnst áhugavert við úrskurð samkeppnisstofnunar er að það er ekki tekið tillit til hvernig mjólkurmarkaðurinn væri ef framleiðslukerfi MS og KS væri ekki til staðar. Markmið MS er að selja sem mest af mjólk og bjóða sem mest af mjólkurvörum til neytenda. Það þýðir í raun að hluti af vörum MS eru framleiddar með tapi miðað við framleiðsluverð. Og til að tryggja að varan sé framleidd er mjólkinn seld til viðkomandi „deildar“, í þessu tilfelli Mjólkú, á lægra verði. Þetta verð telur Kú eðlilegt að þeir fái.

Mín túlkun á þessum úrskurði er sú að MS má ekki reikna mismunandi verð á mjólk eftir því hvað framleitt er innan fyrirtækisins, heldur þarf útsöluverð mjólkurvara að vera í samræmi við framleiðsluverð. Það mun leiða af sér að vörum mun fækka á markaði og minna selt af mjólk.

Í raun er Samkeppnisstofnun að skipta sér af innri verðlagningu MS. Það gæti þýtt að MS þyrfti að hækka

verð á dýrum landbúnaðarvörum, eins og ostum og mjólkurdufti, en lækka verð á venjulegri mjólk. Afleiðingin er sú að mjólkurneysla myndi dragast saman með tilheyrandi skaða fyrir bændur og neytendur sem fengju minna úrval. En þessi ákvörðun, ef hún stendur, gæti haft hliðaráhrif.

Undanfarin misseri hefur álagning á matvöruverslun verið að aukast. Á sama tíma hefur meðalálagnin Haga staðið í stað. Mín skýring er sú að tap Haga í sérvöru sé vegið upp af hærri álagningu á matvöru þar sem félagið hefur markaðsráðandi stöðu. Þannig að nái úrskurðurinn í gegnum dómstóla gæti afkoma Haga versnað verulega.

Annar þáttur sem ég hef velt fyrir mér er að verði þessi úrskurður Samkeppnisstofnunar staðfestur í Hæstarétti er kominn upp skritin staða. MS braut samkeppnislög þar sem það var að niðurgreiða mjólk í afmarkaða framleiðslu. Búvörunefnd ákveður verð á mjólkurvörum að hluta, nógu stórum hluta til að ákveða afkomu MS. Það að félagið sé í yfirburðarmarkaðsstöðu réttlætir þó ekki að búvörunefnd geti

tekið ákvörðun um afkomu félags þannig að félagið skili ár eftir ár afkomu sem er ekki í samræmi við stærð þess og umsvif. Eiga MS og bændur kröfu á ríkisvaldið vegna framgöngu búvörunefndar í verðlagningu á búvörum?

Leiðrétting á síðustu grein.

Það eru tvær lítills háttar villur í síðustu grein.

Í töflu 1 er tiltekið að útreikningar séu miðað við 2% verðbólgu. En ef skoðuð er tafla nr. 2 sést að átt er við 5% verðbólgu.

Í einum stað í texta aftarlega í greininni, segi ég að „ég mæli alla jafna ekki með óverðtryggðum lánum“, en þarna átti að standa að ég mæli alla jafna ekki með verðtryggðum lánum. Eins og sjá má á greininni er ég ekki sérstaklega hliðhollur verðtryggðum lánum enda sýna útreikningar að þau eru óhagstæðari til lengri tíma. En ef áfallnar verðbætur eru greiddar um leið og þær falla til, eins og hugsunin var með Ólafslögum (lög um verðtryggingu lána) á sínum tíma, þá eru verðtryggð lán hagstæðari nú um stundir.

Jón Þór Helgason.

VÉLBODI íslensk hönnun & framleiðsla

Sérhannað fyrir íslenskar aðstæður
Góð viðgerðar- og varahlutapjónusta
Áratuga reynsla

Veljum íslenskt!



Miðflótttaafisdæludreifari
Fyrir kúamykju. Léttbyggður á flotdekkjum.



Snekkjudæludreifari
Fyrir fjárhúskjallara, lausagöngu og kúamykju. Hrærir upp í haughúsum, tekur upp í sig og dreifir mjög vel.



Keðjudreifari
Mjög sterkbyggður og léttur dreifari fyrir tað.



Snigil- og snekkjudæludreifari
NÝTT Sérhannaður fyrir minkaskit.



Skádæla/Brunndæla
Fyrir allar stærðir og gerðir haughúsa.



Haughræra
Fyrir allar stærðir og gerðir haughúsa.



Valtari
Vatnsfylltur valtari í mörgum stærðum.



Flatvagn
Sterkbyggður og léttur, á veltihásingu með flotdekkjum. Margar stærðir í boði.



Mykjudreifari á krókheysi
Ótal útfærslur í boði eftir séróskum.

Nánari upplýsingar í síma: 565-1800

www.velbodi.is

Bændablaðið smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út **6. nóvember**

praxis
... þegar þú vilt þægindi

Vinnufatnaður

Fyrir fagfólk

Mikið úrval af flottum gæða vinnufatnaði sem þolir þvott allt að 95° og þarf ekki að strauja.

Vatteraðir jakkar 14.900 kr.
Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólubláu. Einnig til á herrana.

25240 Sportskór
Litur Svart, hvítt.
Str. 36-42
Verð kr. 9.900

25090 Dömsandalar
Litur Svart, hvítt, blátt.
Str. 36-42
Verð kr. 14.990

Pantíð vörulista hjá okkur
praxis@praxis.is

Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878
Opið mánud. - föstud. 11:00-17:00, lokað laugardaga.

Kálfaskita?

Duft fyrir kálfa með skitu
→ Í handhægum umbúðum
→ 1 bréf dugur í 4L af mjólk eða dufti
→ Inniheldur lífsnauðsynleg sölt

Kálfapasta
→ Örvar lyst og eykur orku
→ Styrkir þarmaflóru
→ Inniheldur Selen, járn, og E-vítamín

Sendum um land allt

BÚREKSTRARDEILD
BORGARNESI
Egilsholti 1
310 Borgarnesi
Verslun opin 8-18 virka daga
11-16 laugardaga, sími: 430-5500



Husqvarna Construction Products

STEINSAGIR, KJARNABORVÉLAR, GÓLF- OG VEGGSAGIR



K760
sögunardýpt 12,5 cm



K2500
sögunardýpt 14,5 cm



K3600
sögunardýpt 26 cm.



HP 40
bensín glussadæla



DM 230



FS 400



Steinsagarblöð og kjarnaborar

Utan úr heimi



Útlit fyrir góða humaluppskeru

Bjórähugamenn í Bretlandi eru glaðir á svipinn þessa dagana enda bendir flest til þess að humaluppskera í ár verði með betra móti enda vaxtarskilyrði fyrir humal víða mjög góð.

Spár fyrir humaluppskeru í Hereford- og Worcesterskíri eru mjög góðar enda vaxtarskilyrði fyrir humal á yfirstandandi vaxtartímabili nánast fullkomin. Uppskeyra í Kent og öðrum héruðum í Suður-Englandi

er sögð vera meiri en síðastliðin tvö ár þrátt fyrir minni rigningu en vonast var eftir.

Í kjölfar humaluppskerunnar á Bretlandseyjum fylgja víða bjórhátíðir þar sem gestir fá tækifæri til að smakka tugi ef ekki hundruð ólíkra gerða af bjór frá litlum bjórgerðum. Ólík kvæmi af humal framkalla mismunandi bragð sem er allt frá því að vera rambbiturt yfir í að vera silkimjúkt. */VH*



Kornuppskera í Suður-Afríku.


Afríka – heimsálfa tækifæranna?

Afríka er næststærsta heimsálfa jarðar. Þar býr um sjöundi hluti íbúa heimsins, um 1 milljarður í 56 löndum á landsvæði sem er um 30 milljónir ferkílómetra eða sem svarar til um 20% af þurrlendi í heiminum. Í þessu ljósi þarf að setja ákveðinn fyrirvara um umfjöllunarefnið, enda ólíku saman að jafna, löndunum í norðurhluta Afríku eða suðurhluta Afríku.

Undanfarin ár hefur Kína, og raunar Asía í heild sinni, verið miðpunktur vaxtar þegar horft er til sölu landbúnaðarvara og er svo enn. En þegar horft er lengra fram á veginn telja margir að Afríka muni taka við þessu kefli. Vissulega hefur útbreiðsla ebólu mikil áhrif í heimsálfunni núna og hrikur í stoðum efnahags þeirra landa þar sem ebólan hefur valdið mestu tjóni og mannfalli. Bæði vegna þessa, og þeirrar staðreyndar að heimsálfan hefur þurft á fjárhagssstuðningi hjálparstofnana að halda í langan tíma, er Afríka sjaldan nefnd sem heimsálfa tækifæranna. Við nánari skoðun má hins vegar sjá að þar eru gríðarleg tækifæri og sjáanleg mikil sóknarfæri á komandi árum. Heimsálfan er í miklum efnahagslegum vexti, flytur mikið inn af landbúnaðarvörum í dag en er jafnframt með afar gott en ónotað landbúnaðarland.

5% heimsframleiðslunnar á kjöti

Þrátt fyrir stærð sína þá stendur heimsálfan ekki fyrir nema um 5% af heimsframleiðslunni á kjöti, með um 14 milljón tonna framleiðslu af nautgripa-, lamba-, kjúklinga-, svína- og geitakjöti, og þar skarar Suður-Afríka fram úr með um 20% af öllu því kjöti sem framleitt er í heimsálfunni! Þar á eftir kemur svo Egyptaland með um 10% heildarframleiðslunnar. Vegna lítillar framleiðslu á kjöti er þegar á heildina er lítið verulegur innflutningur á kjöti til Afríku og hefur innflutningurinn aukist um 300% á undanförunum áratug. Alls



Mynd / fao/alessandra benedetti

er talið að nettóinnflutningurinn á kjöti til Afríku núna nemi um 1,7 milljónum tonna og leiðir þessi heimsálfa nú vöxt á markaði og spá því margir að svo verði áfram bæði í kjöti og fleiri landbúnaðarvörum.

Meðalnytin ekki nema 800 kíló

Rétt eins og með kjötframleiðsluna í Afríku þá er mjólkurframleiðslan afar vanþróuð í flestum löndunum, þó ekki öllum. Talið er að í heimsálfunni séu um 42 milljónir mjólkurkúa en að framleiðsla hverrar kýr sé ekki nema um 800 kíló á ári að jafnaði. Þarna eru því sjáanleg mikil tækifæri bæði í ráðgjöf til bænda en einnig í ræktun og þá síðar aukinni framleiðslu mjólkur. Þetta hafa einnig mörg alþjóðleg fyrirtæki í mjólkuriðnaði séð og undanfarin misseri hafa þau verið að koma sér fyrir á markaðinum í Afríku og ætla sér klárlega stóra hluti í heimsálfunni. Þannig berast t.d. nánast vikulega fregnir af uppkaupum eða nýfjárfestingum í mjólkuriðnaði í Afríku.

Margar hendur vinna létt verk

Enn sem komið er eru mörg af þeim svína- og kúabúum sem er búið að koma upp ekki verulega

tæknivædd. Skýringin felst m.a. í hefðunum í heimsálfunni, þar sem vaninn eða hefðin er að margir starfi að hlutunum og leysi þá saman. Að sama skapi eru launagreiðslur ekki íþyngjandi svo flestum hugnast vel að hafa marga í vinnu. Það leiðir til samheldni og léttir reksturinn.

En á hverju byggja spádómar margra um að Afríka sé heimsálfa tækifæranna? Sumir horfa þar til fjögurra grunnþátta sem eru til staðar; stöðugleiki, fólksfjöldun, gnótt auðlinda og ónýtt tækifæri í landbúnaði.

Stöðugleikinn

Þrátt fyrir að það sé ekki pólitískur stöðugleiki í öllum löndum Afríku hafa orðið miklar framfarir á undanförunum áratug eða svo með mun færri átökum og meiri fyrirsjáanleika við rekstur landanna. Aukinn stöðugleiki hefur svo leitt til uppgangs fyrirtækja og vaxa þau hratt þessi misserin. T.d. er talið að árið 2030 verði verg framleiðsla heimsálfunnar þreföld á við það sem hún er nú.

Fjöldun fólks

Samhliða uppgangi fyrirtækja í Afríku eykst kaupgeta fólks með

BAKKAPÖKKUNARVÉL

ISHIDA NANO prentar límmiða um leið og hún pakkar.

Auðveld í notkun og tekur lítið borðpláss.

Sjáðu sýningrvél hjá okkur á Krókhálsi 1 núna!

NANO ER MEÐ NÝJUSTU GERÐ AF ISHIDA MIÐAVOG.

VERÐIÐ KEMUR SKEMMTILEGA Á ÓVART!

Nánari upplýsingar í síma 567 88 88

Pmt
PLAST, MIÐAR & TÆKI

Plast, miðar og tæki Krókhálsi 1 110 Reykjavík www.pmt.is



Wikimedia commons/NJR ZA

tilheyrandi uppbyggingu. Þannig er fjöldi auðmanna í Afríku talinn í dag í tugum þúsunda og fjöldi millistéttarfólks, fólks með fasta atvinnu, aukist verulega. Talið er að til þessa hóps heyri í dag um 150 milljónir manna. Þetta milli-stéttarfolk er einmitt fólkið sem dregur vöxtinn áfram þar sem neysluhegðun þess breytist og færist yfir í meira unnar vörur, kælivörur o.fl. Til viðbótar þessu fólki telur Alþjóðabankinn að um 180 milljónir íbúa Afríku séu á mörkum þess að flokkast sem millistéttarfolk og muni færast í þann hóp á komandi árum. Þetta fólk býr mikið til í borgum og bæjum og eru því neytendur vara en í dag er talið að um 40% íbúa Afríku búi í borgum og bæjum en að innan 15 ára verði þetta hlutfall komið í um 50%! Um 60% íbúa heimsálfunnar búa þó enn við afar bág kjör sem er auðvitað ótækt, sérstaklega ef horft er til þess að Sameinuðu þjóðirnar spá því að íbúum heimsins fjölgi um tvo milljarða til ársins 2050, þar af um einn milljarð í Afríku einni.

Gnótt auðlinda

Í Afríku er gnótt náttúruauðlinda og má þar nefna olíu í Nígíeríu og demanta í Angóla svo dæmi séu tekin. En hátt heimsmarkaðsverð ýmissa vara síðustu misserin hefur eftl vinnslu annarra náttúrulegra auðlinda s.s. á kakói og pálmaolíu. Jafnvel þó svo að alls óvist sé hvort herra verð á heimsmörkuðum hafi skilað sér alla leið til afrískra bænda þá er ljóst að hátt heimsmarkaðsverð hefur skilað sér í auði í Afríku, sem vænta má að hafi ruðningsáhrif út frá sér.

Ónýtt landbúnaðartækifæri

Sé horft sérstaklega til landbúnaðarins í Afríku þá hafa orðið miklar breytingar á örfáum árum samhliða öflugu hjálparstarfi, kennslu, ráðgjöf og uppbyggingu innviða landbúnaðarkerfisins. Það er þó mikill munur á milli einstakra landa og því erfitt, eins og áður segir, að setja öll lönd Afríku undir einn hatt. Eitt mesta vandamálið er að fá heimamenn til þess að hugsa með annars konar hætti en hefð er fyrir. Þetta á sér í lagi við um eignarrétt. Margt fólk er alið upp við það að lifa í og með náttúrunni og taka sér til handargagns það sem hendi er næst fyrir sig og sína. Að fá fólk til þess að standast freistingu þess að hnupla eða

aðstoða aðra við slíkt er nokkuð sem unnið er markvisst að þegar alþjóðleg fyrirtæki koma inn á markaðinn. Þá er enn einnig mikill munur á milli landa hvað varðar spillingu og virðist það vera helsti farartálminn fyrir þróun landbúnaðarins í heimsálfunni. Laun verkafólks í landbúnaði í Afríku eru afar lág og því er freistandi fyrir marga að taka við peningum aukalega og e.t.v. gera eitthvað sem er ekki rétt. Þessu lentu t.d. fyrirtæki í sem reyndu fyrir sér með maísræktun í Úganda. Þau lentu ítrekað í hrakföllum með framleiðsluna, s.s. þjófnuðum, bruna o.fl. þar til þeim hugnaðist að ráða heimamenn í gæslu akranna, þá fór að ganga vel.

Helmingur alls vannýttts landbúnaðarlands

Eitt allra mesta tækifærið í landbúnaði Afríku felst í jörðinni. Í dag er talið að þar séu 450 milljónir hektara landbúnaðarlands sem ekki er enn numið og er það talið um 50–60% þess landbúnaðarlands heimsins sem ekki hefur verið nýtt nú þegar. Þá eru uppskerutölur, frá þeim landsvæðum sem eru í notkun, sláandi lágar sem bendir einnig til verulegra tækifæra í ræktun. Raunar metur Alþjóðabankinn það svo að lausnin á því að metta íbúa heimsins í framtíðinni felist í því að nýta landbúnaðarlandið í Afríku betur, en fullt er að framleiðslustaða landbúnaðarlandsins í Afríku sé að jafnaði á svipuðum stað og var í Brasilíu fyrir 25 árum.

Af framansögðu má ljóst vera að á næstu árum og áratugum muni Afríka, ef fram fer sem horfir, auka verulega landbúnað sinn og framleiðslu landbúnaðarvara. Þessi heimsálfa mun jafnframt draga til sín mikið magn landbúnaðarvara frá öðrum heimsálfum, enda langur vegur frá að landbúnaðurinn í Afríku sé nógu langt á veg kominn að geta mætt hratt vaxandi neysluþörf íbúanna í þessari áhugaverðu heimsálfu. Hver veit nema að þarna leynist því áhugaverð tækifæri fyrir framsækinn íslenskan landbúnað!

Heimildir úr ýmsum áttum!

Snorri Sigurðsson
sns@vfl.dk
Nautgriparæktarsviði
Þekkingarsetri landbúnaðarins í Danmörku



Alnwick-skrúðgarðurinn í norðanverðu Englandi er með mikinn fjölda af eitruðum jurtum.

Eitraðasti garður í heimi

Í Alnwick-skrúðgarðinum í norðanverðu Englandi, skammt frá landamærum Skotlands, er fjöldinn allur af fallegum og merkilegum plöntum. Ríflega 100 af plöntunum í garðinum eiga það sammerkt að vera eitraðar og margar hverjar

banvænar. Þegar núverandi eigandi garðsins tók við honum árið 1995 var garðurinn í mikilli niðurníðslu og lítt merkilegur á að líta. Þegar garðurinn var endurhannaður var ákveðið að gera hann öðruvísi en aðra garða og í hann safnað fjölda eitraðra plantna til sýnis.

Í dag heimsækja um 600 þúsund gestir garðinn á ári til að skoða plönturnar. Eitt af því sem kemur gestum garðsins á óvart er hversu mikið af algengum garð- og pottaplöntum eru eitraðar og eiga sér vafasama sögu. /VH

2014

Matarhandverk

Þann 13. nóvember næstkomandi standa Matis og Ný Norræn Matargerð II fyrir ráðstefnu um matarhandverk þar sem frændur okkar á Norðurlöndunum fjalla um hvernig þeir hafa stutt og markaðssett matarframleiðslu úr héraði.



Samhliða ráðstefnunni verður haldin í fyrsta skipti Íslandsmeistarakeppni í matarhandverki.

Í tengslum við ráðstefnuna verður boðið upp á vettvangsferð, þar sem heimsóttir verða smáframleiðendur á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi. Eins verður boðið upp á hálfis dags námskeið og stutta fyrirlestra fyrir smáframleiðendur og aðra áhugasama um matvælaframleiðslu. Sú fræðsla er í boði verkefnisins „Nýsköpun í lífhagkerfinu“ sem er hluti af Nordbio þætti formennskuáætlunar Íslands fyrir Norrænu ráðherranefndina.

Viðburðurinn er styrktur af Íslandsstofu, Icelandair, Norræna húsinu, Höfuðborgarstofu, Mjólkursamsölunni og Klúbbi matreiðslumeistara.

Fyrir frekari upplýsingar farið inná:
<http://www.matis.is/matarhandverk/>
eða hafið samband við:
Gunnþórunni Einarsdóttur, gunna@matís.is.





...frá heilbrigði til hollustu

Dýraeftirlit og velferð hrossa:

Fylgir þú reglum um hestahald?

Í þessari grein skal fram haldið skrifum um einstakar búfjártegundir hvað viðkemur dýraeftirliti. Ný reglugerð um velferð hrossa 910/2014 hefur nú litið dagsins ljós. Auk þess eru reglugerðir um skráningar og merkingar hrossa undir við eftirlit auk laga um velferð dýra og búfjárhald.

Hér verður einungis stiklað á stóru varðandi einstaka þætti gildandi reglugerða og þá helst þá þætti sem koma á borð okkar dýraeftirlitsmanna.

Úttekt og eftirlit

Umráðamanni hrossa ber að tryggja gott aðgengi eftirlitsaðila að öllum hrossum og öllum þeim stöðum þar sem hross eru haldin.

Umráðamanni hrossahalds eða fyrirsvarsmanni eftirfarandi starfsemi ber að tilkynna Matvælastofnun um starfsemina. Á þetta við um Landsmót hestamanna, Íslandsmót í hestaíþróttum, tæknivæddar þjálfunarstöðvar, endurhæfingarstöðvar fyrir hross, tamningastöðvar, hestahald þar sem framkvæmd er blóðtaka, hestaleigur og reiðskóla. Alla slíka fyrirhugaða starfsemi þarf að tilkynna til Matvælastofnunar eigi síðar en 30 dögum áður en starfsemi á að hefjast.

Umráðamanni hestaleigu og reiðskóla ber að skrá tíðni og tímalengd notkunar á hverju hrossi. Dagbókin skal aðgengileg eftirlitsaðilum hvenær sem þurfa þykir.

Hreyfing og félagslegt atferli

Innréttingar hesthúsa skulu tryggja hrossum næði til að hvílast og nærast án stöðugs áreitiss og/eða yfiringangs frá öðrum hrossum. Innréttingar mega ekki byrgja hrossum sýn til annarra hrossa á húsi. Óheimilt er að setja rafstreng á innréttingar í hesthúsum.

Hross á húsi skulu fá hreyfingu eða aðra útivist að lágmarki í eina klukkustund á dag, nema sjúkdómar eða veður hamli. Óheimilt er að hafa hross ein á húsi eða í beitarhólfum. Undanþegnar eru skammtímaráðstafanir, styttri en 5 dagar og tímabundin útiganga stóðhesta, allt að einn mánuður.

Fóðrun, beit og brynning

Hross skulu hafa aðgang að fóðri

a.m.k. tvisvar á sólarhring og skal aðgangur að gróffóðri aldrei vera minni en sem svarar til 4 kg af þurru heyi, daglega fyrir hvert hross.

Hross skulu hafa aðgang að hreinu og ómengðu drykkjarvatni eða snjó. Óheimilt er að hafa hross án vatns lengur en 6 klst., og án fóðurs lengur en 14 klst. Óheimilt er að hafa folaldshryssur án vatns eða fóðurs lengur en 2 klst.

Hross skulu hafa aðgang að beit í a.m.k. tvo mánuði á tímabilinu 1. júní til 1. október. Hross á útigangi skulu hafa, jafnframt annarri fóðrun, aðgang að beit nema snjóalög hamli.

Hross skulu alla jafna ekki vera grennri en sem nemur reiðhestsholdum (holdastig 3). Koma skal í veg fyrir að undirlag vaðist upp þar sem hrossum er gefið utan dyra. Þar sem 40 hross eða fleiri eru fóðruð á útigangi skal flokka hrossin eftir fóðurþörfum. Fóðrun skal hagað þannig að öll hross í hverjum hópi komist að fóðrinu samtímis.

Heilbrigði og forvarnir

Umráðamaður skal fylgjast með holdafari og heilbrigði hrossa í hans umsjá. Hann skal koma í veg fyrir ormasmit og hann skal tryggja að hrossin líði ekki fyrir vanhírðu hvað varðar hreinleika, ytri óværu og ósnyrta hófa.

Eftirlit

Daglegt eftirlit skal hafa með hrossum sem haldin eru á húsi. Vikulegt eftirlit hið minnsta skal hafa með hrossum sem ganga úti á beit eða gjöf. Undanþegin eru hross á afrétti á sprettutíma.

Umráðamaður stóðhests skal hafa daglegt eftirlit með stóðhestagirðingu.

Aðbúnaður

Stíur í hesthúsum skulu vera það stórar og breiðar að hross geti auðveldlega legið og snúið sér við í þeim (4,0 fermetrar, hross þriggja vetra og eldri og 3,0 fermetrar folöld og tryppi, yngri en þriggja vetra). Bása má einungis nota tímabundið og óheimilt er að hross sé bundið lengur en 5 daga samfelld, hvort heldur er í stíu eða á bás. Steypt gólf í stíum og básum skulu klædd gúmmímottum eða öðru mjúku efni. Bil undir milligerði í stíum

skal ekki vera meira en 4 sm. Þar sem ekki er hreinsað daglega skal borið undir hrossin til að koma í veg fyrir bleytu og háлку og þannig viðhaldið að hrossin haldist hrein og þurr.

Á hesthúsum skulu vera gluggar sem tryggja að öll hross í húsinu njóti dagsbirtu. Önnur lýsing skal vera næg svo ávallt sé hægt að fylgjast með hrossunum.

Loftræsting skal vera góð og koma skal í veg fyrir dragsúg, óheimilt er að hafa hross í stöðugum hávaða.

Slysavarnir

Innréttingar í hesthúsum skulu þannig gerðar að ekki skapist hættu á að hestar festi þar fætur eða höfuð. Gólf skulu vera með stömu yfirborði og ganga skal frá niðurföllum, taðþróm og haughúsum þannig að ekki skapist hættu á slysum. Frágangur dyra og ganga skal vera þannig að fljótlegt sé að rýma hesthús í neyðartilvikum. Eldvarnir skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð og reglugerð um slökkvitæki.

Fóðurbætisgeymslur skulu tryggilega varðar fyrir aðgangi hrossa.

Girðingar skulu vera traustar og þannig gerðar að þær valdi ekki slysum. Forðast skal að nota ristahlíð á girðingar umhverfis hrossahólf eða þar sem umferð hrossa er mikil. Áhöld/drasl sem veldur slyshættu á að fjarlægja.

Gerði

Hvert hross sem haldið er á húsi skal hafa að lágmarki 20 fermetra rými í útigerði en þó má gerði við hesthús aldrei vera minna en 100 fermetrar og skemmsta hlið ekki styttri en 5 metrar. Undirlag í gerðum skal vera þannig að hross vilji og geti velt sér. Afrennsli skal vera gott þannig að ekki myndist svað í vætutið og skipta skal um yfirborðslag eftir þörfum. Hross sem haldin eru daglangt í gerðum eða öðrum beitarlausum hólfum þurfa áður nefnt rými og aðgang að



vatni. Óheimilt er að nota gaddavír eða háspenntar rafgirðingar í gerði. Þó má nota þunnan rafmagnsborða staðsettan ofarlega í gerðum fyrir stóðhesta.

Útigangur

Þar sem hross eru höfð á útigangi skal vera aðstaða til að reka þau í aðhald svo hægt sé að sinna eftirliti, umhirðu og meðferð.

Hross sem ganga úti skulu getað leitað skjóls fyrir veðri og vindum. Þar sem fullnægjandi náttúrulegt skjól er ekki fyrir hendi skulu hross hafa aðgang að manngerðum skjólveggjum sem mynda skjól úr helstu áttum. Við eftirlit og mat á aðbúnaði hrossa á útigangi skal litið heildstætt á þá þætti sem hafa áhrif á velferð hjarðarinnar svo sem fóðurástand, landgæði, skjól og veðurfar á svæðinu.

Smitvarnir og umhverfi

Hesthús og umhverfi þeirra skal vera þrífalegt m.a. skal frágangur taðhauga vera með þeim hætti að ekki valdi óþrífnaði.

Í hesthúsum skal vera aðstaða til þrifa á fótabúnaði og höndum eða viðeigandi hlífðarfatnaður. Þar sem hross eru þjálfuð á vatnsbrettum eða í sundlaugum skal gæta sérstakra smitvarna. Hindra skal að sjúkdómsvaldandi bakteríur vaxi í vatni sem notað er við slíka þjálfun með grófhreinsun vatnsins og klórun eða annarri efnameðhöndlun og halda yfir það dagbók. Í dagbókina skal einnig skrá hvaða hross eru þjálfuð með þessum hætti og heilbrigði þeirra. Dagbókin skal aðgengileg eftirlitsaðilum í allt að tvo ár.

Sjúkdóma- og lyfjaskráningar

Hesteiganda ber að halda skrá yfir sjúkdóma og lyfjanotkun í hrossin og geta framvísað henni við eftirlit.

Einstaklingsmerkingar og hjarðbók

Öll hross skal örmerkja. Öll ásetningsfolöld skulu örmerkt fyrir 10 mánaða aldur. Umráðmenn hrossa eru einnig ábyrgir fyrir skráningu upplýsinga um hrossin í hjarðbók (WorldFeng).

Í dag hefur stærstur hluti hrossastofnsins verið örmerktur en örmerkið er eina gilda einstaklingsmerkingin. Við örmerkingu á leiðin að vera vís í hjarðbókina. Nokkuð er um að uppfærslu vanti á WorldFeng; ganga frá sölu, fella út gripi o.s.frv. sem er á ábyrgð hesteiganda.

Rými

Skemmsta hlið stíu skal ekki vera styttri en 150 sm fyrir folöld og trippi, og ekki styttri en 180 sm fyrir hross þriggja vetra og eldri. Stíur skulu ekki vera minni að flatarmáli en hér segir:

Hross, þriggja vetra og eldri 4,0 fermetrar.

Folöld og trippi, yngri en þriggja vetra 3,0 fermetrar.

Básar til tímabundinnar notkunar:

Lengd	165 sm
Breidd	110 sm

Dýraeftirlitsmenn:

Guðlaugur V. Antonsson,
vesturumdæmi.

Einar Kári Magnússon,
norðvesturumdæmi.

Sigtryggur Veigar Herbertsson,
norðausturumdæmi.

Ásdís Helga Bjarnadóttir,
austurumdæmi.

Óðinn Örn Jóhannsson,
suðurumdæmi.

Elín Bergsdóttir,
suðvesturumdæmi.

Austur-Húnavatnssýsla:

Samstarf um öfluga atvinnuuppbyggingu

Ragnheiður Elín Árnadóttir skrifaði á dögnum undir viljayfirlýsingu fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands um samstillt átak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu um eflingu atvinnulífs.

Hugmyndin er að gera það með nýtingu raforku sem framleidd

er í Blönduvirkjun. Markmiðið með átakinu er að efla atvinnulíf og samkeppnishæfni svæðisins og undirbúa uppbyggingu fyrir orkunýtingu Blönduvirkjunar og jafnframt vinna að markaðssetningu svæðisins fyrir iðnaðarkosti, svo sem fyrir gagnaver. /MPB

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

25% afsláttur á leikskólagjöldum og frítt fyrir elstu börnin

Sveitartjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur tekið ákvörðun um að elsti árgangur í leikskóla verði gjaldfrjáls og gjald fyrir vistun annarra árganga lækki um 25% fyrir átta tíma vistun.

„Við erum fyrst og fremst að hugsa um barnafjölskyldur í

sveitarfélaginu og svo spilar inn í sterk fjárhagsstaða sveitarfélagsins, við gætum þetta ekki öðruvísi,“ segir Björgvin Skafti Bjarnason oddviti.

Breytingarnar taka gildi 1. nóvember 2014. Níu börn eru í elsta árganginum og 25% afslátturinn nær til tuttugu og tveggja barna.

Kostnaður við verkefnið er um 2,4 m.kr. á ári.

„Ég sé fyrir mér að allur leikskólinn verði gjaldfrjáls, þetta er fyrsta skólastigið og stefnan á að sjálfsögðu að vera frír leikskóli, það er allavega stefnan í okkar sveitarfélagi,“ bætir Björgvin Skafti við. /MHH



Guðmundur Jóhannesson
Ábyrgðarmaður í nautgriparækt hjá RML
mundi@rml.is



Ungar nautsmæður – vit eða vitleysa?

Frá því að byrjað var að reikna kynbótamat í íslenskri nautgriparækt með einstaklingslíkani fyrir rétt um 20 árum hafa í auknum mæli verið teknir nautkálfar á stöð undan ungum kúm og þá gjarnan 1. eða 2. kálfur viðkomandi mæðra.

Þegar slíkt er gert vakna oft spurningar um hvort slíkt sé réttlæt看legt út frá því að upplýsingar um afurðagetu og endingu móðurinnar liggja ekki fyrir í sama mæli og hjá eldri kúnum. Á móti eru þau rök að yngri gripir eru erfðafræðilega betri og ef ungar kýr, sérstaklega 1. kálfs kvígur, eru útilokaðar sem nautsmæður þrengir það verulega nautsmæðravalið og minnkar hinn virka erfðahóp.

Hérlandis er reiknað kynbótamat eða kynbótaspá fyrir alla gripi og því fá gripirnir sína fyrstu spá u.þ.b. 1–6 mánaða gamlir. Þær kvígur sem hafa hæstu kynbótaspána á sínum búum eiga einkum og sér í lagi að koma til greina sem nautsmæður framtíðarinnar þar sem synir þeirra og nautsfeðra hafa háa kynbótaspá. Þannig tilkomnir nautkálfar koma því mjög til álita sem sæðinganaut framtíðarinnar.

Það lætur nærri að um þriðjungur kúnna sé fyrsta kálfs kvígur og með því að þær komi til greina sem nautsmæður stækkar sá hópur verulega, úrvalið verður sterkara og hinn virki erfðahópur stækkar eins og áður sagði. Oft spyrja menn eigi

Kynbótamat reyndra nauta fæddra 2004-2008

Flokkað eftir því hvort þeir voru fyrsti, annar eða seinni (3+) kálfur móður sinnar

	1. burður	2. burður	≥3. burður
Fjöldi	9	31	85
Kynbótamat			
Mjólk	109	110	109
Fitu %	98	106	103
Prót %	95	101	100
Afurðir	106	109	108
Frjósemi	99	94	97
Frumutala	109	109	105
Gæðaröð	103	98	98
Júgur	108	107	108
Spenar	111	105	112
Mjaltir	101	97	99
Skap	95	98	97
Ending	107	105	104
Kynbótaeinkunn	105	105	105

að síður hvort það sé réttlæt看legt að kaupa kálfa undan kúm sem ekki hafa sýnt sitt rétta andlit ef svo má að orði komast. Þetta er eðlileg spurning því þessir gripir hafa litlar sem engar upplýsingar um eigin getu þegar ákvörðun er tekin um kaup á nautkálfi undan þeim.

Á þeim tíma sem líður frá kaupum á nautkálfi og þar til hann kemur í sæðistöku bætast hins vegar við upplýsingar um yfirstandandi

mjólkurskeið móðurinnar. Hafi verið um 1. kálfs kvígu að ræða eru það hennar fyrstu afurðaupplýsingar og endanlegt val nautkálfsins byggir því á hennar frammistöðu að verulegu leyti.

En hvernig hefur svo tekist til við val nauta undan ungum kúm? Hafa þessi naut staðið sig betur eða lakar en synir þeirra kúa sem meiri upplýsingar liggja fyrir um á þeim tímapunkti að nautið var valið? Til

þess að svara þessu er rétt að skoða meðfylgjandi töflu þar sem sjá má kynbótamat reyndra nauta fæddra 2004–2008 flokkað eftir því hvort þeir voru fyrsti, annar eða seinni (3+) kálfur móður sinnar.

Það sem fyrst vekur athygli er hversu fá naut eru fyrsti kálfur móður sinnar, aðeins 9 af 125 nautum í þessum árgögnum eða 7,2%. Ef litið er á kynbótaeinkunnina kemur í ljós að enginn munur er milli nautanna hvort sem þeir eru 1., 2. eða 3. kálfur móður sinnar. Það bendir til þess, með ræktunarmarkmiðið í huga, að það breyti engu um endanlegt kynbótagildi nautanna hvort þeir eru 1., 2. eða 3. kálfur móður sinnar en flýti erfðaframbörum því þeim mun yngri sem móðirin er því styttra er ættliðabilið. M.ö.o. nautaval sem byggt er að mestu leyti á kynbótaspá skilar síst lakari niðurstöðu.

Ólíkt því sem hefði mátt vænta er endingarmat dætra nautanna herra eftir því sem móðir nautsins er yngri þrátt fyrir að upplýsingar um endingu móðurinnar séu ekki fyrir hendi þegar viðkomandi naut eru valin. Annað sem vekur athygli er að synir yngri kúnna virðast gefa dætur sem eru jógurhraustari, frjósamari og betri í mjóltum auk þess sem þær koma betur út í gæðaröðun. Þarna kann að vera að við val á nautum undan ungum kúm sé horft til þess að þær beri ungar, eða 24–28 mánaða gamlar, og séu því eðlisfrjósamari.

Þá má velta því fyrir sér hvort menn séu gagnrýnni á yngri kýrnar hvað snertir mjaltir og almenna umgengni og því skili synir þeirra kúm sem séu þægilegri og betri í mjóltum.

Varðandi júgur og spena er lítill sem enginn munur, helst að á 2. burði komi fram lakari spenagerð. Þar hlýtur þó frekar að vera um tilviljun að ræða en hitt.

Í afurðum er eilítil munur í efnainnihaldi á þann veg að synir yngri kúnna eru lægri í efnun en mjólkurlagnin er sú sama. Þetta gæti verið afleiðing þess að á bak við val nautanna undan ungu kúnum liggja ekki fyrir jafnmiklar og áreiðanlegar afurðaupplýsingar og hjá þeim eldri. Hins vegar er fjöldi nautanna ekki það mikill að óhætt sé að draga mjög víðtækar ályktanir.

Í heildina er eins og áður sagði mjög lítill munur á sonum eldri og yngri kúnna. Það þýðir að við eigum að horfa til yngri kúnna í auknum mæli til þess að hraða erfðaframbörum svo sem hægt er. Þrátt fyrir þetta og þá staðreynd að við höfum reynt að horfa til yngri kúnna við val á nautum eru aðeins 7% þeirra sem hér um ræðir fyrsti kálfur móður sinnar. Sambærilegt hlutfall er 46% í Noregi svo dæmi sé tekið. Ég vil því eindregið hvetja menn til þess að sæða efnilegar kvígur og ungar kýr með háa kynbótaspá eða –mat með nautsfeðrum með það í huga að bjóða nautkálfa á stöð.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Að vaða um allt á skítugum skónum

Nokkur umræða hefur verið um smitvarnir að undanfögnu í fjölmiðlum. Öll þessi umræða á fyllilega rétt á sér sama frá hvoru sjónarhorninu hún er skoðuð. Íslendingum hefur í gegnum árin tekist að halda frá ýmsum sjúkdómum vegna strangra laga og reglna um innflutning dýra. Það er vissulega hagur neytandans að kjöt sé til sölu á hagstæðu verði, en það er ekki hagur neins ef hugsanlega kæmi smitað kjöt til landsins og legðist á búfenað eða gæludýr um ókomna framtíð. Kjúklingabændur og gæludýraeigendur hafa hingað til sætt sig að mestu við lögin eins og þau eru, en samt kemur alltaf upp af og til smitveiki í dýrum, hrossum, fiðurfénaði og gæludýrum.



Það er ekki sjálfgefið að kjölturakkar og veiðihundar beri ekki með sér sjúkdóma og smiti ekki vinnuhunda.

Lítið land sem hefur sérstöðu
Í mörg ár hefur verið barist við

riðu, mæðuveiki og garnaveiki í sauðfé. Með mikilli vinnu og rannsóknnum hefur náðst góður

árangur í smitvörnum í sauðfé með varnargirðingum og ágætis forvarnavinnu. Hestapestin fyrir

nokkrum árum var viðvörun sem sýndi vel hvað getur gerst. Ef slakað er á í forvörnum til varnar smitsjúkdómum í dýrum hafa dæmin sýnt að sjúkdómar eru fljótir að fara um landið. Það er grátlegt að vita til þess að varnarveikigirðingar eru í lélegu ástandi og að ekki fáið fjármagn til þess að viðhalda þeim. Nú eru sauðfjárbændur að kaupa líflömb af ósýktum svæðum og er vert að skoða það aðeins. Að fara eftir reglum um ósýkt svæði er á ábyrgð þeirra sem inn á þau koma, það þarf að gera það með réttu hugarfarir og hugsa út í að koma ekki með eitthvað sem hugsanlega gæti borið með smit og skaðað ósýkta svæðið til framtíðarinnar.

Þarf að hugsa um framtíðina fremur en nú

Fyrir rúmu ári, þegar ég byrjaði að skrifa um forvarnir hér í

Bændablaðinu, var mér sögð saga sem mér verður oft hugsað til. Sagan er af bónda sem í mörg ár hefur fengið vin sinn til að hjálpa sér við smalamennsku. Eitt árið kom vinurinn með kjölturakka með sér nokkrum dögum fyrir smalamennsku á býlið. Eins og hundum er tamt byrjuðu þeir á að þefa af óæðri enda hvor annars. Sennilega hefur kjölturakkin verið með einhvern smitsjúkdóm því að smalahundur bónda varð nánast ónothæfur til smölunar sökum ormapestar og niðurgangs. Ekki er ólíklegt að kjölturakkin hafi verið orsökina að þessari pest. Óheftur innflutningur á dýrum og kjöti til landsins er eitthvað sem þarf að hugsa til enda. Sá sem mælir með því þarf fyrir mér að svara því hvort það sé 100% öruggt að ekki berist smit í dýr sem hugsanlega gæti breiðst út.

Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is



Verkefnastyrkir

Nefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna 2015 auglýsir styrki til verkefna árið 2015. Verkefnin þurfa að tengjast megintilgangi nefndarinnar, sem er:

- að minnast afmælisins
- að auka jafnréttis- og lýðræðisvitund þjóðarinnar
- að blása til nýrrar sóknar í jafnréttis- og mannréttindamálum

Við það skal miðað að styrkirnir verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög við verkefnin eða draga úr stuðningi annarra við þau. Úthlutanir verða í tvennu lagi.

Umsóknir á þessu ári þurfa að berast fyrir 15. nóvember til að hljóta afgreiðslu. Umsóknir um styrki á næsta ári verða auglýstar síðar. Umsóknareyðublöð fást rafrænt á vefsíðu afmælisnefndarinnar, www.kosningarettur100ara.is

Frekari upplýsingar veitir Ásta R. Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri nefndarinnar, í síma: 5630100 á skrifstofutíma, póstfang: arj@kosningarettur100ara.is

100 | KOSNINGARÉTTUR
ÁRA | KVENNA Á ÍSLANDI

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is



HAUGSUGUDÆLUR

Eigum til afgreiðslu Jurop haugsugudælar í ýmsum stærðum

6,500 lítra
9,500 lítra
11,000 lítra
13,500 lítra
15.000 lítra

Er gamla haugsugudælan í lagi?

Eigum til og getum útvegað varahluti í flestar gerðir haugsugudæla

Eigum einnig til gott úrval af haugsuguhlutum



www.VBL.is

LANDBÚNAÐUR ehf.
NB Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldurnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Núverandi ábúendur tóku við búi af foreldrum Hörpu 1999. Fénu var fjölgað og gömlu minkabúi, sem til var, breytt í fjárhús til viðbótar við 300 kinda hús sem fyrir voru.

Svo er verið að byggja núna aðeins í viðbót þannig að fénu fjölgar líklega eitthvað á næstunni.

Býli: Ytra-Vallholt.

Staðsett í sveit: Fyrrverandi Seyluhreppi í núverandi Sveitarfélaginu Skagafirði.

Ábúendur: Björn Grétar Friðriksson og Harpa Hrund Hafsteinsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Friðrik Snær, 13 ára, Hafsteinn Máni, 11 ára og Birta Lind, 2 ára.

Stærð jarðar? Um 250 ha.


Gerð bús? Blandað búi.

Fjöldi búfjár og tegundir? 600 kindur, 50 hross, 2 hundar, 3 kettir og 3 hænur.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Mjög misjafnt eftir árstíðum. Á veturna eru það gjafir og tamningar sem taka mestan tímann, á sumrin heyskapur og önnur tilfallandi verk.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Sauðburðurinn skemmtilegastur en biluð tæki og skítmokstur leiðinlegast.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár? Vonandi svipaður nema betra fé og betri hross.



Fjölskyldan.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Þau eru bara í góðu gengi.



Gletta.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Bara vel enda verið að framleiða úrvals vöru.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Lambakjöt og mjólkurvörur.



Sumar 2013.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, smjör, ostur og rabarbara-sulta.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Mjög misjafnt eftir heimilismeðlimum.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar fyrsta hrossið okkar fór í fyrstu verðlaun. Búin að eignast mörg fyrstu verðlauna-hross síðan en það toppar ekkert gleðina yfir þessu fyrsta.



MATARKRÓKURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Hollari hamborgarar og kótiletturnar hennar mömmu

Ekkert lát er á vinsældum hamborgarans. Hamborgarastaðir spretta upp eins og gorkúlur og margir velja að kaupa hamborgara fyrir fjölskylduna úti í búð. Í raun er hamborgarinn út af fyrir sig ekki óhollur en það eru hins vegar margar hitaeyningar í majonessósum og djúpsteiktum frönskum kartöflum sem mörgum finnst ómissandi þáttur í góðri hamborgaramáltíð.

Fyrir þá lesendur Bændablaðsins sem kjósa að gefa hamborgurinum frí fylgir uppskrift að gömlu góðu kótilettunum hennar mömmu sem svíkja engan.

En hvernig er hægt að gera hamborgarann hollari? Það eru nokkur ráð við því:

- Það er hægt að víxla sósum. Setja próteinríka gríska jógúrt eða marið avókadó í staðinn fyrir majónes.
- Nota heilhveitibollur í staðinn fyrir hvítt hamborgarabrauð.
- Gott og hollt er að bæta ferskum kryddjurtum í hamborgarann.
- Setjið spínat eða önnur græn vítamín, eins og selleri eða grænkál, sem álegg.
- Frábært er að hressa upp á hamborgarann með Sriracha eða Chipotle chili-sósum. Hægt er að blanda þeim við jógúrtina eða sýrða rjómann.
- Búðu til þín eigin ham-borgarabrauð með heilhveiti og slepptu öllum rotvarnarefnum.

Það er líka hægt að fara alla leið og nota kál í stað brauðs eða jafnvel setja kjötborgarann milli tveggja sneiða af kúrbít!

- Skiptið frönskunum út fyrir létteldaðar eða hráar gulrætur sem gott er að dýfa í jógúrtina eða sýrða rjómann.

Heimabakaðar hveitipönnukökur fyrir hamborgara „quesadilla burger“

Hráefni:

- › 260 g hveiti (2 bollar af hvítu hveiti)
- › 1 1/2 tsk. lyftiduft
- › 1 tsk. salt
- › 2 tsk. jurtaolía
- › 225 g heitt vatn (3/4 bolli)

Aðferð

Sameinið hveiti, lyftiduft og salt í skál. Í öðru ílátí sameinið heitt vatn og olíu.

Bætið við vatni/olíublöndu í hveitiblöndu, eina matskeið í einu og blandið deigið með gaffli. Þegar vatninu er blandað í, skal bæta við annarri matskeið af vatni og endurtaka ferlið þar til allt vatnið er komið út í deigið.

Þegar vatnið er komið út í verður deigið klístrað. Hnoðið í skálinni. Hveiti stráð á borð og deigið hnoðað í kúlur sem síðan eru flattar út með kökukefli. Þær eru síðan steiktar á pönnu eins og flatkökur og notað

